RAGNHEIÐUR ÁSTA GUÐNADÓTTIR
Gefur uppskrift að góðri skelfisks-pitsu
• matur • helgin
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

SIGRÍÐUR SOFFÍA NÍELSDÓTTIR
Spennandi grasrótarstarf
FÖSTUDAGUR FYLGIR Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

12. mars 2010 — 60. tölublað — 10. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Framtíðin ræðst

Þorsteinn Stephensen segir að framtíð Iceland Airwaves-hátíðarinnar ráðist í næstu viku.

FÓLK 28

Hef öðlast sjálfstraust

Marta Nordal leikkona er fertug í dag.

TÍMAMÓT 20

Misjöfnun

„Öllum má þó vera ljóst að mismunun í þágu jafnaðar sé samt mismunun," segir Pawel Bartoszek, sem skrifar um jafnrétti.

Í DAG 18

FH-ingar geta brosað

Eftir þrjú töp í röð fyrir meisturunum í vetur kom að því að FH vann Hauka.

ÍÞRÓTTIR 30

VEÐRIÐ Í DAG



ÚRKOMULÍTIÐ Í dag verður víðast fremur hæg vestlæg átt. Bjartviðri um suðaustan- og austanvert landið en annars skýjað og sums staðar dálítil súld. Hiti 2-8 stig.

VEÐUR 4

Uppskriftin að föstudagspizzunni er á **gottimatinn.is**

Eiga sextánhundruð milljarða í sparifé

Inneignir í bönkum nema sextánhundruð milljörðum. Peningamarkaðssjóðir hafa rýrnað og eru svipaðir að stærð og þeir voru fyrir tveimur árum. Hagfræðingur segir fólk fara varlega í eyðslu og kostir til fjárfestinga séu takmarkaðir.

FJÁRMÁL Um síðustu áramót voru inneignir í bönkum hér á landi tæplega sextánhundruð milljarðar króna. Sparifé hefur vaxið jafnt og þétt síðustu ár og kreppan hefur ekki haft áhrif þar á. Í september 2003 nam sparifé tæplega 469 milljörðum króna. Þetta kemur fram í bráðabirgðatölum frá Seðlabanka Íslands.

Peningamarkaðssjóðir rýrnuðu mjög við bankahrunið, úr 236 milljörðum í september 2008, í 99 milljarða í október sama ár. Á þeim eru nú tæplega 187 milljarðar, svipað og fyrir um tveimur árum. Almennt sparifé er um 380 milljarðar og eru 238 þeirra óbundnir, en 142 milljarðar á innlendum gjaldeyrissjóðum.

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra segir þessar upphæðir skýrast af því að fátt sé um aðra fjárfestingarkosti. Þá sé fjöldi útlendinga með fé fast inni í bönkunum. „Það er ekki hægt að segja að þetta sé óæskilegt, en þetta er ekki sú fjármögnun sem maður býst við að bankarnir hafi þegar til lengdar lætur. Þetta á eftir að færast í eðlilegra horf. Það er mjög mikilvægt að fólk fjárfesti í fleiru en að leggja fé inn á bankareikninga." Friðrik Már Baldursson, forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík, segir þetta dæmigert fyrir hagkerfi þar sem verðhjöðnun ríki. Fólk haldi að sér höndum. Þá sé markaður með hlutabréf ekki svipur hjá sjón og fólk treysti skuldabréfum fyrirtækja lítt.

- kóp / sjá síðu 6

FÓLKI VEIFAÐ Sebastian Pinera, sá með borðann, við hlið Jose Mujica, forseta Úrúgvæ, við vígsluna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jarðskjálfti skekur jörð í Chile:

Skjálfti undir nýjum forseta

HAMFARIR Jarðskjálfti af stærðinni 6,9 á Richter-kvarða skók hluta Chile síðdegis í gær. Fjöldi eftirskjálfta fylgdi í kjölfarið. Sá stærsti mældist 6,7 á Richter-kvarðanum. Upptök skjálftans voru um 140 kílómetra suður af borginni Valparaiso. Þar var staddur Sebastian Pinera, nýkjörinn forseti landsins, að taka við embætti.

Fréttaritari breska ríkisútvarpsins í Santíago segir byggingar hafa nötrað í skjálftanum og fólk hlaupið út á götum. Ekkert tjón er skrifað á skjálftann og þá sem fylgdu á eftir. Aðeins hálfur mánuður er síðan stór jarðskjálfti olli gríðarlegu tjóni í landinu. - jab

FORSETI ÍSLANDS AFHENTI SAMFÉLAGSVERÐLAUNIN Sigurgeir Guðmundsson formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar tók við Samfélagsverðlaunum Fréttablaðsins fyrir einstakt og óeigingjarnt sjálfboðastarf félagsins heima og erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins veitt í fimmta sinn:

Landsbjörg hlaut verðlaunin

FJÖLMIÐLAR Slysavarnafélagið Landsbjörg hlaut í gær Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins. Verðlaunafé nemur einni milljón króna.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu.

Verðlaunin eru veitt í fjórum flokkum auk heiðursverðlauna en þau komu í hlut Jóns Böðvarssonar sagnfræðings og kennara.

Hvunndagshetjan 2010 er gleðigjafinn André Bachmann. Verðlaunin hlýtur hann ekki síst fyrir frumkvæði sitt að árlegri jólaskemmtun fyrir fatlaða. Í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar vann Gauraflokkurinn í Vatnaskógi. Í Gauraflokknum býðst drengjum með ADHD sumarbúðadvöl sem löguð er að þörfum þeirra.

Hugarafl hlaut verðlaun í flokknum Til atlögu gegn fordómum. Innan þeirra vébanda starfa saman á jafnréttisgrunni notendur geðheilbrigðisþjónustu og fagfólk.

- st / sjá síðu 10

Ný grínsýning á næsta ári:

Fóstbræður á leikhúsfjalirnar

FÓLK Grínhópurinn Fóstbræður snýr aftur eftir langt hlé þegar nýtt leikverk úr smiðju hans verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu í mars á næsta ári. Allur upprunalegi hópurinn kemur að sýningunni sem verður leikstýrt af Benedikt Erlingssyni. „Við komumst að því að við erum ekki dauð úr öllum æðum þegar við byrjuðum að vinna að þessu," segir Þorsteinn Guðmundsson, talsmaður Fóstbræðra. Leiksýningin verður í formi stuttra leikinna atriða líkt og sjónvarpsþættirnir forðum daga.

- fgg/ sjá síðu 34

SPURNING DAGSINS



Er Jökullinn kominn aftur á skrið?

„Hann hefur alltaf verið á fullu skriði og verður síðasti jökullinn til að hverfa."

Trommuleikarinn Halldór Lárusson hefur haldið úti vefsíðunni trommari.is. Umfjöllun um goðsögnina Gunnar Jökul Hákonarson á síðunni hefur dregið dilk á eftir sér og stefnt er að minningartónleikum í haust.

Flugumferðarstjórar eru óhressir með boðaða lagasetningu en bjartsýnir:

Segjast hafa loforð um betri tíð

SAMGÖNGUR Formaður Félags flugumferðarstjóra segist telja sig hafa „loforð um að eitthvað þokist" á næstu dögum, í kjaradeilu félagsins við opinbera hlutafélagið Flugstoðir. Ríkisstjórnin hafi gefið fyrirheit um að „menn með óskorað samningsumboð" komi að borðinu.

Þetta segir formaðurinn, Ottó Garðar Eiríksson, en flugumferðarstjórar aflýstu í gær verkfalli, sem hefði haft áhrif á flugsamgöngur í dag og á mánudag, eftir að ríkisstjórnin ákvað að setja lög á verkfallið.

KRISTJÁN L. MÖLLER

Ottó tekur ekki undir að flugumferðarstjórar hafi verið þvingaðir til að hætta við verkfallið, enda hafi þeir fyrrgreint vilyrði.

Spurður hver hafi lofað þessu, segir hann erfitt að gefa það upp. Hann segir aðspurður að það hafi ekki verið samgönguráðherra.

Kristján Möller samgönguráðherra var í gær ánægður með ákvörðun flugumferðarstjóra en kannaðist ekki við tilboð frá ríkisstjórninni. Það væri viðsemjenda að svara fyrir samningaferlið: „Við höfum ekki lofað neinu. Það er ekkert svoleiðis í gangi."

Kristján hafði rætt við stjórnarandstöðuna um lagasetninguna og sagði formenn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokka hafa ætlað að styðja hana. Hreyfinguna taldi hann hafa ætlað að sitja hjá. „Það var því víðtækur stuðningur við þessa lagasetningu," segir hann. - kóþ

Á að svara til saka í Póllandi:

Auschwitz-Svíi framseldur

SVÍÞJÓÐ Héraðsdómur Stokkhólms hefur úrskurðað að sænskur maður, Anders Hogstrom, skuli framseldur til Póllands vegna gruns um að hann hafi stuðlað að því að frægu skilti Auschwitz-fangabúðanna var stolið í lok árs.

BBC segir að dómari hafi gert það að skilyrði framsals að Hogstrom afplánaði hugsanlegan dóm í Svíþjóð. Pólverjar féllust á það.

Hogstrom er 34 ára fyrrum leiðtogi ný-nasista í Svíþjóð en neitar sök í málinu. Hann mun líklega áfrýja úrskurðinum. - kóþ

ÞÝFI ÞJÓFAGENGIS Lögreglan með þýfi sem fannst hjá þjófagenginu.

FRETTABLADID/PJETUR

Handtekin á Laugavegi:

Grunuð um búðaþjófnað

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á fertugsaldri og tvær stúlkur um tvítugt voru handtekin á Laugavegi í gærdag grunuð um stórfelldan þjófnað úr verslunum.

Verslunareigendur og vegfarendur gerðu lögreglu viðvart, þar sem atferli fólksins var talið grunsamlegt. Stúlkurnar og maðurinn höfðu þá farið í nokkrar verslanir í miðborginni og lék grunur á að þau hefðu stolið vörum úr þeim.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu er um síbrotafólk að ræða. Fólkið var handtekið og fært á lögreglustöð. - jss

PENINGAMÁL

Króna stendur eins og í júní

Gengi krónu styrktist í gær um 0,33 prósent og hefur hún ekki verið sterkari síðan snemma í júní í fyrra. Gengisvísitalan var í lok dags 228,7 stig. Evran kostaði 173,6 krónur, Bandaríkjadalur 126,9 og danska krónan 23,3. Þá kostaði sterlingspundið 191,2 krónur.

Níu mánaða borgi sig inn á Latabæjarhátíð

Tveggja barna móðir sem ætlaði á Latabæjarhátíðina í Höllinni segir fáránlegt að þurfa að greiða fullt verð fyrir níu mánaða dóttur. Gefum ekki vörur, segir framkvæmdastjóri Bravó og ráðleggur fólki að koma ekki með svo ung börn.

SKEMMTANIR „Þetta er fáránlegt. Ég er ekkert smá reið," segir Anna Vallý Baldursdóttir sem komst að því að hún þurfti að greiða fullt verð fyrir aðgöngumiða handa níu mánaða dóttur sinni á fyrirhugaða Latabæjarhátíð.

Anna segist hafa ætlað með fjögurra ára dóttur sína á Latabæjarhátíðina sem verður í Laugardalshöll síðar í þessum mánuði. Þar sem hún sjálf búi í Garðinum en foreldrar hennar á Akranesi hafi verið fyrirsjáanlegt að hún myndi lenda í vandræðum með pössun fyrir níu mánaða dóttur.

„Ég hringi til að spyrja hvort ég þyrfti nokkuð að borga fyrir þessa níu mánaða og var þá strax sagt að ég þyrfti að borga fullt gjald, 2.900 krónur. Engu máli myndi skipta þótt ég myndi hafa hana í fanginu allan tímann," segir Anna sem er ósátt og kveður fleiri á sömu skoðun. „Ég hef rætt þetta við fólk og það á enginn til orð."

ÍSLEIFUR B. ÞÓRHALLSSON.

Ísleifur B. Þórhallsson, framkvæmdastjóri Bravó, sem skipuleggur Latabæjarhátíðina, segir um afar vandaðan og dýran atburð að ræða og að fyrirtækið þurfi að reyna að lifa af eins og önnur fyrirtæki.

„Það þarf að borga fyrir allt í þessum heimi," segir Ísleifur. „Þetta er vara eins og önnur vara og það kostar inn á tónleikana. Þú getur ekki farið inn í Hagkaup og tekið barnamat fyrir sex mánaða barn úr hillunni án þess að borga fyrir það."

ANNA VALLÝ BALDURSDÓTTIR hætti við að fara á Latabæjarhátíðina með dæturnar þegar hún áttaði sig á að greiða þurfti fullt verð fyrir þá yngri sem er aðeins níu mánaða.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þess utan segir Ísleifur að Latabæjarhátíðin sé alls ekki ætluð fyrir níu mánaða gömul börn. „Það verður mikið sjónarspil og mikil læti. Þetta er rangur staður fyrir börn á þessum aldri," segir hann.

Þá útskýrir Ísleifur að aðeins hafi verið gefið leyfi fyrir ákveðnum fjölda inn í Höllina. Það séu um fimm þúsund manns sem selja megi inn.

„Við værum að brjóta öll lög og reglur ef við værum að hleypa einni manneskju inn í húsið sem væri ekki með miða. Það skiptir engu máli hvort viðkomandi er sex mánaða eða sextíu ára. Ef við værum að gefa barninu þennan miða þá værum við bara að gefa henni þrjú þúsund krónur af því að við getum ekki selt miðann eitthvert annað," segir Ísleifur sem kveðst búast við að það verði „pakkuppselt" á Latabæjarhátíðina.

Að sögn Ísleifs hafa fleiri en Anna gert athugasemdir við að þurfa að borga miða fyrir svo ung börn. „En það sem er einstakt í þessu tilfelli er að þessi kona vill ekkert hlusta á það sem við erum að útskýra heldur er bara hörð á því að hún eigi fullan rétt á að fá vöru frá okkur ókeypis."

gar@frettabladid.is

EYJAFJALLAJÖKULL Þar hafa fjölmargir jarðskjálftar mælst síðustu vikuna.

Óvissustigi er viðhaldið:

Enn skelfur í Eyjafjallajökli

JARÐVÁ Skjálfti af stærð 3,0 til 3,1 mældist í Eyjafjallajökli síðdegis í gær. „Er það með stærstu skjálftum sem mælst hafa í Eyjafjallajökli frá áramótum," segir á vef Veðurstofu Íslands.

Skjálftinn í gær er sagður hafa fundist vel við Gýgjökul, nærri skjálftamiðjunni. „Smáskjálftavirknin er áfram stöðug og á 7 til 11 kílómetra dýpi," segir Veðurstofan.

Að sögn lögreglunnar á Hvolsvelli er enn í gildi óvissustig Almannavarna vegna óróans sem hefur verið í jöklinum frá því í síðustu viku. - óká

Hæstiréttur vitnar í hættumat:

Mansalsmenn áfram í gæslu

DÓMSTÓLAR Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjaness um að dæmdir mansalsmenn skuli sæta gæsluvarðhaldi þar til dómur í máli þeirra hefur gengið í Hæstarétti.

Fimm Litháar, sem héraðsdómur dæmdi í fimm ára fangelsi fyrir mansal, kærðu dóminn til Hæstaréttar. Þeir höfðu í héraði verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald þar til dómur gengi í Hæstarétti. Tveir þeirra kærðu gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms til Hæstaréttar, sem vísaði til hættumats greiningardeildar ríkislögreglustjóra þar sem fram kemur að vitnum í málinu stafi hætta af mönnunum. - jss

Ríki og borg taka höndum saman um námskeiðahald fyrir ungt fólk:

Virkja atvinnulaus ungmenni

ATVINNUMÁL Ríki og borg undirrituðu í gær viljayfirlýsingu um að blása til námskeiðahalds fyrir atvinnulaust fólk á aldrinum sextán til 24 ára. Samstarfið byggir á áherslum Reykjavíkurborgar í atvinnumálum ungs fólks og stefnu félagsmálaráðuneytisins „ungt fólk án athafna".

Markmið námskeiðanna er að stuðla að aukinni virkni þessa hóps og verður lögð áhersla á að efla sjálfstraust þeirra, styrkja félagsfærni og styðja við náms- og atvinnuleit. Þá verður horft til þess að þróa úrræði innan hverfa borgarinnar og verður Breiðholtshverfi prófsteinninn, en þar eru á þriðja hundrað manns í þessum aldurshópi án atvinnu.

Íþrótta- og tómstundasvið, Vinnumálastofnun og þjónustumiðstöðvar skipuleggja námskeiðin í samráði við Rauða kross Íslands og aðra samstarfsaðila í einstökum hverfum. Með samstarfinu opnast ný tækifæri til að styðja við ungmennin og nýta tækifæri sem fyrir eru í hverfunum eins og tómstunda-, mennta-, menningar- og íþróttatilboð. Enn fremur verður leitað samstarfs við fyrirtæki og félagasamtök.

SAMSTARF RÍKIS OG BORGAR Oddný Sturludóttir, formaður atvinnumálahóps Reykjavíkurborgar, Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri og Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar.

Námskeiðin eru tilraunaverkefni og verður árangur þeirra metinn með reglulegu millibili á framkvæmdatímanum sem er eitt ár. - shá

Símatilboð Nova snerta við öllum!

2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir!
Gildir í áskrift og frelsi.

Vinsælasti snertisíminn

Nokia 5230

Útborgun: 9.990 kr.
Afborgun: 2.000 kr. á mán. í 12 mán.
2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.

33.990 kr./stgr.

Flottasti snertisíminn

iPhone 3GS

Útborgun: 0 kr.
Afborgun: 9.900 kr. á mán. í 18 mán.
2.000 kr. notkun á mán. í 18 mán. fylgir.

146.990 kr./stgr.

2.000 kr. notkun á mánuði í 18 mán. fylgir!
Gildir í áskrift og frelsi.

Netið í símann 1 GB/mán. fylgir út 2010!

Ódýrasti snertisíminn

Huawei U7510

Útborgun: 0 kr.
Afborgun: 2.000 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.

24.000 kr./stgr.

1.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir!
Gildir í áskrift og frelsi.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr. /mán. greiðslugjald. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

DAGUR & STEINI

GENGIÐ 11.03.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	127,09	127,69
Sterlingspund	190,90	191,82
Evra	173,50	174,48
Dönsk króna	23,314	23,450
Norsk króna	21,626	21,754
Sænsk króna	17,830	17,934
Japanskt jen	1,4048	1,4130
SDR	194,47	195,63

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
229,0912
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skoðanakönnun bendir til að landsmenn séu jákvæðir í garð íslenskra fyrirtækja:

Fyrirtæki fá traustsyfirlýsingu

SKOÐANAKÖNNUN Íslendingar eru jákvæðir í garð íslenskra fyrirtækja og þeir treysta vinnuveitendum sínum, er niðurstaða könnunar sem Capacent Gallup gerði fyrir Samtök atvinnulífsins.

Forsvarsmenn SA telja niðurstöðurnar uppörvandi og sýni þær að þrátt fyrir áföll í atvinnulífinu og „mjög neikvæða umræðu á köflum ber almenningur mikið traust til íslenskra fyrirtækja og er jákvæður í garð atvinnurekstrar. Ímynd atvinnulífsins er því fjarri því að vera eins skömmduð og talið hefur verið.“

Nærri 88 prósent aðspurðra eru jákvæð gagnvart sínum vinnustað – en aðeins rúm fjögur prósent neikvæð. Þá ber rúmlega 81 prósent Íslendinga mikið traust til síns vinnuveitanda en tæp sjö prósent bera til hans lítið traust.

Þegar spurt er um ímynd fyrirtækja eru 72,5 prósent jákvæð í garð íslenskra fyrirtækja – aðeins 9,4 prósent eru neikvæð.

Jákvæðni fólks mældist mest úti á landi en minnst í Reykjavík. Annars mældist lítill munur milli hópa, hvort sem greint var eftir kynjum, aldri eða tekjum. **- shá**



Hæstiréttur Íslands:

Sneri við dómi um blaðamenn

DÓMSMÁL Hæstiréttur sneri í gær dómi héraðsdóms í máli Reynis Þórs Róbertssonar gegn Sigurjóni M. Egilssyni, þá ritstjóra DV, og Erlu Hlynsdóttur blaðamanni.

Reynir var á sínum tíma ákærður fyrir kókaínsmygl og var nefndur kókaínsmyglari í DV í júlí 2007. Síðar var Reynir sýknaður af ákærunni.

Héraðsdómur taldi að fréttin hefði átt erindi við almenning, þrátt fyrir sýknuna en að Reynir hafi ekki verið fundinn sekur og því séu ummælin ómerk. **- kóþ**

FORSTJÓRI ÖSSURAR Gengi hlutabréfa stoðtækjafyrirtækisins Össurar hefur aldrei verið hærra en nú. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bréf á hlutabréfamarkaði:

Gengi Össurar í hæstu hæðum

VIÐSKIPTI Gengi hlutabréfa Össurar hækkaði um 2,82 prósent í Kauphöllinni í gær og endaði í 182 krónum á hlut. Gengið hefur aldrei verið hærra í krónum talið. Það hefur hins vegar verið hærra miðað við Bandaríkjadal.

Sömu sögu er að segja um bréf Össurar, sem skráð voru á hlutabréfamarkað í Kaupmannahöfn í september í fyrra. Þau enduðu í átta dönskum krónum á hlut í gær og jafngildir það sextíu prósenta hækkun frá í september.

Mikil hreyfing hefur verið á hlutabréfunum ytra og erlendir fjárfestar sóst mjög eftir því að kaupa þau. Innlendir fjárfestar hafa því fremur selt bréf sín ytra en hér enda verðið þar hagstæðara. **- jab**

LEIÐRÉTTING

Um 100 börn bíða eftir fyrstu komu á göngudeild barna- og unglingageðdeildar, BUGL, en ekki innlögn eins og sagði í frétt Fréttablaðsins í gær. Um 60 mál barna- og ungmenna hafa komið til bráðateymis BUGL það sem af er ári, eins og sagði í fréttinni, en þau voru ekki lögð inn í bráðainnlögn eins og sagði í undirfyrirsögn.

Meta hvort útgerðin þoli fyrningu kvóta

HA aflar upplýsinga um skuldastöðu útgerðarinnar og metur hvort hún þolir fyrningu kvóta. Formaður starfshóps um endurskoðun kvótakerfisins segir áform endurmetin ef ástæða er til. Fjárhagslegum stöðugleika verði ekki raskað.

STJÓRNMÁL Sérfræðingar Háskólans á Akureyri vinna nú að úttekt á skuldastöðu útgerðarfyrirtækja og er ætlað að meta í framhaldinu hvort þau þola fyrningu aflaheimilda. Til grundvallar liggja hagtölur sjávarútvegsins og trúnaðarupplýsingar úr bönkum.

Verkið er unnið fyrir starfshóp sjávarútvegsráðherra um endurskoðun á lögum um fiskveiðistjórnun.

Að sögn Hreiðars Þórs Valtýssonar, forstöðumanns Sjávarútvegsmiðstöðvar skólans, er nú beðið tilteknna gagna frá Hagstofunni. Þegar þau hafa borist taki tiltölulega lítinn tíma að ljúka verkinu.

Starfshópur ráðherra vinnur á grundvelli stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar en þar er meðal annars kveðið á um að leggja eigi grunn að innköllun og endurráðstöfun aflaheimilda. Hagsmunaaðilar í sjávarútvegi, með Landssamband íslenskra útvegsmanna í fararbroddi, hafa mótmælt þeim áformum harðlega og sagt þau ganga af greininni dauðri.

GUÐBJARTUR HANNESSON

Guðbjartur Hannesson, formaður starfshópsins, segir ekki standa til að koma fyrirtækjum í vandræði. Ekki eigi að raska fjárhagslegum grunni greinarinnar. „Við höfum alltaf lagt þetta þannig upp að við munum skoða þetta og endurmeta ef hlutirnir ganga ekki upp. Hins vegar held ég því fram að þetta sé hægt en við skulum bíða og sjá hvað kemur út úr þessu.“

Starfshópurinn hefur ýmsa anga fiskveiðistjórnunarinnar til skoðunar. Framkvæmd leiguviðskipta með kvóta verður skoðuð, sérstakur undirhópur fjallar um eignaréttarákvæði stjórnarskrárinnar og ennfremur er verið að máta hugmyndafræði um nýtingu annarra auðlinda við fiskveiðistjórnunina. Útgangspunktur er þó áframhaldandi aflamarkskerfi, ekki stendur til að meta kosti og galla sóknarkerfis.

bjorn@frettabladid.is

Á VEIÐUM Starfshópur sjávarútvegsráðherra horfir til allra átta við endurskoðun sína á fiskveiðistjórnunarlöggjöfinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SJÓNARMIÐ ÚTGERÐARINNAR HEYRAST

LÍÚ og Samtök fiskvinnslustöðva hafa sagt sig frá störfum starfshópsins í mótmælaskyni við frumvarp sjávarútvegsráðherra um skötusel. Guðbjartur segir það miður en lýsir ábyrgðinni á viðkomandi samtök. LÍÚ hafi tekið sína ákvörðun vegna mála er ekki varða nefndina og án þess að nokkur ágreiningur hefði risið innan hennar. Fiskvinnslan væri greinilega að styðja útgerðina. Hann hafnar því að rangt sé af ráðherra að gera breytingar á fiskveiðistjórnunarlöggjöfinni á meðan starfshópurinn er að störfum. Sumu þurfi nauðsynlega að breyta. Nefndin horfi hins vegar til langs tíma. Hann segir að þó LÍÚ hafi sagt sig frá starfinu heyrist sjónarmið útgerðarinnar innan nefndarinnar. „Fullt af útgerðarmönnum hafa skoðanir og eru tilbúnir til að vinna með okkur og við fetum þá leið ef samtökin eru ekki með.“

Joe Biden á ferð í Ísrael:

Vill blása lífi í friðarviðræður

UTANRÍKISMÁL Joe Biden, varaforseti Bandaríkjanna, segir mikilvægt að blása lífi í friðarviðræður fyrir botni Miðjarðarhafs á milli Ísraela og Palestínumanna. Deilur um nýja 1.600 íbúða byggð Ísraela í austurhluta Jerúsalem megi ekki setja stein í götu þeirra. Friðarviðræðurnar hafa nú verið á salti í rúmt ár.

JOE BIDEN

Varaforsetinn er nú staddur í Ísrael og ræðir við ráðamenn beggja vegna samningaborðsins. Hann sagði í fyrirlestri við háskólann í Tel Aviv í gær Ísraela meðal bestu vina Bandaríkjamanna. Þeir mættu hins vegar ekki bregðast traustinu, sem á þá væri lagt. **- jab**

Maður á þrítugsaldri ákærður:

Hótaði lögreglumönnum lífláti

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann á þrítugsaldri fyrir hótanir í garð lögreglu, þar sem hann hótaði meðal annars að slátra lögreglumönnum.

Maðurinn var á leið í lögreglubifreið að lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Hann hótaði tveimur lögreglumönnum sem voru í bílnum líflláti og ofbeldi. Öðrum kvaðst hann ætla að slátra, samkvæmt því sem segir í ákæru. Síðan kvaðst hann ætla að koma heim til hins lögreglumannsins og berja hann. Hann sagði við lögreglumennina að hann ætti ekki í neinum vandræðum með að slátra þeim. **- jss**

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

HELGARHORFUR
Helgin lítur bara vel út en það mun víðast ríkja hægviðri og áfram verður milt í veðri syðra. Á morgun verður slydda eða snjókoma norðanlands en á sunnudag fer að rigna sunnan- og suðvestanlands og þá dregur úr úrkomu norðantil.



HEIMURINN

Alicante	11°
Basel	6°
Berlín	3°
Billund	4°
Frankfurt	6°
Friedrichshafen	3°
Gautaborg	3°
Kaupmannahöfn	3°
Las Palmas	20°
London	8°
Mallorca	12°
New York	12°
Orlando	22°
Ósló	1°
París	8°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	0°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

SPILUM SAMAN

Nu har vi det hyggeligt!

EKTA DANSKT SMØRREBRØD
579 kr/stk.

TILBOÐ **698** kr/kg
Verð áður 998.-

Svínasíða
ribbensteg

TILBOÐ **998** kr/kg
Verð áður 1.798.-

Hamborgarhryggur
með beini

TILBOÐ **1.998** kr/kg
Verð áður 3.498.-

Nauta entrecote
danskt

TILBOÐ **599** kr/kg
Merkt verð 998.-

Sveitakjúklingur
kryddaður að dönskum sið

Ljúffengar
og matarmiklar
danskar súpur

Direkte fra Danmark

Tulip álegg
í úrvali

Direkte fra Danmark

Gott verð **798** kr/stk

Jaka Bov skinka

Direkte fra Danmark

Eplaskífur
20 stk. í poka, frystivara

Nyheder på

Gott verð **599** kr/pk

Maizena tilbúið kökudeig
þarf aðeins að setja í form og baka í ofni

Direkte fra Danmark

Gott verð **199** kr/pk

Jacob´s pítubrauð
fín og gróf

Direkte fra Danmark

Gott verð **199** kr/pk

Samba súkkulaðibollur
2 tegundir

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

50 ára **HAGKAUP**
fyrir Íslendinga í 50 ár

KJÖRKASSINN



Vilt þú að Ögmundur Jónasson setjist aftur í núverandi ríkisstjórn?

Já	49,6
Nei	50,4

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Myndir þú styðja lagasetningu gegn hugsanlegu verkfalli flugumferðarstjóra?

Segðu skoðun þína á Vísi.is VÍSIR

Framkvæmdastjóri SA segir kynjahlutfallaákvæði ganga gegn rétti minni hluthafa:

Stjórnarkjör verða marklaus

VIÐSKIPTI Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, telur að nýsett lagaákvæði um kynjahlutföll í stjórnum hlutafélaga og einkahlutafélaga stríða gegn rétti minnihluta í hlutafélögum. Bent hafi verið á þá annmarka við meðferð Alþingis á frumvarpi um málið en litið hafi verið fram hjá sjónarmiðum samtakanna.

„Við höfum gengið mjög langt í að tryggja rétt minnihluta í hlutafélögum og það er gert með atkvæðagreiðslum," segir Vilhjálmur. „Á sama tíma er ekki hægt að ákveða útkomu úr slíku ferli með tilliti til kynja."

Stjórnarkjör verði því að vissu leyti marklaus því ekki sé víst að niðurstaða úr slíkum atkvæðagreiðslum standist ákvæði nýsettra laga um kynjahlutföll. Óljóst sé hver eigi að bera ábyrgð á að niðurstaða leynilegrar atkvæðagreiðslu samræmist kynjahlutfallalögunum.

Vilhjálmur segir að sama eigi við um hugmyndir um persónukjör til Alþingis. Engin leið sé að tryggja fyrirfram tiltekið kynjahlutfall. „Við viljum að konum fjölgi í stjórnum hlutafélaga. Það þarf hins vegar að gerast með öðrum hætti en lagasetningu og þá helst með því að hvetja til þess og gera um það samkomulag. - bþs

VILHJÁLMUR EGILSSON Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Breskur „Fritzl" kominn fram:

Eignaðist börn með dætrunum

BRETLAND Bresk yfirvöld hafa beðið tvær konur á fertugsaldri opinberlega afsökunar á því að hafa brugðist þeim. Þegar konurnar voru á barnsaldri í kringum 1980 hóf faðir þeirra að beita þær líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi, sem stóð yfir fram á haustið 2008. Konurnar gátu föður sínum níu börn.

Í nýrri skýrslu kemur í ljós að rúmlega hundrað eftirlitsaðilar hins opinbera höfðu afskipti af fjölskyldunni en hunsuðu tilkynningar um misnotkun. - jab

Peningamagn og tengdir liðir

Peningamagn og sparifé



Peningamagn og almennt sparifé



Athygli skal vakin á að um sitthvorn kvarðann er að ræða á lóðrétta ásnum. Tölurnar frá september 2008 eru bráðabirgðatölur. Upphæðirnar á línuritinu til hægri eru hluti af línuritinu til vinstri.

Þá er inni í báðum upphæðum grunnfé, sem var í desember 2009 92 milljarðar í innstæðum innlánsstofnana og 29 milljarðar í seðlum og mynt.

HEIMILD: SEÐLABANKI ÍSLANDS

Sparifé í íslenskum bönkum hleðst upp

Inneignir á ýmis konar reikningum í íslenskum bönkum nema um sextánhundruð milljörðum. Hagfræðingur segir að fólk haldi að sér höndum í verðhjöðnun. Spariféð hefur aukist jafnt og þétt og hefur kreppan engin áhrif haft.

FJÁRMÁL Sparifé hefur aukist jafnt og þétt síðustu árin og frá mars 2007 til desember 2009 tvöfaldaðist það. Um áramótin voru tæplega sextánhundruð milljarðar á ýmis konar reikningum, samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum.

Tæplega 710 milljarðar eru í bundnum innlánum og af því um 187 milljarðar í peningamarkaðssjóðum. Þeir rýrnuðu mjög við bankahrunið, fóru úr 236 milljörðum í september 2008 í 99 í október sama ár. Engu að síður er hærri upphæð í þeim sjóðum nú en var í febrúar 2008.

Á verðtryggðum reikningum eiga landsmenn 219 milljarða og um 74 á innlánsreikningum vegna viðbótar-lífeyrissparnaðar, svo dæmi séu tekin.

Almennt sparifé landsmanna reiknast rúmlega 380 milljarðar króna. Um 238 milljarðar eru óbundnir og 142 milljarðar á innlendum gjaldeyrisreikningum.

FRIÐRIK MÁR BALDURSSON

Friðrik Már Baldursson, forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík, segir ástandið í raun dæmigert fyrir hagkerfi þar sem verðhjöðnun ríkir. „Það má lýsa því þannig að þeir sem eiga peninga vilja sennilega halda öllum möguleikum opnum og á meðan þeir gera það, og nota ekki peningana til fjárfestingar og neyslu, þá hlaðast þeir upp á bankabókinni."

Friðrik segir þetta líka endurspegla hve fáa kosti fólk hefur til að ávaxta sitt pund. Í raun sé aðeins um innlánsreikninga og ríkisskuldabréf að ræða. „Flestir halda að sér höndum og eru hræddir við að fjárfesta í skuldabréfum fyrirtækja, að ég tali nú ekki um hlutabréf. Markaðurinn er náttúrulega ekki svipur hjá sjón. Þetta eru því annars vegar bankarnir og hins vegar ríkisskuldabréfin."

Þá séu vextir á ríkisskuldabréfum ekki það háir, þannig að fólk haldi peningunum á innlánsreikningum. Það eigi einnig við um fyrirtæki. Þá megi ekki gleyma því að hluti upphæðar sem áður var í jöklabréfum, í eigu erlendra aðila, sé inni í þessari tölu.

Friðrik segir að kannanir Seðlabankans bendi til að flest heimili séu ágætlega stödd. Atvinnuleysi hafi vissulega aukist og greiðsluvandræði einnig, en flestir séu þokkalega staddir.

kolbeinn@frettabladid.is

Lögreglurannsókn á broti gegn lögreglumanni var færð milli embætta:

Ákært í annað sinn í sama máli

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært tæplega þrítugan mann í annað sinn fyrir að hafa slegið lögreglumann á Fáskrúðsfirði í andlitið með flötum lófa.

Héraðsdómur Austurlands hafði vísað fyrri ákærunni í málinu frá dómi, þar sem hann taldi embætti lögreglustjórans á Eskifirði vanhæft til að rannsaka það þar sem lögreglumaðurinn sem fyrir árásinni varð vann hjá því embætti. Hæstiréttur staðfesti frávísunina. Í kjölfar þess var aftur hafin rannsókn á málinu, nú hjá lögreglunni á Seyðisfirði. Það er á grundvelli niðurstöðu þeirrar rannsóknar sem ríkissaksóknari ákærir manninn nú. Eins og Fréttablaðið hefur fjallað mun fjölskipaður Hæstiréttur eyða í maí óvissu um það hvort eðlilegt sé að brot gegn lögreglumönnum séu rannsökuð af samstarfsmönnum þeirra hjá sama embætti.

HÆSTIRÉTTUR Mun á næstunni eyða réttaróvissu varðandi rannsóknir á brotum gegn lögreglumönnum.

Hæstiréttur hefur kveðið upp fjóra misvísandi dóma um þetta atriði og fór ríkissaksóknari vegna þess fram á að fimm manna dómur myndi dæma í enn einu slíku máli til þess að fyrir liggi skýr afstaða réttarins í eitt skipti fyrir öll. Við því hefur verið orðið. -jss

ÉG ER ALLTAF AÐ SPARA

Hvað með þig?

15% AFSLÁTTUR AF BÍLATENGDUM VÖRUM OG HJÓLBARÐAÞJÓNUSTU

Þar af 3% í punktum

-3 KR. +2 PUNKTAR FYRIR HVERN ELDSNEYTISLÍTRA

1 PUNKTUR = 1 KRÓNA

N1 punktar

jafngilda krónum í öllum viðskiptum hjá N1. Við bjóðum líka reglulega upp á tilboð þar sem hægt er að margfalda gildi punktanna.

Opið allan sólarhringinn
Hringbraut, Ártúnshöfða og Lækjargötu, Hafnarfirði

24

Bjóðum ykkur velkomin á 120 stöðum um land allt

N1 býður upp á yfirgripsmesta þjónustunet landsins. Við tökum vel á móti þér á meira en 120 útsölustöðum hringinn kringum landið. Komdu í heimsókn, nýttu þér vöruúrvalið, fylltu á tankinn eða fáðu þér bita!

Hlökkum til að sjá þig!

SPILUM SAMAN

SKRÁÐU ÞIG!
Opnum fyrir nýjar skráningar á n1.is í takmarkaðan tíma.

Fíton/SÍA

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir skopmyndateiknarinn sem tekur til starfa á Fréttablaðinu um næstu mánaðamót?*

2 *Hvað heitir barnastjarnan fyrrverandi sem lést á miðvikudag?*

3 *Hvaða lið varð Íslandsmeistari í íshokkí?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Háskólinn í Reykjavík og MIT leiða saman hesta sína á frumkvöðlaráðstefnu:

Frumkvöðlar gegn kreppu

RÁÐSTEFNA Ein stærsta frumkvöðlaráðstefna heims verður haldin í Reykjavík dagana 24. til 26. mars. Hún er haldin í samstarfi MIT-háskólans í Boston, Háskólans í Reykjavík og Innovit.

MIT hefur haldið slíka ráðstefnu árlega undanfarin tólf ár, síðast í Suður-Afríku. Búist er við að hátt í þrjú hundruð frumkvöðlar, fjárfestar, stjórnmálamenn, háskólakennarar og nemendur víða að úr heiminum mæti á ráðstefnuna. Í þeim hópi eru Robin Chase, stofnandi og fyrrverandi forstjóri Zipcar og GoLogo, en hún var í fyrra valin ein af 100 áhrifamestu einstaklingum heims af Time. Kostnaði við ráðstefnuna er haldið í lágmarki; erlendir fyrirlesarar fá til dæmis ekki greitt fyrir vinnu sína. Þá hafa MBA-nemar í HR haldið utan um verkefnið í samstarfi við MIT-háskólann í Boston.

Meginþema ráðstefnunnar er hvernig yfirvinna megi efnahagskreppu með nýsköpun, frumkvöðlastarfi og endurnýtanlegri orku. Talsmenn Háskólans segjast vona að ráðstefnan beini kastljósinu að mikilvægi frumkvöðlastarfs og nýsköpunar. - bs

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK heldur ráðstefnu um frumkvöðlastarf ásamt MIT.

Vika verslunarinnar:

Ýta við hjólum atvinnulífsins

VERSLUN Vekja á athygli á mikilvægi verslunar og þjónustu með viku verslunarinnar sem hófst í gær. Samtök verslunar og þjónustu og VR standa að átakinu.

Ætlunin er að hvetja Íslendinga til að örva atvinnulífið með því að eiga viðskipti. Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir að fjöldi fólks eigi fé í bönkum. Það sé hins vegar eins og það skammist sín fyrir að eyða því. Þeim hugsanagangi verði að breyta, ef koma eigi hagkerfinu í gang. - kóp

Heimildarmaður Stöðvar 2:

Fær ekki að vitna einslega

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um að heimildarmaður fréttastofu Stöðvar 2 fái ekki að gefa skýrslu einslega fyrir dómara í meiðyrðamáli nokkurra útrásarvíkinga gegn þeim.

Í dómi Hæstaréttar segir að þótt lög geri ráð fyrir því að vitni geti í undantekningartilvikum notið nafnleyndar sé sú heimild háð því að lífi, heilbrigði eða frelsi þess yrði ella stefnt í voða. Því hafi ekki verið borið við í þessu máli. Þá myndi fyrirkomulagið leiða til þess að lögmönnum sækjenda væri ekki gert kleift að bera fram þær spurningar sem þeir vilja og þannig væru mannréttindi brotin. - sh

Vöruútflutningur landsmanna:

Sjávarafurðir hátt í helmingur

SJÁVARÚTVEGUR Hlutfall sjávarafurða í vöruútflutningi landsmanna nam 42,42 prósentum á síðasta ári. Þetta hlutfall er 5,7 prósentustigum hærra en árið 2008 þegar það var 36,75 prósent og ívið hærra en árið 2007 þegar það var 41,82 prósent. Hlutfall sjávarútvegs af vergri landsframleiðslu var 13,76 prósent og hefur ekki verið hærra frá árinu 2002.

Þótt hlutfall sjávarafurða í vöruútflutningi sé enn verulegt hefur það lækkað umtalsvert undanfarin hálfan annan áratug. Þannig var það hátt í áttatíu prósent árið 1994 en var komið niður í um sextíu prósent tíu árum síðar. - shá

Engin ákvörðun tekin fyrr en í lok apríl

Sendinefnd frá þýska þinginu segir alla flokka þar fylgjandi því að aðildarviðræður ESB við Ísland hefjist. Þýska þingið lofar þó ekki niðurstöðu fyrir næsta leiðtogafund ESB, enda verður formleg ákvörðun ekki tekin á þeim vettvangi.

EVRÓPUSAMBANDIÐ „Að okkar mati verður ákvörðun um upphaf aðildarviðræðna við Ísland ekki tekin formlega á fundi leiðtoga Evrópusambandsríkjanna á fundi þeirra 25. og 26. mars, heldur á fundi ráðherraráðsins, líklega undir lok aprílmánaðar," segir Michael Stübgen, talsmaður Evrópumálanefndar þýska þingsins, en hún er stödd hér á landi.

Nefndina skipa fulltrúar allra flokka á þýska þinginu. Þeir voru einróma um að engrar andstöðu væri að vænta frá þýska sambandsþinginu við að aðildarviðræður ESB við Ísland hefjist hið fyrsta.

Samkvæmt nýjum lögum í Þýskalandi hefur þingið hins vegar rétt til að taka afstöðu til ákvarðana sem ráðherrar í ríkisstjórn Þýskalands taka á vettvangi Evrópusambandsins. Þingmenn þýsku sendinefndarinnar eiga allir sæti í Evrópunefnd þýska þingsins, sem þessa dagana vinnur að því að undirbúa málið fyrir þingið.

Stübgen segir að vinnu nefndarinnar gæti lokið fyrir 25. mars en málið gæti einnig dregist nokkrar vikur, eða fram í apríl.

„Sem stendur lítur út fyrir að formleg ákvörðun verði síðan tekin á fundi utanríkisráðs eða almenna ráðs Evrópusambandsins í lok apríl eða í byrjun maí," segir Stübgen. Bæði þessi ráð eru skipuð utanríkisráðherrum ESB-ríkja en ekki leiðtogum ríkjanna.

ÞÝSKA SENDINEFNDIN Fjórir af sex nefndarmönnum á blaðamannafundi í þýska sendiráðinu við Laufásveg í gær, frá vinstri: Michael Stübgen frá CDU/CSU, Andrej Hunko frá Vinstriflokknum, Werner Schieder frá SPD og Stefan Ruppert frá FDP.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leiðtogaráðið gæti þó sent frá sér yfirlýsingu, þar sem stuðningi er lýst við viðræður. Sú yfirlýsing hefði vissulega mikið vægi, en væri þó ekki formleg ákvörðun Evrópusambandsins.

Hann tekur fram að margt sé óljóst, bæði um ákvarðanatöku á vettvangi þýska þingsins vegna þessara nýju laga sem nú reynir á í fyrsta sinn, og á vettvangi Evrópusambandsins þar sem svo stutt er síðan Lissabon-sáttmálinn tók gildi.

Stübgen segir að aðild Íslands að Evrópusambandinu verði sambandinu kærkomin af ýmsum ástæðum. „Ísland hefur í mörg ár verið áreiðanlegur samstarfsaðili ES," segir hann, og nefnir meðal annars Evrópska efnahagssvæðið og Schengen-samninginn. „Á hinn bóginn höfum við tekið inn mörg ný aðildarríki á síðustu árum, sem hafa verið tiltölulega fátæk. Evrópusambandið er þannig uppbyggt að það hefur hjálpað þessum löndum að þróast, en satt að segja gleðjumst við sérstaklega þegar land fær aðild sem greiðir meira til sambandsins en það fær úr sjóðum þess, eins og tilfellið verður með Ísland."

gudsteinn@frettabladid.is

Aðalfundur
Sláturfélags Suðurlands svf.

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn á Laugalandi, Holtum, föstudaginn 26. mars 2010 og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:
1. Aðalfundarstörf samkvæmt 24. gr. samþykkta félagsins.
2. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund.

Reykjavík, 9. mars 2010.
Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.

sumarferdir.is

SUMARLEIKUR SUMARFERÐA
Í KRINGLUNNI Á MORGUN!
MÆTTU Á SVÆÐIÐ OG
TAKTU ÞÁTT!
GLÆSILEGIR VINNINGAR!

SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar

Auglýsingasími
512 54 01
Allt sem þú þarft...

Rúmlega þúsund manns eiga nú milljarð dala eða meira samkvæmt Forbes:

Mexíkóskur auðjöfur ríkastur

VIÐSKIPTI Mexíkóski fjarskiptajöfurinn Carlos Slim Helo er ríkasti maður heims, samkvæmt nýjum lista tímaritsins Forbes, sem birtur var á miðvikudagskvöld.

Næstir á eftir honum koma Bandaríkjamennirnir Bill Gates og Warren Buffet.

Viðbrögð í Mexíkó við þessum tíðindum voru tvískipt. Sumir fylltust stolti fyrir hönd landsins en aðrir reiddust, enda líta margir Mexíkóar svo á að gífurleg auðæfi þessa manns meðan gríðarleg fátækt hrjáir stóran hluta landsmanna sé einmitt skýrt dæmi um þær meinsemdir sem helst hrjá samfélagið þar í landi.

Ástæðan fyrir því að hann er kominn upp fyrir Bandaríkjamenn og Evrópumenn, sem undanfarin ár hafa raðað sér í mörg efstu sætin, er þó ekki síst sú að kreppan hefur bitnað á auðæfum Vesturlandabúa.

Tíðindi þykja einnig að næst Bandaríkjamönnum, sem eru 403 á listanum, eru nú flestir á listanum Kínverjar, eða alls 46 manns.

BJÖRGÓLFUR THOR Björgólfur Thor Björgólfsson er ekki lengur á lista tímaritsins Forbes yfir eitt þúsund ríkustu menn í heimi .

TÍU RÍKUSTU MENN VERALDAR

Eignir taldar í milljörðum bandarískra dala

1.	Carlos Slim Helu og fjölskylda, Mexíkó	53,5 ma
2.	Bill Gates, Bandaríkjunum	53,0 ma
3.	Warren Buffett, Bandaríkjunum	47,0 ma
4.	Mukesh Ambani, Indlandi	29,0 ma
5.	Lakshmi Mittal, Indlandi	28,7 ma
6.	Lawrence Ellison, Bandaríkjunum	28,0 ma
7.	Bernard Arnault, Frakklandi	27,5 ma
8.	Eike Batista, Brasilíu	27,0 ma
9.	Amancio Ortega, Spáni	25,0 ma
10.	Karl Albrecht, Þýskalandi	23,5 ma

Alls eru 1.011 manns sem komast á listann þetta árið. Þeir eiga allir einn eða fleiri milljarða Bandaríkjadala, samkvæmt útreikningum tímaritsins.

Björgólfur Thor Björgólfsson er hins vegar dottinn út af listanum. Hann komst fyrst inn á listann árið 2005, var kominn upp í 247. sæti árið 2007 en hafði hrapað niður í 701. sæti á síðasta ári. -gb

Fermingar tilboð

MacBook 13”

2,26GHz Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
NVIDIA GeForce 9400M 256MB skjástýring
Innbyggð iSight vefmyndavél
Tvö USB 2.0 tengi
Þráðlaust WiFi netkort (801.11n), Bluetooth
Allt að 7 klst rafhlöðu ending
Aðeins 2.13 kg

Verð: 199.990 kr.

Tilboð: 189.990,- kr.*

iPod shuffle

Geymir allt að
1000 lög
Vegur aðeins
10,7g
5 litir

2GB
4GB

Verð frá: **14.990,-**

iPod nano

Geymir allt að 4000 lög
Vegur aðeins 36,4g
Upptökumyndavél
FM útvarp
7 litir

8GB 16GB

Verð frá: **39.990,-**

iPod touch

Allt í einu tæki

Geymir allt að 14.000 lög
iPod
Þráðlaust net (WiFi)
Leikjatölva
Vídeóspilari

Vegur aðeins 115g

8GB 32GB 64GB

Verð frá: **52.990,-**

Fireant
iPod hátalari
Verð frá 39.990,-

iHome IH10
iPod hátalari og útvarp
Verð 19.990,-

Fartölvuhulstur
Margar gerðir, ýmsir litir
Verð frá 4.990,-

Hulstur
iPod - iPhone
Verð frá 1.990,-

EyeTV USB
Sjónvarps og útvarpsmóttakari
Verð 23.990,-
Listaverð 26.900

Apple búðin
Sími 512 1300
Laugavegi 182

Afgreiðslutími:
Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16

www.epli.is

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. *Tilboð gilda til 1. apríl, eða meðan birgðir endast.

STÓRFÓTUR Í NÆLONSOKK Þessi fótleggur er listaverk á útisýningu í Búdapest. NORDICPHOTOS/AFP

Sænski teiknarinn Lars Vilks:

Óhræddur við árásarmenn

ÍRLAND, AP „Ef eitthvað gerist, þá veit ég nákvæmlega hvað ég á að gera," segir sænski skopmyndateiknarinn Lars Vilks, sem vakti reiði margra múslima árið 2007 þegar skopmynd af Múhameð spámanni birtist í sænsku dagblaði.

LARS VILKS

Hann hefur útbúið öryggiskerfi á heimili sínu sem erfitt er að rjúfa. Lögreglan á Írlandi handtók á þriðjudag fjóra karlmenn og þrjár konur sem grunuð eru um að hafa ætlað að ráða Vilks af dögum. Ein kona er einnig í haldi í Bandaríkjunum. Vilks segist enga trú hafa á því að þetta handtekna fólk hafi verið „fagmenn". - gb

Forsetinn afhenti Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins

Tuttugu og einn einstaklingur og samtök voru heiðruð á hátíð í Þjóðmenningarhúsinu í gær. Fimm hlutu verðlaun og forseti Íslands afhenti fulltrúum Slysavarnafélagsins Landsbjargar Samfélagsverðlaunin.

FJÖLMIÐLAR Samfélagsverðlaunahátíð Fréttablaðsins var haldin í Þjóðmenningarhúsinu í gær. Á annað hundrað manns voru þar samankomin til að gleðjast með þeim rúmlega tuttugu einstaklingum og samtökum sem útnefnd voru í fjórum flokkum Samfélagsverðlaunanna.

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins eru veitt í fjórum flokkum, auk heiðursverðlauna en þau verðlaun komu í ár í hlut sagnamannsins og kennarans Jóns Böðvarssonar sem opnað hefur heim Íslendingasagna fyrir miklum fjölda samtímamanna.

Slysavarnafélagið Landsbjörg tók við Samfélagsverðlaununum úr hendi forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar. Samfélagsverðlaunin nema einni milljón króna og sagði Sigurgeir Guðmundsson, formaður Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, að verðlaunafé kæmi sér vel nú þegar verið væri að byggja að nýju upp búnað Íslensku alþjóðabjörgunarsveitarinnar. Eins og kunnugt er skildi sveitin eftir mikinn búnað á Haítí eftir jarðskjálftana í janúar.

Hvunndagshetja ársins er gleðigjafinn André Bachmann. Verðlaunin hlýtur hann fyrir frumkvæði sitt að árlegri jólaskemmtun fyrir fatlaða, auk þess sem André smitar frá sér gleðinni hvar sem hann kemur.

Gauraflokkurinn í Vatnaskógi vann til verðlauna í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar. Gauraflokkurinn er sumarbúðatilboð fyrir drengi með ADHD. Þörfum þeirra er meðal annars mætt með fjölmennara starfsliði en ella. Aðstandendur flokksins afla sjálfir fjár vegna aukins kostnaðar þannig að foreldrar drengjanna greiða sama verð fyrir dvölina og aðrir foreldrar.

VERÐLAUNAHAFARNIR SAMAN Efri röð: André Bachmann hvunndagshetja, Jón Böðvarsson yngri, fyrir hönd afa síns Jóns Böðvarssonar sagnfræðings og kennara sem hlaut heiðursverðlaun, Sigurgeir Guðmundsson og Kristinn Ólafsson, frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu. Bóas Valdórsson, Ólafur Sverrisson, séra Sigurður Grétar Sigurðsson og Ársæll Aðalbergsson, allir fyrir hönd Gauraflokksins í Vatnaskógi. Neðri röð: Svava Arnardóttir, Auður Axelsdóttir iðjuþjálfi, Bylgja Jóhannsdóttir og Hrannar Jónsson, öll frá Hugarafli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hugarafl hlaut verðlaun í flokknum Til atlögu gegn fordómum. Þar starfa saman á jafnréttisgrunni notendur geðheilbrigðisþjónustu og fagfólk. Markmið Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins er að vekja athygli á broti af því kærleiksríka starfi sem unnið er víðs vegar í íslensku samfélagi. Allir útnefndir fengu verðlaunagripi sem voru hannaðir og smíðaðir af handhöfum Samfélagsverðlaunanna í fyrra, Ásgarði smíðaverkstæði. Aðrir vinningshafar en Samfélagsverðlaunahafarnir fengu síma í verðlaun og var hann gjöf frá Símanum.

steinunn@frettabladid.is

Tónlistarhúsið Harpa kynnt sem ráðstefnuhús:

Risaráðstefna 2013

FERÐAIÐNAÐUR Tvö þúsund manna ráðstefna tannréttingasérfræðinga verður í tónlistarhúsinu Hörpu á árinu 2013. Þetta kom fram á kynningarfundi aðstandenda Ráðstefnuskrifstofu Íslands og Portusar, sem haldinn var í gær til að blása „til stórsóknar í þágu ráðstefnuhússins á alþjóðlegum ráðstefnumarkaði".

Kemur fram í fréttatilkynningu að merki séu um vaxandi áhuga á ráðstefnuhaldi erlendis frá. „Verkefnastjóri Ráðstefnuskrifstofunnar er þess fullviss að markaðurinn taki fljótt við sér og áður en langt um líði verði árlega að minnsta kosti tíu 1.000 manna alþjóðlegar ráðstefnur á Íslandi," segir í tilkynningunni. - ga

INNI Í HÖRPU Kynningarfundur var haldinn í tónlistarhúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tilboð í Búðarhálsvirkjun:

Tveir áttu lægsta tilboðið

VIÐSKIPTI Árni ehf. og verktakafyrirtækið Glaumur áttu lægstu tilboð í framkvæmdir við Búðarhálsvirkjun. Sjö tilboð bárust í framkvæmdina og voru þau opnuð í gær.

Tilboðið hljóðar upp á rúmar 495 milljónir króna, sem er um þrjú hundruð milljónum króna undir kostnaðaráætlun Landsvirkjunar. Fimm önnur tilboð voru undir áætlunum. Hæsta boð átti Háfell upp á 990 milljónir.

Verkið felur í sér jarðgangagerð, skurðgröft og gerð vatnsþróa. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum við Búðarhálsvirkjun ljúki í desember á þessu ári. - jab

DÓMSMÁL

Rændi fimmtán ára pilt

Ungur maður hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að veitast, í félagi við annan mann, með ofbeldi að fimmtán ára pilti og ræna af honum þúsund krónum. Atvikið varð á dönskum-dögum í Stykkishólmi sumarið 2008.

ÍSLENSK GRATÍN

Bragðgóðir, hollir og heilsusamlegir
frosnir réttir sem einfalt er að elda.

KARTÖFLU**GRATÍN**
SVEPPA**GRATÍN**
GRÆNMETIS**GRATÍN**

nýtt!

Engin fyrirhöfn,
hitið og njótið

Þú finnur íslensku gratínin
í frystinum í næstu verslun!

KALT Í FENEYJUM Dúnmjúk snjóþekja lá yfir Feneyjum í gærmorgun og óhreyfðir gondólarnir ekki líklegir til afreka. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hópur Færeyinga flaug til Akureyrar og ver fjórum dögum á skíðum í Hlíðarfjalli:

Brekkur og gengi heilla skíðamenn

FERÐAÞJÓNUSTA Hópur níutíu Færeyinga flaug í gær í beinu flugi frá heimalandinu til Akureyrar þar sem dvelja á fram á sunnudag við skíðaiðkun og aðra skemmtan.

Að sögn Guðmundar Karls Jónssonar, forstöðumanns Hlíðarfjalls, valdi fólkið Akureyri að þessu sinni fremur en aðra skíðastaði í Evrópu. Segir hann Færeyinga almennt áhugasama um skíðaíþróttina og stunda hana víða.

Guðmundur segir skíðafólk vilja vera snöggt á staðinn og snöggt í burtu. Akureyri uppfylli það skilyrði þar sem aðeins taki sjö mínútur að ferðast frá flugvelli og í brekkurnar. Sambærilegt ferðalag getur tekið margar klukkustundir víða í álfunni.

Auk þægilegra samgangna njóta erlendir ferðamenn þess nú um stundir að gengi íslensku krónunnar er lágt. Leggst því allt á eitt við að gera Akureyri ákjósanlegan áfangastað erlendra skíðaunnenda. - bþs

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

SPENNANDI DAGAR FRAMUNDAN Hópurinn stillti sér upp til myndatöku á flugvellinum, rétt áður en brunað var upp í fjall.

Kaþólska kirkjan í Þýskalandi:

Tvær rannsóknir á barnaníði

ÞÝSKALAND, AP Kaþólska kirkjan í Þýskalandi ætlar á næstu vikum að gera tvær viðamiklar rannsóknir á misnotkun barna innan vébanda kirkjunnar.

Annars vegar verður rannsakað hvað gerðist í barnakór í Regensburg fyrir um fimmtíu árum, en Georg Ratzinger, bróðir Benedikts páfa, stjórnaði þeim kór á árunum 1964-94. Hins vegar fer fram almenn rannsókn á því hvað yfirmenn kirkjunnar, allt upp í páfa sjálfan, vissu um það hvaða meðferð börn máttu þola. - gb

Aðalfundur 2010

Aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. verður haldinn föstudaginn 19. mars 2010 kl. 9.00 árdegis í húsakynnum félagsins, Síðumúla 24, Reykjavík.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs félagsins eða hvernig mæta skuli halla.
4. Ákvörðun um tillögu stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
5. Tillaga um breytingu á 19. gr. samþykkta félagsins um skipan varastjórnar.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnar.
7. Kosning stjórnar félagsins, þ. á m. að teknu tilliti til fyrirhugaðra breytinga á samþykktum um skipan varastjórnar.
8. Kjör endurskoðenda (endurskoðunarfélags).
9. Önnur mál löglega fram borin.

Framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega til félagsstjórnar, Síðumúla 24, Reykjavík, skemmst fimm dögum fyrir aðalfundinn. Í tilkynningunni skal greina nafn frambjóðanda, kennitölu, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu, hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

Reikninga félagsins og tillögur má nálgast á vef TM, www.tm.is, eða á aðalskrifstofu félagsins viku fyrir fundinn.

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

TM Síðumúla 24 // Sími 515 2000 // tm@tm.is // **www.tm.is**

VIÐ UPPTÖKUR Á HAMRINUM Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar vilja 43 prósent meira af innlendu efni en erlendu í sjónvarpi.

Viðhorf til innlendrar kvikmynda- og dagskrárgerðar:

Flestir vilja frekar innlent efni í sjónvarpi

MENNING Tæp 43 prósent sækjast mun eða heldur meira eftir innlendu efni en erlendu í sjónvarpi. Þetta kemur fram í nýrri könnun Félagsvísindastofnunar Íslands um menningarneyslu á Íslandi.

Um 40 prósent þátttakenda sækjast jafn mikið eftir innlendu og erlendu efni og rúm sautján prósent sækjast frekar eftir erlendu efni en innlendu.

Athygli vekur að lægst er hlutfall þeirra sem kjósa fremur innlent efni en erlent í hópi háskólamenntaðra, eða 35 prósent. Í öðrum innlendum menningarviðburðum er hlutfallsleg aðsókn einna mest í hópi þeirra sem lokið hafa háskólaprófi.

Í sömu könnun kemur fram að um 76 prósent svarenda fóru í bíó einhvern tímann á tólf mánaða tímabili frá og með haustinu 2008. Tæplega helmingur þeirra, um 46 prósent, sá íslenska mynd.

Hlutfallslega fleiri konur en karlar sáu íslenska mynd á þessu tímabili, 51 prósent á móti 40. Þá má sjá að aðsókn á íslenskar myndir er meiri í eldri aldurshópum; mest var hún í hópi bíógesta á sextugsaldri, 58 prósent, en minnst hjá aldurshópnum 30 til 39 ára, 35 prósent. - bs

OPIÐ HÚS! Komdu, skoðaðu – og prófaðu.

www.oryggi.is

Farartæki fyrir fatlaða

Opið hús, laugardaginn 13. mars kl. 12–15 að Askalind 1, Kópavogi.

Á staðnum verða bílar til sýnis sem aðlagaðir hafa verið að þörfum fatlaðra ásamt fjórhjólum og Polaris Ranger.

Einnig verður til sýnis umhverfisstjórnunarbúnaður fyrir fatlaða.

Allir velkomnir!

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

PIPAR\TBWA • SÍA • 100696

NÝFUNDIÐ FLAK Elsta flakið er allt að 800 ára gamalt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Merkur fundur í Eystrasalti:

Fundu æva gömul skipsflök

SVÍÞJÓÐ, AP Tólf gömul skipsflök hafa fundist í Eystrasalti, það elsta hugsanlega 800 ára gamalt en hin líklega frá sautjándu, átjándu og nítjándu öld. Sum þeirra eru óvenju vel varðveitt.

Flökin fundust þegar starfsmenn gasfyrirtækisins Nord Stream unnu að því að leggja gasleiðslu milli Rússlands og Þýskalands.

Ekki er víst hvort reynt verður að ná einhverjum skipanna á land, en kafarar verða sendir til að rannsaka þau á hafsbotni.

Þúsundir misgamalla skipsflaka hafa fundist í Eystrasalti, en þar eru ekki trjámaðkar sem eyða skipsflökum í saltari sjávarvötnum. - gb

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

Portúgal með VITA

Salan er hafin

Fjölskylduparadísin Albufeira á einstöku verði

Kíktu á verðið!

Paladim ★★★

05. júní – 12. júní 7 nætur

Verð frá 77.780 kr.*

og 15.000 Vildarpunktar

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11 ára) í íbúð m/1 svefnherbergi.
* Verð án Vildarpunkta 87.780 kr.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Forte da Oura ★★★

05. júní – 12. júní 7 nætur

Verð frá 86.080kr.*

og 15.000 Vildarpunktar

Verð á mann m.v. 2 í stúdíóíbúð.
* Verð án Vildarpunkta 96.080 kr.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar gisting og íslensk fararstjórn.

Flugáætlun
9. maí
27. maí
5. júní
12. júní

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 43876 01.2010

Vildarklúbbur

Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur

Hjá VITA getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um allt að 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA er lífið

Ferðaskrifstofa

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

nettó

Ódýrt fyrir heimilið!

32% afsláttur

LAMBASTEIK
KRYDDUÐ

1.597 kr/kg
áður 2.349 kr/kg

Verið velkomin í Nettó

KJÚKLINGALÆRI
KRYDDUÐ

39% afsláttur

499 kr/kg
áður 820 kr/kg

KJÚKLINGABRINGUR
FROSNAR, 900 gr

1.198 kr/pk.

KJÚKLINGALUNDIR
FROSNAR, 700 gr

998 kr/pk.

SALATRÆKJA
500 gr

498 kr/pk.

VATNSMELÓNUR

50% afsláttur

99 kr/kg
áður 198 kr/kg

ÚRVALSRÆKJA
500 gr

649 kr/pk.

FANTA
2 ltr.

119 kr/stk.

markhonnun.is

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

45% afsláttur

BAYONNESKINKA

1.098 kr/kg

áður 1.989 kr/kg

GOÐI

og gerið góð kaup

SPILUM SAMAN

ASTONISH HREINSIVÖRUR
Á FRÁBÆRU VERÐI

AÐEINS **198** kr/stk.

ALHLIÐA HREINSIR
750 ML

SÓTTHREINSIR
750 ML

GLERHREINSIR
750 ML

OFNAHREINSIR
750 ML

STURTUHREINSIR
750 ML

ELDHÚSHREINSIR
750 ML

PARKETBÓN
500 ML

PARKETSÁPA
500 ML

ALHLIÐA HREINSIKREM
500 GR

PÁSKAEGG
250 gr

598 kr/stk.

Ódýrt ...fyrir heimilið!

KINDEREGG
3 stk.

59% afsláttur

199 kr/pk

áður 489 kr/pk.

Tilboðin gilda 11. - 14. mars eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

„ORÐRÉTT“

Heilbrigðiskerfið hvað!

„Þetta var alveg ömurlegt og heppni í rauninni að þeir hafi ekki kálað mér með þessu rugli.“

ELÍAS BJARNHÉÐINSSON TÓNLISTARMAÐUR UM REYNSLU SÍNA AF HEILBRIGÐISKERFINU.
Fréttablaðið 10. mars.

Skítur á skít ofan

„Við erum bara skíthrædd við þetta Baugsdæmi allt saman og ef einhver skítur kemur upp þar.“

SÆVAR JÓNSSON KAUPMAÐUR UM FÆRSLU LEONARDO Á AÐRA KENNITÖLU.
DV 10. mars.

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? GUÐRÚN HAFSTEINSDÓTTIR, MARKAÐSSTJÓRI KJÖRÍSS

Ísframleiðendur fá ekki sumarfrí

„Við erum á fullu að búa til sérskreyttar ístertur, undirbúa okkur fyrir fermingarnar, sem skella á eftir hálfan mánuð, og páska. Það er mjög gaman enda mikið að gera næstu tvo mánuði,“ segir Guðrún Hafsteinsdóttir, markaðsstjóri Kjöríss í Hveragerði. Ofan á allt er hún á fullu að undirbúa árlegt veggspjald fyrirtækisins þar sem nýjungar sumarsins verða kynntar.

Guðrún segir ísframleiðendur finna mikinn mun á veðurfari. Veturinn hafi verið góður og sala á ís því með besta móti í fyrra og á fyrstu mánuðum þessa árs. Þegar tekið hafi að snjóa fyrir hálfum mánuði hafi íssala dregist hratt saman. Í þíðunni nú hafi salan tekið kipp á ný. Reikna má með stíganda yfir sumarið sem nær hámarki í júlí. „Sumarið er okkar vertíð og því komumst við lítið í sumarfrí. Á móti gerum við okkur dagamun í góðu veðri og setjumst út stétt í hádeginu. Um miðjan ágúst dregur úr þessu enda tekur þá sumri að halla,“ segir hún og bætir við að haust og vorfrí séu mun algengari í þessum geira en öðrum.

Hjá Kjörís eru 46 starfsmenn og eru karlmenn rúmur helmingur. Guðrún segir tæplega tuttugu karla taka þátt í átakinu mottu-mars sem felur í sér söfnun yfirvaraskeggs til stuðnings átakinu karlar og krabbamein. „Þetta er skemmtileg tilbreyting,“ segir Guðrún en viðurkennir að mottan fari sumum vel en öðrum illa. Í seinna tilvikinu sé þeim til happs að átakið sé í mánuð.

HÁKARL

NÖFN SÝNA MIKILVÆGI

■ Hákarl hefur verið nefndur ýmsum nöfnum á íslensku. Meðal þeirra eru: axskeri, blágot, blápískur, brettingur, deli, got, grágot, gráni, hafkerling, háskerðingur, hvolpur, raddali, rauðgot, skauli, skerill, skufsi.
★Deli var haft um stutta digra hákarla, dusi um stóran hákarl, gotungur um feitan hákarl, lopi um miðlungsstóran, níðingur um hákarl sem var styttri en fimm álnir, hundur, raddali, skauli og snókur um lítinn hákarl og ælingi var haft um hákarl sem var á mörkum þess að vera talinn hirðandi.

TUNGUTAK

Fleiri stelpur í sjónum…

■ Það getur verið bagalegt að rugla saman orðatiltækjum. Ungur maður reyndi eitt sinn að hughreysta vin sinn sem hafði verið hryggbrotinn á þá leið að það væru „fleiri stelpur í sjónum“. Fyrir nokkrum árum gáfu örlátir starfsmenn tölvuverslunar sjúkrahúsi einu leikjatölvu, tölvuleiki og mynddiska til að „stytta yngstu sjúklingunum lífið“ eins og komist var að orði í fréttatilkynningu.

Þingmaður gagnrýndi ríkisstjórnina á dögunum með þeim orðum að hún færi eins og „köttur í kringum heitan eld“. Fræg var ræða annars stjórnmálamanns, sem sagði við opnun á hjúkrunarheimili fyrir aldraða, að eldri borgarar vildu líka „fylgjast með tímans tönn“. Þá sagðist maður í sjónvarpsviðtali á dögunum ekki ætla að kjósa, því hann vildi ekki losa þingmenn við þeirra blóraböggla.

Það er ágæt regla að nota ekki önnur orð og orðatiltæki en þau sem maður kann skil á. Ein besta leiðin til að auka orðaforðann er lestur. En munum að brennd bók forðast eldinn.

Styrkurinn skiptir máli enda námið dýrt

Hulda Jónsdóttir, fiðluleikarinn ungi sem stundar nám við Juilliard í Bandaríkjunum, fékk styrk til frekara náms úr minningarsjóði Gunnars Thoroddsen. Hulda segir Íslendinga trúlega eiga furðu marga fulltrúa í skólanum, miðað við höfðatölu, einn í hverri deild. Námið sé dýrt og styrkurinn komi sér vel.

LEIKIÐ FYRIR GESTI Hulda Jónsdóttir fiðluleikari spilaði verk eftir Bach fyrir gesti í Höfða á þriðjudag eftir að hafa veitt móttöku styrk úr minningarsjóði Gunnars Thoroddsen. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Allt hjálpar til og svo er náttúrlega mikill heiður að vera valin,“ segir Hulda Jónsdóttir, fiðluleikari á 19. aldursári sem stundar nám við Juilliard-tónlistarháskólann í New York í Bandaríkjunum. Hún hlaut í vikunni 400 þúsund króna styrk ur minningarsjóði Gunnars Thoroddsen, fyrrverandi borgarstjóra og forsætisráðherra, til frekara náms í fiðluleik við skólann. Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri afhenti Huldu styrkinn í Höfða.

Styrkveitingin er sú tuttugasta og fjórða sem veitt er úr sjóðnum, en styrkþegar hafa bæði verið félagasamtök og einstaklingar sem hafa starfað að mannúðar-, heilbrigðis- og menningarmálum. Í umfjöllun Reykjavíkurborgar um styrkveitinguna kemur fram að Hulda hafi komið fram á tónleikum með virtum tónlistarmönnum bæði hér heima og erlendis og hlotið fjölda viðurkenninga, þar á meðal verðlaun í einleikarakeppni á vegum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listaháskólans árið 2008.

Fram kemur að Hanna Birna hafi við afhendingu styrksins sagt Huldu eiga framtíðina fyrir sér í tónlistinni og að hún væri einstaklega vel að styrknum komin. Styrkveitingin væri þakklætisvottur fyrir framlag hennar til íslenskrar tónlistar, en um leið styrkur til að feta nýjar brautir í tónlistinni.

Hulda hóf nám í Juilliard-tónlistarháskólanum í fyrrahaust og er að klára fyrsta ár af fjórum í BA námi. Hún segir styrkinn nú skipta allnokkru máli, enda kosti töluvert að stunda nám í skólanum, sem er einn sá virtasti í heimi. Hún segist standa straum af kostnaðinum með blöndu af styrkjum frá skólanum sjálfum, styrkjum hér heima, námslánum og framlagi frá foreldrum sínum.

Nokkrir Íslendingar hafa stundað og stunda núna nám við Juilliard. „Og miðað við höfðatölu eru það örugglega ótrúlega margir. Núna erum við ein í hverri deild, sem hefur aldrei gerst áður. Venjulega hafa þetta allt verið tónlistarnemendur. Íslendingar eiga því nokkuð marga fulltrúa hérna miðað við margar aðrar þjóðir.“

Hulda býr á heimavist skólans og kveður nóg við að vera námsins vegna. Lítið sé því um að nemendur komi fram utan viðburða sem skólinn stendur að sjálfur. „Og raunar mega fyrsta árs nemendur ekki taka að sér verkefni utan skólans, en á öðru ári má eitthvað fara að vinna fyrir sér. En þetta er svo erfitt nám að fólk er lítið í einhverju öðru.“

Að námi loknu segir Hulda óráðið að mestu hvað taki við. Mögulega bæti hún við sig mastersgráðu og sjái svo til hvernig málin þróist. Í öllu falli sjái hún þó fyrir sér feril í tónlist. „Jájá, vonandi allavega. Maður væri varla að leggja þetta á sig annars.“

olikr@frettabladid.is

SJÓÐURINN VAR STOFNAÐUR ÁRIÐ 1985

GUNNAR THORODDSEN

Minningarsjóður Gunnars Thoroddsen, fyrrverandi borgarstjóra og forsætisráðherra, var stofnaður af hjónunum Bentu og Valgarð Briem 29. desember 1985, þegar liðin voru 75 ár frá fæðingu Gunnars. Á vef Upplýsingastofu Háskóla Íslands um nám erlendis kemur fram að sjóðurinn sé í vörslu borgarstjórans í Reykjavík, en við stofnun hans hafi verið kveðið á um að borgarstjórinn ákvæði úthlutun úr honum að höfðu samráði við Völu Thoroddsen, ekkju Gunnars heitins. Vala lést árið 2005. Fyrstir til að hljóta styrk úr sjóðnum voru þeir Jóhann Pétur Sveinsson lögfræðingur og Gunnar Guðbjörnsson söngvari.

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Auglýsing sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um veitingu leyfa til hrefnuveiða árið 2010

Með auglýsingu þessari vill ráðuneytið gefa aðilum kost á að sækja um leyfi til hrefnuveiða en skilyrði fyrir veitingu leyfanna koma fram í reglugerð nr. 359/2009 um breytingu á reglugerð nr. 163 30. maí 1973, um hvalveiðar.

Skilyrði fyrir veitingu leyfa til hrefnuveiða eru eftirfarandi:
1. Að minnsta kosti einn úr áhöfn hafi reynslu af hrefnuveiðum. Við mat á því hvort aðili hafi reynslu af hrefnuveiðum er sú krafa gerð að aðili hafi a.m.k. verið samfellt í þrjá mánuði skytta á hrefnuveiðibát. Heimilt er Fiskistofu að meta jafngilda annarskonar reynslu eða þekkingu svo að hún fullnægi áskilnaði skv. þessari grein.
2. Skyttur sem annast veiðar og aflífun dýra skulu hafa sótt viðurkennt námskeið í meðferð skutulbyssa og sprengiskutla og í aflífunaraðferðum við hvalveiðar. Auk þessa skal skytta hafa fullnægjandi skotvopnaleyfi.

Þá er kveðið á um veiðiaðferðir og veiðibúnað sem skip sem ætluð eru til hrefnuveiða skulu vera búin í reglugerð nr. 359/2009 um breytingu á reglugerð nr. 163 30. maí 1973, um hvalveiðar með síðari breytingum.
Umsóknir um leyfi til hrefnuveiða skulu sendar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík. Frestur til að skila inn umsóknum rennur út þann 10. apríl 2010.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Auglýsingasími
512 54 01

Allt sem þú þarft...

Nýjum titlum fjölgar í símaskránni:

Titlar sig jafnréttishönnuð

„Jú, þetta er nýyrði,“ segir Katrín Anna Guðmundsdóttir, baráttukona fyrir jafnrétti kynjanna, um titilinn sem hún ber í símaskránni – jafnréttishönnuður.

Katrín er jafnframt höfundur hugtaksins. Hún segir hugmyndina að því komna úr tveimur áttum. „Árið 2003 kom Margareta Winberg, sem þá var varaforsætisráðherra Svíþjóðar, til Íslands og hélt erindi um jafnrétti í Norræna húsinu. Í ræðu sinni nefndi hún að við þekktum í raun ekki heim jafnréttis, því við búum ekki í honum.

KATRÍN ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR

Jafnrétti væri því eitthvað sem við þyrftum að búa til, eins og tölvu eða hverja aðra afurð.

Síðan gáfu vinkona mín, Sólveig Stefánsdóttir, grafískur hönnuður, og maðurinn hennar, Valdór Gíslason arkitekt, út rit sem hét Hönnun til framtíðar. Þar var fjallað um mikilvægi hönnunar í framtíðarskipulagi þjóða og hvað hönnunarvitund skipti miklu máli á öllum sviðum til að móta það samfélag sem við sækjumst eftir. Úr þessum tveimur hugmyndum setti ég saman hugtakið jafnréttishönnun. Það felur í sér að jafnrétti er eitthvað sem við þurfum búa til, við þurfum að hafa fyrir því og úthugsa það vel og skipulega.“

Að sögn Katrínar Önnu getur hver sem er tekið upp titilinn jafnréttishönnuður – svo framarlega sem viðkomandi er umhugað um að stuðla að jafnrétti. **- bs**

Hér er Fíasól!

NÝ BÓK UM SKEMMTILEGT FERÐALAG FÍUSÓLAR OG FÉLAGA

4+ ÁRA

Höfundar bókanna um Fíusól eru Kristín Helga Gunnarsdóttir og Halldór Baldursson teiknari

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins:

Góðum verkum haldið á lofti

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Oft er því haldið fram að í hraða nútímasamfélagsins gefist lítill tími til að huga að náunganum. Vissulega er samfélagið gerbreytt frá því sem var, jafnvel fyrir aðeins hálfri öld þegar mun stærri hluti daglegs lífs kvenna og barna fór fram inni á heimilinu. Stuðningur við þá samborgara sem á liðsinni þurftu að halda var þá að langstærstum hluta í höndum heimavinnandi kvenna.

Margt er nú breytt. Þorri kvenna er á vinnumarkaði og margt af því sem áður var í höndum húsmæðra er nú hluti heilbrigðis- og tryggingakerfis. Því fer þó fjarri að hver og einn lifi bara í sínum kassa og láti sig samborgarana engu varða. Allt í kringum okkur er fólk sem notar frítíma sinn til þess að leggja eitthvað af mörkum til þess að bæta líf meðborgara sinna.

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins voru veitt í fimmta sinn í gær. Markmiðið með veitingu verðlaunanna er einmitt að beina kastljósinu að verkum þessa fólks, öllum þeim góðu og kærleiksríku verkum sem unnin eru víða í samfélaginu.

Samfélagsverðlaununum er ætlað að vera hvatning til allra þeirra fjöldamörgu sem leggja aðeins meira af mörkum til samfélagsins en við gerum vel flest. Sömuleiðis er þeim ætlað að beina kastljósinu að þessum verkum meðal annars með það fyrir augum að þau verði öðrum til eftirbreytni.

Frá upphafi hefur verið leitað til lesenda Fréttablaðsins og óskað eftir tilnefningum. Þeir hafa brugðist vel við og sent inn mikinn fjölda tilnefninga. Hafi þeir þökk fyrir.

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins eru veitt í fjórum flokkum. Fimm samtök og einstaklingar eru útnefnd af dómnefnd í hverjum þessara flokka. Auk þess eru veitt heiðursverðlaun. Í gær var því 21 aðili, einstaklingar, samtök og stofnanir, heiðraður í Þjóðmenningarhúsinu.

Sjálf Samfélagsverðlaunin féllu í skaut Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Meirihluti starfs björgunarsveitanna fer fram innanlands en Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin er þó til taks þegar neyðarástand skapast í öðrum löndum. Sú sveit uppskar aðdáun ekki bara hér á landi heldur víða um lönd þegar hún brást skjótt við eftir jarðskjálftana á Haítí í janúar síðastliðnum.

Hvunndagshetjan í ár er André Bachmann sem glatt hefur samferðafólk sitt í áratugi. Einkum er hann heiðraður fyrir framgöngu sína við að halda á hverju ári jólaskemmtun fyrir fatlaða þar sem vinsælustu skemmtikraftar þjóðarinnar koma fram.

Verðlaun í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar féllu í skaut Gauraflokksins í Vatnaskógi en drengjum með ADHD býðst sumarbúðadvöl í sérstökum flokki fyrir kraftmikla stráka.

Í flokknum Til atlögu gegn fordómum hlaut Hugarafl verðlaunin. Í Hugarafli starfa saman á jafnréttisgrundvelli notendur geðheilbrigðisþjónustunnar sem eru í bata og fagfólk.

Heiðursverðlaunin hlaut Jón Böðvarsson sagnfræðingur, kennari og sögumaður fyrir ómetanlegt framlag sitt við að kynna Íslendingasögur fyrir samborgurum sínum.

Í hraða nútímans er mikilvægt að staldra við og skoða það sem vel er gert. Samfélagsverðlaunin eru vettvangur til þess.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Áhyggjur

Viðskiptaráð Íslands hefur áhyggjur af hækkun fjármagnstekjuskatts í átján prósent. Fjármagnstekjur séu enda „kvikur skattstofn“ sem auðvelt er að flytja á milli landa.

Fjármagnstekjuskattur var lengst af tíu prósent á Íslandi, þar til hann var hækkaður upp í fimmtán prósent í fyrra. Tíu prósent var lágt hlutfall miðað við önnur lönd. Og þótt fjármagnstekjuskatturinn hafi hækkað getum við svo sem huggað okkur við að hann er þó ekki hærri en á Bretlandi og Spáni og lægri en á Írlandi, Þýskalandi, Ítalíu, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð, Frakklandi og Kanada. Svo nefnd séu nokkur lönd sem við berum okkur stundum saman við.

Tilraunir

Í gær birtust í Viðskiptablaðinu, aðra vikuna í röð, nokkrar heilsíðuauglýsingar þar sem útgerðarfyrirtæki mótmæltu fyrningarleið ríkisstjórnarinnar. Það kemur ekki á óvart enda eru miklir hagsmunir í húfi. Í einni auglýsingunni stendur að sjávarútvegurinn megi ekki verða tilraunadýr stjórnmálamanna. Með fyrningu aflaheimilda yrði tekin gífurleg og óþörf áhætta.

Og niðurstöður þeirra

Auðvitað væri slæmt ef sjávarútvegur væri ofurseldur duttlungum stjórnmálamanna. En tilraunamennska í greininni er vitaskuld engin nýlunda. Ef svo væri ekki reru menn enn til fiskjar á opnum sexæringum. Ein af afdrifaríkari „tilraunum“ sem gerðar hafa verið í sjávarútvegi hér á landi er kvótakerfið; því var enda mótmælt á sínum tíma fyrir óþarfa áhættu sem stefndi lykilgrein landsins í hættu. Og enn greinir menn á um niðurstöður þeirrar tilraunar – þess vegna er deilt um kvótakerfið.



bergsteinn@frettabladid.is

Misjöfnun

Þegar nýr erfingi dönsku krúnunnar var í þann mund að koma í heiminn, fyrir nokkrum árum síðan, mátti heyra umræðu þar í landi hvort ekki væri rétt að framvegis yrði miðað við elsta barn kóngsins en ekki elsta son, þegar ákveðið skyldi hver ætti að erfa þjóðhöfðingjaembættið. Það væri, jú, misrétti að hin ófædda og fræðilega dóttir krónprinsins myndi ekki geta orðið drottning ef hann eignaðist son síðar á lífsleiðinni. Ranglætið í örlögum þessarar hugsanlegu stúlku, sem síðan reyndist raunar vera drengur var öllum auðséð.

Barátta fyrir jöfnu aðgengi kvenkynsins að arfgengum puntembættum er vissulega dæmi um ákveðna jafnréttisbaráttu, en raunar er mun réttara að tala þar einfaldlega um baráttu fyrir jafnrétti kynjanna sjálfra.

Enda snýst hún að kynin sem slík séu jöfn, fremur en að allir einstaklingar séu jafnir, óháð kyni eða öðru.

Það er auðvitað sjálfsagt markmið að orðin „karl“ og „kona“ komi helst aldrei fyrir í lagasafninu. En að sjálfsögðu ætti það einnig að vera markmið að orðið „kyn“ detti þaðan út líka. Öll þau tilfelli þegar þess er krafist að gæta skuli að þessu eða hinu kynjahlutfalli á framboðslistum, vinnustöðum, stofnunum, námsbrautum eða í stjórnum fyrirtækja geta nefnilega líka leitt til mismununar. Í hvert skipti sem einhver fær vinnu eða hærra sæti á framboðslista en hann eða hún ella hefði fengið, vegna kyns, þá eru menn auðvitað að mismuna einstaklingum, þó svo að jafnaðar milli „kynjanna“ sé gætt.

Það er ekki þar með sagt að sértækar aðgerðir í þágu jafnaðar séu gagnslausar. Það má meira en vel vera að sum fyrirtæki, stofnanir eða félagasamtök, sjái hag sinn í því að laga kynjahlutföll með slíkum aðgerðum. Það er ekki nema eðlilegt að leikskólar reyni að laða að unga karlmenn, að verk- og tæknigreinar reyni að auka hlut kvenna og að stjórnmálaflokkar freisti þess að hafa sem jöfnust kynjahlutföll á framboðslistum. Allt þetta er umræddum aðilum sjálfum til góða.

PAWEL BARTOSZEK
Í DAG | Jafnrétti

En þótt til efs sé hvort yfirhöfuð ætti að leyfa slíka sértæka mismunun, þá er það engu að síður ljóst að meginregla jafnréttislaganna er, eða allavega ætti að vera, sú að kyn einstaklinga eigi ekki að skipta þá eða aðra máli.

Karlkyns leikskólakennarar skapa börnum fyrirmyndir og geta náð betur til sumra nemenda, blandaðir framboðslistar höfða líklega til fleiri kjósenda og það að fáar ungar konur skrái sig í sumar háskólagreinar er sterk vísbending til kennara í viðkomandi grein um að einmitt meðal kvenna liggi sóknarfærin. En það er farsælast að umræddar stofnanir, fyrirtæki eða samtök hafi sjálf sem mest frumkvæði að slíkum aðgerðum.

Hagsmunirnir geta nefnilega oft togast á. Fleiri konur í verkfræði þýða færri konur í kennslustörfum og ekki er hægt að hafa þær væntingar til þeirra sem mennta nýja kennara að þeir sjái glaðir á eftir þeim fjölmörgu duglegu konum sem nú skrá sig í kennaranám ár hvert.

Öllum má þó vera ljóst að mismunun í þágu jafnaðar sé samt mismunun. Í tveggja ára gömlum jafnréttislögum er raunar tekið fram að svokallaðar sértækar aðgerðir teljist ekki brjóta í bága við lögin. Án slíks ákvæðis er borðliggjandi að umræddar aðgerðir teldust ólöglegar. En þótt til efs sé hvort yfirhöfuð ætti að leyfa slíka sértæka mismunun, þá er það engu að síður ljóst að meginregla jafnréttislaganna er, eða allavega ætti að vera, sú að kyn einstaklinga eigi ekki að skipta þá eða aðra máli. Séu á þessu gerðar undantekningar ættu umræddar úrræði að vera eins afmörkuð, tímabundin og óíþyngjandi og mögulegt er. Því miður virðist þessi túlkun jafnréttislaganna þó ekki vera ríkjandi meðal þingmanna.

Nýverið ákvað Alþingi til dæmis að í fimm manna stjórnum íslenskra fyrirtækja ættu að vera tvær konur og tveir karlmenn. Fyrirtækin sjálf og eigendur þeirra fá svo náðarsamlega að ráða hvort kynið skuli skipa seinasta sætið. Hér er um að ræða eins almenna aðgerð og hugsast getur, ákvæðið er ótímabundið og snýr að öllum fyrirtækjum landsins nema þeim allra, allra minnstu. Þótt allir hafi sína drauma, og um gildi jafnréttis þurfi ekki að deila, ætti þingið að gæta hófs þegar kemur að því að skipa mönnum og konum fyrir varðandi það hver megi og megi ekki sitja í stjórnum félaga og fyrirtækja. En slíkrar hófsemi gætir ekki á Alþingi nú um stundir. Það er miður.

„Fréttir“

UMRÆÐAN
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson skrifar um fjölmiðla

Rétt fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna voru settar á flot alls konar vitleysissögur um gang viðræðna í London. Því var ranglega haldið fram að stjórnarandstaðan hefði komið í veg fyrir að lagt yrði fram nýtt tilboð. Og einnig að til hefði staðið að undirrita nýja samninga en stjórnarandstaðan hefði komið í veg fyrir það. Það var fjarri lagi enda hefur lítið þokast frá því að viðsemjendur okkar sendu frá sér tilboð sem allir flokkar telja óásættanlegt. Þó tók forsætisráðherra upp á því kvöld eitt, rétt fyrir atkvæðagreiðsluna, og lýsti því yfir að útlit væri fyrir að samningar gætu tekist það sama kvöld. Þetta kom öllum í opna skjöldu, ekki hvað síst samningamönnunum.

Aðalútspil fjármálaráðherra fyrir atkvæðagreiðsluna var að lýsa því yfir á blaðamannafundi að einhverjir í samningaliðinu vildu ekki semja. Að því búnu hljóp hann út. Það dugði til að setja af stað alls konar getgátur þangað til fullyrðingin var meira og minna dregin til baka.

SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

Allt gengur út á að „hanna“ umræðu og atburðarás án tillits til raunveruleikans. Nú virðast ráðherrarnir tveir róa að því öllum árum að losna við samráð við stjórnarandstöðuna og kenna um leið stjórnarandstöðu um að hlaupast undan merkjum.

Fáeinir blaðamenn, sem lýst hafa sig eindregna stuðningsmenn ríkisstjórnarmeirihlutans í Icesave-málinu, virðast líta á það sem hlutverk sitt að hafa áhrif á atburðarásina fremur en að segja frá henni. Síðast rakst ég á klausu í dagblaði sem var uppspuni frá rótum. Klausan átti að lýsa ummælum formanns samninganefndarinnar um nálgunina í viðræðunum og mig. Þar var ekki eitt satt orð og raunar um fullkomin öfugmæli að ræða. Eigi að takast að leysa Icesave-málið sómasamlega verða allir stjórnmálaflokkar að vinna saman að lausn þess á rökréttan hátt með hagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi í stað þess að láta hagsmuni flokka eða óvild í garð annarra ráða för.

Höfundur er alþingismaður og formaður Framsóknarflokksins.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

TÚLÍPANAR af sjötíu mismunandi gerðum og tíu afbrigði af liljum verða til sýnis í Blómavali í Skútuvogi um helgina. Flest blómanna eru sérstaklega ræktuð hér á landi fyrir þessa sýningu. Sýningargestir velja fallegasta túlípanaafbrigðið á sýningunni. Sýningin verður opnuð í dag klukkan 16 og opið er til 21 bæði laugardag og sunnudag.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Allt í steik

framlengt út mars

Hinn árvissi 4ra rétta „Allt í steik“ seðill gleður bragðlaukana. Skyldumæting fyrir alla sem unna góðum mat á góðu verði.

1 KRYDDLEGIN KLAUSTURSBLEIKJA
með rússneskri pönnuköku, dillrjóma og piparrótarsósu

2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA
með Madeira og grilluðum humarhölum

VELDU MILLI FJÓGURRA AÐALRÉTTA

FISKUR DAGSINS
ferskasti hverju sinni, útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar (4.990 kr.)

BEIKONVAFINN OG FYLLTUR FASANI
með polentu og kóngasveppasósu (5.590 kr.)

3 RIB EYE
með kartöfluturni, Bearnaisesósu og steinseljurótarmauki (6.590 kr.)

NAUTALUND
með grænmetismósaík og blönduðum skógarsveppum (7.590 kr.)

4 SÚKKULAÐIFRAUÐ
með hindberjahlaupi, ferskum ávöxtum og passionís

Hringbrot

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Arna Þórey Benediktsdóttir dóttir Ástu nælir sér í bita. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjölbreytnin fyrir öllu

Matur úr öllum fæðuflokkum er í boði á heimili næringarfræðingsins Ragnheiðar Ástu Guðnadóttur. Hún reynir að hafa hollar neysluvenjur fyrir börnunum sínum en er þó ekki með boð og bönn.

Næringarfræðingurinn Ragnheiður Ásta Guðnadóttir, eða Ásta eins og hún er kölluð, leggur eins og gefur að skilja mikið upp úr hollu mataræði. Umfram allt leggur hún þó áherslu á fjölbreytni.

„Ég er með fjögur börn á heimilinu og reyni að bjóða upp á mat úr öllum fæðuflokkum og hafa jafnt fisk-, kjöt- og grænmetisrétti á borðum. Ég reyni að halda kexi og nammi í lágmarki en það er þó alveg í boði þegar tilefni er til. Hins vegar geri ég talsvert af því að draga úr sykri þegar ég baka og bæta uppskriftir með tilliti til hollustu eins og kostur er.“

Ásta er dugleg að elda enda hefur hún marga munna að metta. Hún segir neysluvenjur fjölskyldunnar hollar en leggur þó áherslu á að allt sé gott í hófi og ekki sé æskilegt að vera með boð og bönn. „Neysluvenjur eru yfirleitt lærðar og börnin temja sér það sem þau eru alin upp við. Ég reyni því að beina þeim á réttar brautir og býð til dæmis alltaf upp á grænmeti með matnum.“

SKELFISKS-PIZZA

Pitsudeig
15 g pressuger
1 ¼ dl volgt vatn
3 ½ dl hveiti og heilhveiti til helminga
½ tsk. salt
½ tsk. sykur
1 ½ msk. olía

Gerið mulið út í vatnið og látið standa í 10 mínútur. Hveiti, salt og sykur sett í skál og olíu og gervökva bætt út í. Látið hefast í um það bil 30 mínútur.

Álegg
300 g skelfiskur (til dæmis humar og hörpudiskur)
2 msk. hvítlauksolía (2 stk. marin hvítlauksrif og ólívuolía)
2 stk. tómatar, saxaðir
1 búnt steinselja, söxuð
pitsusósa
rifinn ostur
sjávarsalt og pipar

Ofninn hitaður í 220°C.

Pitsudegið flatt út á bökunarplötu, pitsusósu, rifnum osti, skelfiski og tómötum dreift yfir. Kryddað með hvítlauksolíu, steinselju, salti og pipar. Bakað í 10 mínútur. Borið fram með góðu salati.

Ásta er enn í fæðingarorlofi með yngsta barnið sitt en að því loknu mun hún snúa aftur til Næringarsetursins sem hún rekur í félagi við þrjá aðra næringarfræðinga. „Við höfum starfsemina fyrir tveimur árum og önnumst bæði ráðgjöf og fræðslu en margt af því fólki sem kemur til okkar glímir við ofþyngd, ofnæmi og sykursýki.“

Ásta gefur lesendum uppskrift að skelfisks-pitsu en hún segir vel hægt að búa til nokkuð holla pitsu. „Ég hef heilhveiti og hveiti til helminga og vel hollt og gott álegg. Pizzan er svolítið sparileg og ef börnin setja sig upp á móti skelfisknum er auðvelt að hafa eitthvað annað á þeirra helmingi.“

vera@frettabladid.is

HELGIN

UPPSKERUHÁTÍÐ TÓNLISTARSKÓLA á Norður- og Austurlandi verður í Ketilhúsinu á morgun klukkan 14 og 15.30. Þar koma fram tónlistarnemendur sem Tónlistarskólinn á Akureyri og fleiri skólar á svæðinu völdu til þátttöku.

NÝTT - NÝTT - NÝTT



Teg. Koral - ofsalega fallegir push up BH í B,C,D,DD,E,F,FF,G skálum á **kr. 6.885,-"**

Misty -fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18,
laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

Gaflarakaffi

HAFNARFJARÐARBÆR HELDUR ÍBÚAÞING Á MORGUN UNDIR HEITINU GAFLARAKAFFI.

Á þinginu, sem hefst klukkan 13 og lýkur klukkan 16, er öllum Hafnfirðingum boðið að koma og taka þátt í skemmtilegri vinnu við að móta framtíð Hafnarfjarðar. Í Gaflarakaffinu fer fram létt spjall og skoðanaskipti en hægt verður að koma og fara að vild, taka þátt í umræðum, hlusta á fróðlega fyrirlestra eða einfaldlega skilja eftir miða með athugasemdum, ábendingum og tillögum.
Boðið verður upp á fyrirlestra um miðbæinn, upplandið og Óttarstaðahöfn en fyrirlesarar koma bæði úr röðum íbúa og embættismanna.

Frístundabíllinn býður upp á ókeypis akstur milli klukkan 12.20 og 16 á meðan íbúaþingið stendur. Upphafs- og endastöð verður við Lækjarskóla og ekið verður samkvæmt leiðakerfi Frístundabílsins.

Gaflarakaffið verður sent út í beinni á www.hafnarfjordur.is og geta þeir sem ekki eiga heimangengt fylgst með því á Vefveitunni. Nánari upplýsingar og dagskrá er að finna á www.hafnarfjordur.is.

Vigdís með kisuna sína Sögu Nótt sem er af Maine Coone-kyni. Þótt hún sé stór eins og myndin sýnir segir Vigdís hana fremur smáa miðað við högna af sama kyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Keppni kynlegra katta

Alþjóðlegar kattasýningar Kynjakatta fara fram um helgina. Þar verða sýndir 144 kettir af fimmtán tegundum. Vigdís Andersen mætir með kisuna sína Sögu Nótt sem er af tegundinni Maine Coone.

Kattategundir á borð við Exotic, Persian, norskan skógarkött, Ragdoll, Bengal og Cornish Rex eru meðal þeirra sem sýndar verða á alþjóðlegum kattasýningum Kynjakatta í Miðhrauni 2 í Garðabæ á morgun og á sunnudag.

Kettirnir, sem verða 144 talsins og af fimmtán tegundum, verða til sýnis. Dómarar ganga á milli og dæma hvern kött fyrripart dags, en seinni hluta dags eru úrslit þar sem valdir eru bestu kettir sýningarinnar.

Vigdís Andersen mætir að venju með kisuna sína Sögu Nótt sem er af tegundinni Maine Coone. Vigdís ræktar tegundina en segist vera nýgræðingur í greininni. „Ég er bara rétt að byrja, er búin að eiga kisuna mína í sex ár og er núna með fyrsta gotið mitt undan henni," upplýsir Vigdís sem starfar sem ritari Kynjakatta.

Hún segist upphaflega hafa flokkað sig sem hundamanneskju en eftir að hún kynntist manni sínum, sem hafði alltaf átt ketti, kom upp sú hugmynd að fá sér kött. „Mig langaði þá að eignast hreinræktaðan kött. Ég hafði lesið mér til um Maine Coone og heillaðist mikið af tegundinni."

Köttur af Cornish Rex-kyni af sýningu Kynjakatta í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

En hvað er heillandi við Maine Coone? „Þeir eru blíðir, rólegir og yfirvegaðir," svarar hún glaðlega.

Vigdís heillaðist ekki aðeins af köttum heldur líka félagsskapnum í kringum þá. „Það er samrýmdur félagsskapur í kringum Maine Coone-eigendur. Við erum dugleg að koma á sýningar og höldum hópinn," segir Vigdís sem finnst einstaklega gaman á sýningum. „Eigendurnir skreyta til dæmis búr katta sinna og verðlaun eru veitt fyrir besta búrið." Hún hefur nóg að gera á sýningum enda hefur hún leiðst út í að vera dómþjónn sem felst í að aðstoða dómarana með kettina enda þarf allt að ganga hratt fyrir sig á stórri kattasýningu.

solveig@frettabladid.is

ALLT HEILSA

Þriðjudaga

NÝJAR VÖRUR
Stuttkápur
Gallajakkar • Bolir
Útsalan heldur áfram, enn meiri lækkun
Topphúsið
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16

tölvunám.is
árangursríkt og hagkvæmt

Staðnám:
hnitmiðuð og hagkvæm námskeið í kennslustofu

Námskeið:	Hefst:	Verð:
55 ára +	16. mars	31.500 kr.
Excel I	18. mars	14.900 kr.
Byrjandanámskeið	8. apríl	25.900 kr.
Myndavélin, tölvan og netið	21. apríl	14.900 kr.
Myndvinnsla	13. mars	19.500 kr.

Vefnám:
Tölvunám á netinu, hvar sem er og hvenær sem er.
Excel, Word, PowerPoint, Access, Outlook, Photoshop o.fl.
Fjögur námskeið á 1.870 kr. á mánuði í 12 mánuði.

www.tolvunam.is - sími 552 2011
Síðumúli 13, 108 Reykjavík

Framandi pizzur á föstudögum
GRÆNN KOSTUR
Skólavörðustíg 8 • 101 Reykjavík • s. 552 2028

Herra spariskór

Góðir og vandaðir herraskór
úr leðri, skinnfóðraðir
Litur: svart
Stærðir: 40 - 47
Verð: 17.885.-

Misty skor Laugavegi 178
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18, laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

„Við Japanir borðum mikinn fisk og frekar hrísgrjón en brauð," segir séra Toshiki Toma. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hollur og góður matur við hæfi alþýðunnur

Almenningur í Japan neytir fisks, grjóna og grænmetis í meira mæli en við Íslendingar en þess minna af brauði og kjöti, að sögn Toshiki Toma innflytjendaprests sem bjó til hollan fiskrétt fyrir Fréttablaðið.

„Við borðum fitu en hún er í formi olíu og við borðum mun minni ost og mjólkurvörur en Íslendingar," byrjar séra Toshiki þegar hann er beðinn að lýsa mun á matarvenjum Japana og Íslendinga. „Hlutfall fitu í mjólkinni í Japan er miklu minna en á Íslandi. Þar á móti borðum við mjög oft djúpsteiktan mat og notum kannski hrísgrjón í staðinn fyrir brauð. Kjötskammtarnir eru yfirleitt um helmingi minni hjá okkur en hjá Íslendingum en grænmetið þeim mun meira." Séra Toshiki segir kjöt yfirleitt skorið í þunnar sneiðar þegar það er borið fram í hans gamla heimalandi. Þrátt fyrir það segir hann algengt að miðaldra menn séu þar yfir kjörþyngd og að þeim sé ráðlagt að minnka olíuna en auka grænmetið.

gun@frettabladid.is

STEIKT ÝSA MEÐ GRÆNMETISSÓSU

ca. 300 hitaeiningar skammturinn **FYRIR 2**

2 ýsuflök
2 meðalstórir shiitake-sveppir (hægt að fá í pökkum í Hagkaup)
1 meðalstór gulrót (50 g)
5-6 baunabelgir
50-60 g baunaspírur
2 msk. kartöflumjöl
2 msk. salatolía (hvaða grænmetisolía sem er)
1 matskeið sesamolía

A) Fyrir fiskinn
Smá salt
Smá hvítur pipar
2 msk. sojasósa
2 msk. sake (japanskt hrísgrjónavín. Ekki nauðsynlegt, má líka nota hvítvín)

B) Krydd fyrir sósuna
1 msk. japanskt hrísgrjónaedik
3 msk. japönsk sojasósa (kínversk hefur annað bragð)
1 msk. mirin (sæt japönsk sósa)
½ tsk. engifersafi
2 tsk. sykur

C) Súpusoð fyrir sósuna
2 dl vatn
½ fiskteningur

Skerið ýsuflökin í tvo eða þrjá bita (50-70 mm) og leggið í sósu A) í 30 mínútur. Þurrkið þau síðan örlítið og veltið upp úr kartöflumjölinu.

Skerið sveppina í 5 mm sneiðar og gulrótina í 8 mm ferkantaðar sneiðar. Skerið baunabelgina í tvennt eftir endilöngu.

Hitið sesamolíuna á pönnu og steikið gulrótina og baunabelgina fyrst, bætið síðan sveppunum og baunaspírunum við og steikið þar til allt er orðið mjúkt. Setjið sósur B) og C) saman við grænmetið og blandið vel.

Setjið kartöflumjöl (1 matskeið) og 30 ml kalt vatn í skál og blandið vel saman. Hellið því saman við grænmetið og hrærið vel á meðan.

Hitið pönnu með salatolíunni, steikið fiskinn og setjið hann á tvo diska. Hellið síðan grænmetisblöndunni yfir og rétturinn er tilbúinn!

Keppt um besta saltfiskinn

Saltfisksetrið í Grindavík og félagið Matur-saga-menning standa fyrir uppskriftakeppni um bestu saltfiskréttina 2010.

Þeir sem luma á góðri saltfiskuppskrift geta nú skráð sig til keppni á vegum Saltfisksetursins og félagsins Matur-saga-menning. Það eina sem þarf að gera er að senda uppskriftina í tölvupósti á matarsetur@matarsetur.is fyrir 21. mars.

Fimm bestu saltfiskuppskriftirnar verða valdar í lok menningarviku Grindavíkur af þeim Laufeyju Steingrímsdóttur næringarfræðingi og Sigurvini Gunnarssyni matreiðslumeistara. Vinningar eru veittir fyrir fimm efstu sætin. Sá sem á bestu uppskriftina hlýtur 30 þúsund krónur að launum.

Menningarvika Grindavíkur verður haldin 13. til 20 mars undir yfirskriftinni Menning er mannsins gaman. Þetta er í annað sinn sem menningarvikan er haldin og er dagskráin fjölbreytt og skemmtileg en um fjörutíu metnaðarfull atriði eru á dagskrá.

Girnilegur saltfiskréttur.

Í Saltfisksetrinu, Hafnargötu 12a Grindavík verður til dæmis myndasýning Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar kennara „Lífið er saltfiskur", 140 gamlar myndir tengdar saltfiski, auk hefðbundinnar saltfisksýningar safnsins.

Setning menningarvikunnar fer fram á morgun en þá mun Dorrit Moussaieff forsetafrú taka í prjóna þegar hafist verður handa við að prjóna lengsta trefil í heimi.

Vinningsuppskriftir úr saltfiskkeppninni verða sýnilegar á vefsíðunum www.matarsetur.is og www.saltfisksetur.is eftir keppnina en þess má geta að í menningarvikunni mun Salthúsið í Grindavík, www.salthusid.is bjóða upp á vinningsuppskrift saltfisksréttar frá 2009. *- sg*

Sýningin Orkuverið Jörð verður opin á Safnahelgi á Suðurnesjum. Sýningin rekur sögu orkunnar frá Miklahvelli að virkjun jarðhita á Reykjanesi og er í stöðvarhúsi Reykjanesvirkjunar HS orku á Reykjanesi.

www.reykjanesbaer.is

Gullsmíðaverkstæði Árna Höskuldssonar lokar 13. mars næstkomandi

Mikið úrval skartgripa

ÚTSALA

40% afsláttur af öllum vörum

Opnunartími 13:00 til 18:00 virka daga
laugardaginn 13. mars 11:00 til 17:00

Bergstaðastræti 4 – 101 Reykjavík – Sími: 562-0335

ÞESSI ER MEÐ TUDOR

Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja
mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is
opið virka daga frá 8:15 - 17:30

TUDOR
fæst í Sólningu Kópavogi, Njarðvík og Selfossi og Barðanum Skútuvogi

RISAPÁSKAEGG FRÁ NÓA

Allir sem skrá bíl, mótorhjól eða ferðavagn fara í pott og við drögum út 3 risapáskaegg frá NÓA 31. mars.

BÍLALIND.IS
www.motorogsport.is

Til sölu ískápur 146cmx60x60, einbreitt rúm, sjónvarpsskeinkur og sófaborð. Uppl í S. 615 4588 & 445 4586

VILTU SKAPA ÚR GLERI?
40% afsláttur 100 litir í mosaic, tiffanys og bræðslugleri. Handverkshúsið Bolholti R.vík og Kaupangi Akureyri. S:555 1212 P.s. ýmis handverksnámskeið í gangi.

Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

Óskast keypt

Óska eftir hornsófa eða 2+3 sófum. Uppl. í s. 869 3678.

Kaupi gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Upplýsingar á demantar.is

í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Til bygginga

Harðviður til húsabygginga.
Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is

Verslun

HEILSA

Heilsuvörur

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA MASSAGE
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Marstilboð. Óléttubekkir á sama verði og venjulegur ferðanuddbekkur. 891 6447 Óli

NÝTT SPA - DREAM OASIS
NUDD: Heilln.,Svæðan., Slökunarn., Ayurvedan., Heitsteinan., Tibet loftn., Hunangsnudd., Detox, Skrúbb, Pottur, Sólbekkir. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

NUDD
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Gott nudd - good massage. S. 846 1397.

NUDD TILBOÐ FYRIR 2 KR. 9900
Skrúbb, heitur pottur og nudd. Tilboð í DETOX fyrir 2 kr.9000. Margar tegundir af nuddi, slökun, snyrting, veitingar, næringar, vítamín og heilsuráðgjöf. Ekkert sex nudd, NO sex massage. Málverkasýning Unu á staðnum. Pantanir 445 5000. J. B. Heilsulind.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni á Ford Focus tdci disel ,07 Uppl. í s. 892 9490 & 557 9387, Guðný I. Einarsdóttir.

HEIMILIÐ

Heimilistæki

Undra Mopan,sópa og skúrar i firði,gæðavorur i apelsínan kondu sjá

Dýrahald

Til sölu hreinræktaður Papillon rakki, ættbókarfærður hjá HRFÍ. Tilbúinn til afhendingar. Upplýsingar í s. 861 3670.

OK dog gæðafóður 15 kg. poki 5.980 kr. Petmax Skútuvogi 11a - sérhæfum okkur í fóðri

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leiguliðar ehf
Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

2 herb. nýuppgerð íbúð í 101 til leigu. Uppl. í s. 896 0524.

4. herb. raðhús til leigu á Framnesvegi 101, rvk. Frábær staðsetning, stutt í alla þjónustu. Langtímaleiga, laus 1. apríl. Uppl. í s: 770 0811.

40 ára karlmaður óskar eftir 2 herb. íbúð. Greiðslug. 70 þús. max. S. 771 9906.

Góð 4. herb. 114m2 Íbúð til leigu í norðurbæ Hafnarfjarðar. Frábært staðsetning, stutt í alla þjónustu. 120þús. með hússjóði og hita.Langtímaleiga, laus 1. apríl. Uppl. í síma 899 2616 eða 893 5370.

Skrifstofa miðsvæðis óskast Óska eftir skrifstofuhúsnæði miðsvæðis í Reykjavík fyrir 3 starfsmenn. Einar, 891-7973

2 herb. til leigu á svæði 104. Verð 80 þús pr.mán. 2 room apartment for rent. Price 80 thous pr.month. contact number 698 3211.

2 herb. íbúð í Hraunbæ. Leigist reglusömum, 85þ. á mán. Uppl. í s. 898 4733.

108 Espigerdi 165 fm 3 herb. lúxusíbúð með miklu útsýni, leiga 165þús uppl. 868 5860.

Til sölu

Tré Inn ehf
Íslensk framleiðsla - vönduð vara.
Innréttingar - Innihurðir
Eldhús - Bað - Fataskápar - Þvottahús - Stofa - Afgreiðsla - Skrifsstofur - Borðplötur - Skápar - Hillur
Lager eða sérsmíði. Verkstæði Vesturvör 22, 200 Kóp. S. 860 0811

Skemmtanir



Létt Bylgjan

með ást og rómantík fyrir þig

Glæsilegt konukvöld Létt Bylgjunnar í Smáralind 24. Mars 2010

Skemmtun í Vetrargarðinum
Regína Ósk syngur lög Carpenters
Friðrik Ómar syngur lög Elvis Presley
Hellisbúinn í þetta eina sinn utan Óperunnar
Afrekskona Létt Bylgjunnar kynnt og heiðruð
Hera Björk er gestgjafi kvöldsins og tekur lagið

Fordrykkur í boði K.Karlssonar

Glæsilegt happdrætti - avðalvinningar eru:
Ævintýraferð fyrir 2 með Úrval Útsýn, árskort í Hreyfingu og gjafabréf að upphæð 20.000 í Smáralind.

Skemmtileg og lifandi stemning á göngum og í verslunum Smáralindar.
Skemmtilegar uppákomur um allt hús.

Smáralind

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

Útboð

Fasteignir Ríkissjóðs óska eftir tilboðum í verkið:

Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað Endurnýjun glers.

Um er að ræða skipti á 398stk, alls um 190m2 af gleri í hluta húsnæðis sjúkrahússins.

Útboðsgögn verða afhent án endurgjalds frá og með 15.mars á skrifstofu Verkís hf. Kaupvangi 3b á Egilsstöðum Tilboðum skal skilað inn fyrir kl 14:00 þann 29.mars á skrifstofu Verkís og verða þau opnuð þá.

Atvinna

HAMAR

Leitum að verkstjóra

Hamar ehf. Vélaverkstæði.

Hamar efh, vélaverkstæði á Eskifirði leitar að verkstjóra.

Fyrirtækið:
Hamar ehf, er framsækið málmiðnaðarfyrirtæki, með aðsetur á Eskifirði, Akureyri, Kópavogi og Þórshöfn. Við erum fremstir meðal jafningja og sláum hvergi slöku við þegar kemur að gæðum á vöru og þjónustu eða aðbúnaði fyrir starfsmenn okkar. Við erum með vel útbúið vélaverkstæði á Eskifirði með góðri vinnaðstöðu.

Menntun:
Vélvirki, stálsmiður eða vélstjóri.

Eskifjörður er í miðri Fjarðabyggð.
Fjarðabyggð er fjölskylduvænt samfélag – gott traust og öruggt. Hér eru góð tækifæri til menntunar og tómstundaiðkunar
Hér eru kjöraðstæður til útivistar og fallegir fjallasalir blasa alltaf við.
Hér er samhent samfélag þar sem höfuðáhersla er lögð á að hlúa að þeim þáttum sem tryggja raunveruleg lífsgæði.
Fjarðabyggð = þú ert á góðum stað.

Allar nánari upplýsingar veita:
Eiríkur Ólafsson Svæðisstjóri Hamar ehf á Eskifirði
eirikur@hamar.is sími: 476-1111/6603646
Sigurður K. Lárusson Framleiðslustjóri Hamar ehf
siggil@hamar.is sími: 564-6062/660-3613.

Húsnæði óskast

Verslunarhúsnæði óskast til kaups eða leigu. Leitum að 50-100m2 verslunarhúsnæði á Skólavörðustíg eða í Bankastræti. Nánari upplýsingar í síma: 898-8920

Óska eftir snyrtilegri 4herb íbúð í Garðabæ eða nágrenni. Helst langtímaleiga. Vinsamlega hringið í 8433948 Hjörtur

Sumarbústaðir

Smáhýsi til sölu 13m2 - fullbúinn timburhús. Verð 1750þ. m/vsk. S. 692 4597 & pallikri@gmail.com

Atvinnuhúsnæði

Til leigu, 90, 180, 360 og 1000 fm iðnaðar- og lagerhúsnæði í Hafnarfirði. Uppl. 660 1060.

Til leigu 210 fm. iðnaðarhús í Hafnarf. Uppl. í síma 892 9260.

320 fm iðnaðarhúsnæði til leigu á Smiðjuvegi. Möguleiki á að skipta í tvö bil. Uppl. í síma 896 0551.

Geymsluhúsnæði

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

ATVINNA

Atvinna í boði

Óskum eftir verkamanni til starfa á höfuðborgarsvæðinu þarf að hafa lyftara eða vinnuvélapróf. uppl. í 898 9308 á skrifstofutíma.

Kaffi Roma á Rauðarvatnsstíg vantar ábyrgðafullann starfsmann í fullt starf í afgreiðslu. Verður að geta talað íslensku. S. 866 0576.

Erum að leita að hressum fagmönnum í 100% og 50% stólaleigu á smart hársnyrtistofu í 101. Áhugasamir hafi samband á mojo@mojo.is eða í síma 562-6161

Hefur þú verið að bíða eftir stóra tækifærinu? Vantar öflugt sölufólk. Árangurstengd laun. Lágmarksaldur 22 ára. Kristján í s. 770 0800.

Atvinna óskast

HÁSETI ÓSKAR EFTIR FÖSTU PLÁSSI
30 ára, vanur á trolli, netum og humri. Skoða allt. Sigurður í s. 841 8540.

Viðskiptatækifæri

Til sölu skermagerð í fullum rekstri ,um er að ræða efnislager,snið og tilbúnar vörur . Verið starfandi í 37 ár. Upplýsingar í síma 897 4090.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Einkamál

The Purple Rabbit
PurpleRabbit.is

Spjalldömur 908 1616

Opið frá kl. 13:00 og frameftir á virkum dögum. Opið allan sólahringin um helgar.

908 1616.

Óskum eftir verkamanni til starfa á höfuðborgarsvæðinu þarf að hafa lyftara eða vinnuvélapróf. uppl. í 898 9308 á skrifstofutíma.

Óska eftir kynnum við konu á aldrinum 55-65 ára. Upplýsingar í síma 8929512

Strákar spjallið við dömuna
S. 908 1010 virka daga

Samkynhn. KK ath:
Nú er allt vaðandi í nýjum auglýsingum samk.hn. KK og það bætast sífellt nýjar við! Þú auglýsir og vitjar skilaboða frítt í s. 535-9923 en heyrir auglýsingar annarra í s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (Visa/Mastercard). Ertu búinn að heyra nýjustu auglýsingarnar í dag?

Ert þú sá rétti? Ung, dökkhærð kona vill kynnast ákveðinni „tegund" af karlmanni til að skemmta sér með. Auglýsingu hennar má heyra á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (Visa/Mastercard), augl.nr. 8356.

Þú fylgist með henni baða sig! Hér er ný og spennandi hljóðritun ungrar konu sem finnst yndislegt að hljóðrita athafnir sínar í baðkarinu þannig að þú getir notið þeirra með henni. Hlustaðu á þessa í einrúmi! Þú heyrir hana hjá Sögum Rauða Torgsins, símí 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (Visa/Mastercard), uppt.nr. 8412.

BYLGJAN
Í FYRSTA
SÆTI

BYLGJAN ÞAKKAR
HLUSTENDUM
SAMFYLGDINA
Á HVERJUM DEGI

Bylgjan ber af og tryggir að skilaboð auglýsenda komist áleiðis til mikilvægustu markhópanna.*

* Samkvæmt mælingum Capacent á hlustun í mínútum í aldurshópnum 18 – 49 ára, vika 40, 2009.
Auglýsing á Bylgjunni birtist samtímis á Létt Bylgjunni og Gull Bylgjunni.

LÉTT BYLGJAN 967 GULL BYLGJAN 909

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Tilkynningar

INNRITUN Í GRUNNSKÓLA Í GARÐABÆ FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2010-2011

Í Garðabæ velja foreldrar í hvaða grunnskóla þeir senda barn sitt. Komi til þess að aðsókn í tiltekinn skóla verði meiri en húsrými leyfir gilda eftirfarandi viðmið um forgang nemenda í þann skóla:

1. Lögheimili í Garðabæ.
2. Nálægð heimilis við skóla.
3. Ef systkini stunda nám í skólanum.
4. Sérþarfir nemenda sem metið er að viðkomandi skóli hafi betri forsendur til að sinna.
5. Aðrar persónulegar ástæður eða aðstæður fjölskyldu, sem mat er lagt á.

Skólastjórnendur grunnskóla í Garðabæ geta heimilað nemanda með lögheimili í öðru sveitarfélagi en Garðabæ skólavist í grunnskóla Garðabæjar, enda sé nægjanlegt húsrými til staðar, ákvörðunin leiði ekki til viðbótarkostnaðar fyrir Garðabæ og að fyrir liggi samningur við hlutaðeigandi sveitarfélag um greiðslu námskostnaðar. Að öllu jöfnu ganga þeir nemendur fyrir sem eru innritaðir á auglýstum tíma.

Innritun nemenda í 1. bekk (f. 2004) og 8. bekk (f.1997) fer fram dagana 15. - 25. mars nk. á skrifstofum skólanna kl. 9:00-15:00.
Einnig er hægt að innrita börnin rafrænt á vef Garðabæjar www.gardabaer.is. **Innritun skal vera lokið 25. mars. nk.**

Sömu daga fer fram skráning vegna nemenda í 2.-6. bekk sem óska eftir að flytjast á milli skóla. **Áríðandi er að foreldrar tilkynni óskir um flutning milli skóla fyrir 25. mars**. Eftir þann tíma er ekki öruggt að hægt sé að koma til móts við óskir um skólavist.

Innritun þeirra barna sem óska eftir dvöl á tómstundaheimilum Flataskóla, Hofsstaðaskóla og Sjálandsskóla á næsta skólaári fer einnig fram þessa sömu daga. Á skrifstofum skólanna eru eyðublöð fyrir slíka umsókn. Eyðublöð eru einnig á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is. Mikilvægt er að sótt sé sem fyrst um dvöl á tómstundaheimilunum.

- **Flataskóli** sími **565 8560**, www.flataskoli.is
- **Garðaskóli** sími **590 2500**, www.gardaskoli.is
- **Hofsstaðaskóli** sími **565 7033**, www.hofsstadaskoli.is
- **Sjálandsskóli** sími **590 3100**, www.sjalandsskoli.is
- **Barnaskóla Hjallastefnunnar** sími **555 7710**,www.hjalli.is
- **Alþjóðaskólinn** sími **694 3341**, internationalschool.is

Athygli er vakin á því að umsóknarfrestur um heimild til að stunda nám í grunnskólum annnarra sveitarfélaga og sjálfstætt reknum grunnskólum á næsta skólaári er til 10. apríl og skulu umsóknir berast skólaskrifstofu á eyðublöðum sem þar fást. Athugið að endurnýja þarf umsóknir fyrir nemendur sem stunda nám utan Garðabæjar á hverju ári. Einnig er hægt að sækja um rafrænt á www.gardabaer.is.

Deildarstjóri skóladeildar

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Fræðslu- og menningarsvið

BT Frábært úrval fermingagjafa

Lendir þriðjudaginn 16.mars kl 20.00

• 13.499

Kaupauki fyrir 100 fyrstu

Forsala á BT.is

NINTENDO WII

Motion plus fylgir

Fylgir

Var að lenda

• 54.999

ACER ASPIRE FARTÖLVA
5542-1462

AMD Athlon X2 Dual Core M300 2.0GHz örgjörvi
4GB DDR3- 667Mhz vinnsluminni
15.6" HD(1366 x 768) Acer CineCrystal skjár
512MB ATI HD4200 skjástýring
320GB 5400rpm SATA diskur
Super Multi DVD±RW skrifari
300Mbps þráðlaust net
1.3MP innbyggð vefmyndavél
Windows 7 Home Premium 64-BIT

Windows 7 Home premium 64-bit

• 119.999

SONY PS3

Nú einnig 250GB

120GB • 69.999

250GB • 79.999

ION LJÓSMYNDA- OG FILMUSKANNI

Ljósmynda og filmuskanni
Skannar ljósmyndir, 35mm og 110mm negatívur
og 35mm slides myndir
Einfaldur hugbúnaður fylgir
Skannar í ljósmyndir í hárri upplausn 5.1 MP (3600 DPI)
Tengist með USB við tölvuna
Tekur aðeins 1-2 sek að skanna ljósmynd

Var að lenda

• 27.999

ION LJÓSMYNDA- OG FILMUSKANNI

Sjálfstæður ljósmynda og filmuskanni sem þarf ekki tölvu
Skannar ljósmyndir, 35mm og 110mm negatívur
og 35mm slides myndir
Einfaldur hugbúnaður fylgir
Skannar í ljósmyndir í hárri upplausn 5.1 MP (3600 DPI)
Skannar beint inn á SD kort eða tengist með USB við tölvu
Stór 3.2" skjár sem sýnir myndirnar strax.
Tekur aðeins 1-2 sek að skanna ljósmynd

Var að lenda

• 34.999

ION FILMUSKANNI
FILM2SD

Skannar filmur og slides yfir á tölvu eða beint á minniskort
Skjár sýnir myndirnar strax
5MP- 2592 x 1680 punkta upplausn
Skannar allt að 30 myndir á mínútu
Hugbúnaður fylgir

• 24.999

ION XPROFILE LP
Plötuspilari

Glæsilegur plötuspilari
Piano svört áferð
USB tengi – til að færa Vinyl plötuna yfir á MP3
RCA tengi – til að tengja við hljómtækjastæðu
Einfaldur hugbúnaður fylgir

Sá vinsælasti

• 24.999

ION USB TROMMUSETT

USB tengt trommusett
Mikil hljómgæði
Öflugur hugbúnaður með ótal möguleikum
Æfingarprógramm

Geðveik græja !

• 39.999

Með fyrirvara um prentvillur,myndbrengl og uppseldar vörur. Tilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum.

BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444

†

Ragnar Mar Cæsarsson
Austurbyggð 17, Akureyri,

er látinn. Útför hans fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Guðfinna Sölvadóttir og fjölskylda.

†

Yndisleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Anney Bylgja Þorfinnsdóttir
Garðabraut 16, Akranesi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 27. febrúar. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug. Sérstakar þakkir til starfsfólks Sjúkrahúss Akraness. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sjúkrahús Akraness.

Ólafur Ágúst Símonarson **Sigríður Selma Sigurðardóttir**
Svana Margrét Símonardóttir
Hjördís Símonardóttir **Dwight W. Fruson**
ömmu- og langömmubörn.

†

Móðir, tengdamóðir og systir mín,
Katrín Kristjana Thors

lést á Droplaugarstöðum 9. mars sl. Jarðarförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 19. mars kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á minningarsjóð Droplaugarstaða.

Sofía Erla Stefánsdóttir **Ásgeir Þór Ásgeirsson**
Sofía Lára Thors Wendler **Dieter Wendler**
og aðrir ástvinir.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,
Óskar Þórarinsson
Múlavegi 4, Seyðisfirði,

lést á Sjúkrahúsi Seyðisfjarðar miðvikudaginn 10. mars 2010.

Gunna Sigríður Kristjánsdóttir
Sigurbjörg Þórunn Óskarsdóttir **Gísli Ögmundsson**
Inga Jóna Óskarsdóttir **Pálmi S. Steinþórsson**
Sveinn Engilbert Óskarsson
Gestur Þór Óskarsson **Sigríður Ásgeirsdóttir**
barnabörn, barnabarnabörn, systkini
og aðrir aðstandendur.

†

Æviminning

Fréttablaðið býður nú upp á birtingu æviminninga á tímamótasíðum blaðsins.

Upplýsingar um stærðir og verð, hafið samband í síma 512 5490 - 512 5495 eða sendið fyrirspurnir á netfangið timamot@frettabladid.is

ÞÓRBERGUR ÞÓRÐARSON FÆDDIST ÞENNAN DAG.

„Sannleikanum skal maður fylgja, hvort sem hann er ljúfur eða leiður.“

Þórbergur (1888-1974) fæddist á bænum Hala í Suðursveit. Hann fluttist ungur til Reykjavíkur þar sem hann vann meðal annars fyrir sér sem kokkur á skútu. Árið 1924 kom út skáldsagan Bréf til Láru en áður höfðu birst ljóð eftir Þórberg í blöðum.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 12. MARS 1894

Kók selt á flöskum

Lyfjafræðingurinn John Pemberton setti saman uppskrift að dökku sírópi á síðari hluta 19. aldar sem hann ætlaði sem undralyf við ýmsum kvillum. Sírópið var sett á krukkur sem seldar voru á fimm sent í Jacobs Pharmacy í Atlanta. Þá var kolsýrðu vatni blandað við sírópið og drykkurinn Coca-Cola varð til og seldur af krana. Coca-Cola var auglýst sem bragðgóður og hressandi drykkur í dagblaði bæjarins, auglýsingaskilti voru fest upp og seldust að meðaltali níu drykkir á dag fyrsta árið. Athafnamaðurinn Asa Griggs Chandler keypti uppskriftina að drykknum árið 1888 og markaðssetti enn frekar. Árið 1894 tók kaupmaðurinn Joseph A. Biedenharn í Vicksburg í Mississippi upp á því að tappa drykknum á flöskur eftir að vinsældir drykkjarins jukust stöðugt í versluninni hans. Flöskurnar sendi hann í kassavís á búgarða og í skógarhöggsbúðir upp með fljótinu og varð fyrstur til að selja kók í flöskum. Árið 1899 var farið að tappa á flöskur í miklum mæli og selja um öll Bandaríkin.

MARTA NORDAL: STENDUR Á FERTUGU Í DAG

Fertugsaldrinum fylgir ró

„Ja, þetta leggst nú betur í mig en þegar ég varð þrítug,“ segir Marta Nordal leikkona hlæjandi þegar hún er spurð hvernig tímamótin leggist í hana en Marta á fertugsafmæli í dag.

„Ég hélt stóra veislu á þrítugsafmælinu og fannst ég orðin agaleg gömul. Fertugsaldrinum fylgir hins vegar ákveðinn þroski, ró og sjálfstraust. Við vorum einmitt að ræða þetta vinkonurnar um daginn og vorum sammála um að við værum miklu sáttari við hvar við erum staddar nú en þegar við vorum yngri. Við vildum bara óska að við hefðum uppgötvað þetta miklu fyrr.“

Marta er fædd í Reykjavík og ólst upp í Laugarneshverfinu þar sem hún gekk í barnaskóla. Þaðan lá leiðin í Menntaskólann í Reykjavík og svo til Bretlands í leiklistarnám. „Það var mjög skemmtilegt að alast upp í Laugarneshverfinu í nálægð við sundlaugarnar og íþróttamenninguna í Laugardalnum. Dalurinn var líka villtari þá og ósnortið leiksvæði fyrir okkur krakkana með holtum og túnum. Þegar ég kom svo heim úr leiklistarnáminu fór ég að leika með Leikfélagi Akureyrar og kom svo hingað suður og lék bæði í Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu.“

Árið 2006 hlaut Marta fyrstu verðlaun í Dansleikhúskeppni Leikfélags Reykjavíkur og Íslenska dansflokksins og samdi í framhaldinu dansverkið Þvílík gleði sem sýnt var 2007. Hún leikstýrði síðan verkinu Fýsn eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann í Borgarleikhúsinu árið 2008.

Þessa dagana er Marta í fæðingarorlofi heima við en hún eignaðist dreng í desember. Fyrir á hún dóttur sem orðin er tveggja og hálfs árs.

„Núna er ég heima með börn og buru og íhuga næstu skref á framabrautinni en ég er alltaf með nóg af hugmyndum. Það var rosalega skemmtilegt að leikstýra og ég vil gera meira af því. Ég er ekkert hætt að leika og það er gott að víkka sjóndeildarhringinn en hlutirnir malla bara í rólegheitum meðan ég er heima. Ég fór reyndar á prjónanámskeið en ég hafði ekki prjónað síðan ég var krakki svo nú sit ég bara við hannyrðir. Prjónaskapurinn er svo róandi iðja, nánast eins og hugleiðsla. Það má kannski segja að andleg iðkun hafi færst yfir mig með aldrinum.“

Að þeim orðum sögðum kemur því kannski ekki á óvart að Marta ætlar sér að eiga rólegan afmælisdag þrátt fyrir tímamótin. Hún segir þó að næsta stórafmæli verði fagnað með stæl. „Fimmtugsafmæli hafa þótt merkilegri en fertugsafmælin gegnum tíðina. Þá er maður hálfnaður í hundrað og skylt að halda upp á það með pompi og prakt og bjóða fjölskyldu og vinum. Ef ég verð ekki bara einhvers staðar á skíðum í Aspen eða í flottri kampavínsferð í Róm þá mun ég blása til fagnaðar.“ **heida@frettabladid.is**

BLÆS TIL FAGNAÐAR Á FIMMTUGU Marta Nordal leikkona ætlar að eiga rólegan afmælisdag en hún er fertug í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Guðrún Elín Ólafsdóttir
Lönguhlíð 7, Bíldudal,

lést á sjúkrahúsinu Patreksfirði miðvikudaginn 10. mars. Jarðarförin auglýst síðar.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabarn.

†

Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýju við andlát og útför bróður okkar og mágs,
Einars Hreiðars Árnasonar
verkfræðings.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Skjóli fyrir góða umönnun í hans veikindum.

Aðstandendur.

FULLTINGI
sýsla- og skaðabótamál
Cheerios
skemmtilegri

RÉTTUR

HÖRKUSPENNANDI LÖGFRÆÐIKRIMMI
HEFST Á SUNNUDAG KL. 20:20

ÍSLAND HEFUR GLATAÐ SAKLEYSI SÍNU
MYRKRIÐ ER SKOLLIÐ Á

ÞAÐ ER
ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

ÞAÐ MARGBORGAR SIG AÐ VERA Í STÖÐ 2 VILD: • LÆGRA ÁSKRIFTARVERÐ • MINNI FYRIRHÖFN • TILBOÐ Á VÖRUM OG ÞJÓNUSTU • FLEIRI STÖÐVAR

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Allt fyrir helgina á betra verði í Bónus

Opnum kl.10 í dag

KJARNAFÆÐI REYKTUR GRÍSABÓGUR

BÓNUS NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR

G.V FERSKAR GRÍSAHNAKKASNEIÐAR M.BEINI

KF KOFAREYKT FOLALD M/BEINI
MERKT VERÐ 798 KR.KG. 40% AFSLÁTTUR

GRÍSAVEISLA FERSKUR GRÍSAKÓTILETTUR

BÓNUS KLEINUR 15 STK

KF FROSIN ÓSOÐIN LIFRARPYLSA
MERKT VERÐ 634 KR.KG. ***40% AFSLÁTTUR***

N.V FERSKIR NAUTABORGARAR 4 STK M/BRAUÐI

BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG

BÓNUS KJARNABRAUÐ 500G

RAUÐ VÍNBER STEINALAUS

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: **FÖSTUDAGUR** 10:00 - 19:30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Allt fyrir helgina á betra verði í Bónus

Opnum kl.10 í dag

BÓNUS ÍS 2 LTR. *JARÐARBERJA - VANILLU - SÚKKULAÐI*

BÓNUS ÍS BRAGÐAREFUR 2 LTR.

N.V FERSKT NAUTAHAKK

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚLINGABRINGUR

BÓNUS SMYRILL 300g

20% afsláttur

Alltaf mjúkur úr ísskápnum

ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

OS GOUDA OSTUR MILDUR 26%

Merkt verð 1296 kr.kg.

25% afsláttur

COKE KIPPA 4 FLÖSKUR x 2 LTR. 798 kr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: **FÖSTUDAGUR** 10:00 - 19:30

Bösl í hnasli og sýsl í rusli

BAKÞANKAR
Brynhildar Björnsdóttur

Snjóa leysir, daga lengir, birta eykst. Undan snjónum gægjast fyrstu græðlingar vorsins, undursmáir og viðkvæmir krókusar, gult gras sem grænkar í rótina af gleði yfir fyrirheitum um sumar og sól. Og svo auðvitað allt ruslið.

UPPLITAÐAR svalafernur, munaðarlausar í morgungjólunni, torkennilegar plasttægjur sem einhverntíma voru stoltur innkaupapoki eða leyndardómsfullar umbúðir um gómsætan skyndibita prýða blómabeð og umferðareyjur hvert sem litið er. Beyglaðar bjórdósir minna á gleði og hverfulleika löngu liðinna rökkurstunda. Meðfram götum og gangstígum liggja líkin af hersveitum neyslusamfélagsins heiðursvörð.

Á VETURNA og einkum og sér í lagi í snjó er eins og allir haldi að drasl hætti að vera til. Það bara gufi upp af sjálfu sér ef því er hent í snjóskafl, leysist upp og hverfi aftur til náttúrunnar á þúsundföldum eðlilegum plastniðurbrotshraða. En því miður er fólk sem hendir rusli frá sér þar sem það stendur mun líklegra til að gera það af hugsunarleysi og leti en ofurtrú á niðurbrotskrafta náttúrunnar.

EINU sinni sá ég meira að segja mölbrotnar leifar af sjónvarpi í Öskjuhlíðinni innan um hálfs árs gamlar sprengitertur. Það þarf töluvert einbeittan brotavilja til að fara með sjónvarp út á víðavang og grýta því í hitaveitustokkana þannig að tætlurnar af því dreifist á margra fermetra svæði.

OG ALLIR gjalda fyrir. Það tekur nokkuð frá vormorgungöngunni að vaða hráblauta pappakassaskafla upp í hné. Það er ekki eins freistandi að sleppa hundinum lausum þegar vonlaust er að sjá fyrir hvaða úldna skyndibita hann nælir sér í úr sinunni.

HVAÐ er eiginlega að? Af hverju hendir fólk ruslinu sínu þar sem það stendur þegar það er snjór? Af hverju er eins og það hafi sprungið öskubíll í götunni minni þegar snjórinn bráðnar? Er fólki hreinlega skítsama um allt rusl og telur sig hafa guðsgefinn rétt til að henda því þar sem því sýnist svo framarlega sem það sést ekki strax? Það er ekki svona mikið rusl úti um allt á sumrin og ég held að það sé ekki bara unglingavinnunni að þakka.

ÁTAKS er þörf. Vitundarvakningar líka. Snjór er bara frosið vatn og brýtur ekki niður drasl. Það kemur alltaf upp á yfirborðið þegar snjórinn bráðnar og er þá orðið miklu ógeðslegra en það var þegar því var hent inn í runnana. Rusl á að fara í ruslið.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

RISA

DVD MARKAÐUR
Í HAGKAUP SMÁRALIND

1.499

1.499

999

999

799

599



VERÐ FRÁ 599 KR.

FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!

799

999

999

Einnig mikið úrval af tilboðsmyndum í Hagkaup Kringlunni, Skeifunni, Garðabæ og Akureyri

SPILUM SAMAN

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

ath. kl. 9 í Norræna húsinu

Blásið er til málþings í Norræna húsinu um norræn öndvegisverk í bókmenntum. Gagnrýnendur, rithöfundar, útgefendur og fræðimenn frá öllum Norðurlöndunum ræða um hugtakið kanón eða hefðarveldi sem hefur verið mikið í umræðunni á Norðurlöndunum eftir að danska ríkisstjórnin lét setja saman lista um öndvegisverk í dönskum bókmenntum árið 2004.

menning

menning@frettabladid.is

Safnahelgi á suðurnesjum

Söfn á Suðurnesjum hafa tekið höndum saman um að bjóða upp á sameiginlega dagskrá nú um helgina 13.-14. mars næstkomandi undir yfirskriftinni „Safnahelgi á Suðurnesjum". Söfn, setur og sýningar á svæðinu eru mörg og fjölbreytt og því verður margt á döfinni. Ókeypis er á öll söfn. Fulltrúar allra sveitarfélaganna fimm á Suðurnesjum hafa unnið sameiginlega að undirbúningi dagskrárinnar og er verkefnið stutt af Menningarráði Suðurnesja, Sparisjóði Keflavíkur og Ferðamálasamtökum Suðurnesja auk framlags sveitarfélaganna sjálfra.

Í dagskrá safnahelgarinnar kennir ýmissa grasa. Tónleikar, sýningar, leiðsagnir og margs konar uppákomur verða haldnar. Humarsúpa, saltfiskur og annað góðgæti verður í boði auk þess sem haldin verður uppskriftarkeppni á saltfiskréttum. Sjómannavalsar, draumráðningar, rokk og ról og harmonikkutónlist. Skessan í hellinum, Heimskautin heilla og Sköpun alheimsins svo fátt eitt sé nefnt.

Í boði er sem sagt fjölbreytt menningardagskrá ásamt freistandi tilboðum á veitingum og afþreyingu fyrir alla fjölskylduna. Itarlega dagskrá sem dreifð er um allt Reykjanes má finna á vefnum: www.safnahelgi.is.

MENNING Gerður Kristný er ein þeirra sem koma fram í bókasafninu í Vogum.

> Ekki missa af

Guðrúnu Gunnars söngkonu og Aðalsteini Ásberg sem flytja úrval úr verkum söngvaskáldsins vinsæla Cornelis Vreeswijk í Norræna húsinu kl. 21 í tali og tónum. Með þeim koma fram Gunnar Gunnarsson pianó og Jón Rafnsson kontrabassi. Dagskráin verður flutt í örfá skipti og sætafjöldi er takmarkaður. Tónleikarnir verða endurteknir á miðvikudag á sama stað og sama tíma.

NORRÆNA HÚSIÐ
Cornelis Vreeswijk
kvöldskemmtun
Örfá sæti laus í kvöld 12/3 kl. 21:00
Aukatónleikar 17/3 kl. 21:00
Forsala á midi.is
NORRÆNA HÚSIÐ
Sérréttatilboð hjá Dill á tónleikakvöldi
DILL

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ

Menningarverðlaun DV afhent

Menningarverðlaun DV voru veitt á miðvikudagskvöld en þau hafa verið áriss viðburður í menningarlífi hér á landi frá því að þau voru sett á stofn fyrir atbeina Ólafs Jónssonar gagnrýnanda, Jónasar Kristjánssonar ritstjóra og Aðalsteins Ingólfssonar listfræðings árið 1978.

MENNING Forseti Íslands afhendir Jórunni Viðar heiðursverðlaunin en dóttir hennar, Lovísa Fjeldsted, stendur hjá. MYND DV

Verðlaun í flokki fræða hlutu Fornleifastofnun Íslands og Gavin Lucas fyrir Hofstaðaverkefnið og bókina Hofstadir, Excavations of a Viking Age Feasting-hall. Að mati dómnefndar, sem Illugi Jökulsson rithöfundur veitti formennsku, er þar um afar vandaða rannsókn að ræða sem hefur skilað að mörgu leyti nýjum og nýstárlegum niðurstöðum um byggð á Íslandi á landnámsöld.

Verðlaun í byggingarlist hrepptu þau Halldóra Arnardóttir og Pétur H. Ármannsson arkitektar fyrir bókina um Manfreð Vilhjálmsson arkitekt sem kom út á liðnu hausti. Að mati dómnefndar sem Margrét Harðardóttir arkitekt leiddi er verkið allt hið vandaðasta og unnið af stakri fagmennsku og alúð, löngu tímabært yfirlit yfir verk Manfreðs Vilhjálmssonar frá rúmlega hálfrar aldar starfsferli hans.

Daníel Bjarnason, tónskáld og stjórnandi, hlaut verðlaunin í deild tónlistar fyrir fjölbreyttan árangur sinn á tónlistarsviðinu árið 2009. Að mati dómnefndar á Daníel skilið verðlaunin fyrir glæsilegan árangur sinn í tónsmíðum og hljómsveitarstjórn á síðastliðnu ári þar sem hann meðal annars stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands, sá um tónlistarstjórn í sýningu Íslensku óperunnar og tók upp og útsetti verk hinna ýmsu listamanna. Formaður nefndarinnar var Ásgeir Jónsson blaðamaður.

Verðlaun fyrir hönnun voru veitt fyrirtækinu Víkurprjóni fyrir framleiðslu þeirra. Að mati dómnefndar sameinar hópurinn hugvit og framsýni því sem þau hafa að leiðarljósi, að nýta þekkingu og vélakost Víkurprjóns og skapa þannig frábærar vörur. Formaður nefndarinnar var Tinni Sveinsson.

Jón Viðar Jónsson, gagnrýnandi og leiklistarfræðingur, stýrði störfum dómnefndar um leiklist, en verðlaunin hlutu þau Benedikt Erlingsson, Bergur Þór Ingólfsson og Halldóra Geirharðsdóttir. Að mati dómnefndar hafa þau Benedikt, Bergur og Halldóra kveikt nýjan áhuga á trúðleik hér á landi og skapað honum áður óþekktan sess innan íslensks leikhúss. Þetta starf þeirra hefur sjaldan borið betri ávöxt en í sýningunni Jesú litla.

Listasafn Reykjavíkur fékk verðlaunin í myndlist fyrir sýningaröð í D-sal Hafnarhúss. Að mati dómnefndar undir forystu Jóns Proppé listfræðings hefur sýningaröð ungra og efnilegra myndlistarmanna í D-sal Hafnarhússins, sem hleypt var af stokkunum árið 2007, heppnast ákaflega vel og verið lyftistöng fyrir unga listamenn og myndlistarlífið í landinu yfirleitt.

Þórunn Hafstað fékk óvænt verðlaun í deild kvikmynda, en þá nefnd leiddi Ásgrímur Sverrisson kvikmyndagerðarmaður. Að mati dómnefndar er áherslan í mynd hennar Íslensk alþýða bæði skemmtileg og nýstárleg, smáatriði opinbera óvæntar hliðar og hið ofurhvunndagslega reynist áhugaverðara en áhorfandinn ætlar.

Kristján Árnason hlaut bókmenntaverðlaunin að þessu sinni fyrir þýðingu sína á Ummyndunum Óvíds. Að mati dómnefndar hefur Kristján skilað þýðingu sem nautn er að lesa og flytur nútímalesendur í goðsagnaheim fornaldar, bæði með þýðingu sinni og greinargóðum inngangi. Formaður nefndarinnar var Gauti Kristmannsson.

Hljómsveitin Hjálmar var tilnefnd í tónlistarflokki Menningarverðlauna DV 2009 fyrir árangur sinn á síðastliðnu ári, en vann í netkosningu. Þá voru Jórunni Viðar veitt Heiðursverðlaun Menningarverðlauna DV árið 2009 fyrir framlag sitt til íslenskrar tónlistar. Í áliti dómnefndar segir að framlag hennar verði seint metið að verðleikum, ekki síst fyrir þátt hennar í að ryðja veg íslenskra kvenna í tónlistarsköpun, á flutningi og útsetningum á tónlist, á ferli sem spannar um sjö áratugi. Afhenti forseti Íslands Jórunni verðlaunin.

pbb@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 12. mars 2010

Tónleikar

20.00 **Friðrik Ómar** og hljómsveit flytja tónlistardagskrá í tilefni af **75 ára fæðingarafmæli Elvis Presley** í **Sjallanum** við Geislagötu á Akreyri.

21.00 **Guðrún Gunnarsdóttir** og **Aðalsteinn Ásberg** flytja úrval úr verkum söngvaskáldsins Cornelis Vreeswijk á tónleikum í **Norræna Húsinu við** Sturlugötu.

21.00 Í tilefni af eins árs afmæli sínu stendur **Sódóma Reykjavík** við Tryggvagötu fyrir tónleikum þar sem fjöldi tónlistarmanna kemur fram; **Jeff Who?**, **Lights on the Highway**, **Ultra Mega Technobandið Stefán**, **Sudden Weather Change** o.fl. Húsið verður opnað kl. 20 og enginn aðgangseyrir.

22.00 Hljómsveitin **Hjálmar** heldur tónleika á **Græna Hattinum** við Hafnarstræti 96 á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 21.00

22.00 **Jenni** og **Franz** flytja powerballöður frá áttunda áratugnum á **Prikinu** við Bankastræti. Enginn aðgangseyrir.

Sýningar

Í **Gerðarsafni** við Hamraborg í Kópavogi, stendur yfir ljósmyndasýning **Blaðaljósmyndarafélags Íslands** auk þess sem á neðri hæð stendur yfir sýning á verkum **Þorvaldar Arnar Kristmundssonar**. Opið alla daga kl. 11-17 nema mánudaga.

Hjá **i8 Galleríi** við Tryggvagötu 16 stendur yfir sýning á verkum **Hreins Friðfinnssonar**. Opið þri.-fös. kl. 11-17 og lau. kl. 13-17.

Síðustu Forvöð

Í **Artóteki**, sýningarrými 1. hæðar í **Borgarbókasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötu, lýkur sýningu **Guðrúnar Auðunsdóttur** á sunnudag. Opið mán.-fim. kl. 10-19, fös. kl. 11-19 og um helgar kl. 13-17.

Hjá **Kling & Bang** gallerii hefur verið opnuð sýning á teikningum eftir átta listamenn en sýningunni lýkur á sunnudag. Opið fim.-sun. kl. 14-18. Nánari upplýsingar á http://this.is/klingogbang.

Uppistand

20.00 **Jón Gnarr** verður með uppistand á **Sögulofti Landnámssetursins** við Brákarbraut í Borganesi. Nánari upplýsingar á www.landnam.is.

Félagsstarf

14.30 **Soffíuhópurinn** flytur dagskrá tileinkaða Theódóru Thoroddsen skáldi og Skúla Thoroddsen alþingismanni í **Félagsmiðstöðinni** að Hæðargarði 31. Allir velkomnir.

Fyrirlestrar

12.00 **Högni Óskarsson** geðlæknir flytur erindi um ímyndir og sjálfsmyndir hjá **ReykjavíkurAkademíunni** við Hringbraut 121 (4. hæð). Nánari upplýsginar á www.akademia.is.

Rock&Roll

mars og apríl

ROCK & ROLL
Grillhúsið
STEAKHOUSE

Músik og matur á Rock´n´roll dögum á Grillhúsinu

MÚR STUÐ

abbey road / design

Fyrir bandið:
STÓRIR FORRÉTTIR FYRIR HÓPINN

"Sticky Wings"
Buffaló kjúklingavængir með gráðostasósu og sellerý stilkum, 25 stk.....kr. 1.990

Road crew - rings
Haugur af djúpsteiktum laukhringjum með salsa sósu.....kr. 1.500

VIP-Sampler
Allt uppáhaldið á einum disk:
Mozzarella-stilkar, kjúklingavængir, fyllt kartöfluhýði, djúpsteiktir laukhringir, heimalagað Nachos...kr. 2.200

Group-Nachos
Stafli af brakandi ferskum, heimalöguðum Nachos með heitri ostasósu, salsa og guacamole.....kr. 1.790

Solo:
AÐALRÉTTIR

Califonian club - samloka
Eins sú besta í bænum: kjúklingabringa, beikon, ostur, guacamole og hunangssósa.....kr. 1795

Classic rock - borgari
Einn fyrir alvöru rokkara: Hamborgari, laukhringir, beikon, salsa, ostur, salat, tómatar og sweet pickles - franskar og hrásalat.....kr. 1.690

Rock´n´roll - Spare ribs
Baby Back Rifja í klístraðri BBQ sósu, franskar og hrásalat.....1/1 kr. 2.190.....½ kr. 1.690

Sound-Check - salat
Chilli-marineraðir kjúklingabitar, salat, tómatar, rauðlaukur, agúrkur, feta-ostur, beikon-bitar, ...KR. 1.790

"Graceland Steak "
Nauta Rib-eye, southern style kartöflumús með beikonbitum, ferskt salat og grillsósa.....kr. 2.980

Crazy crunch
Heimalagaðar brakandi ferskar Nachos með nautahakki, grænmeti, guacamole, salsa og heitri ostasósu.....kr. 1.795

Eftir party:
EFTIRRÉTTIR

Candy cake,
Skrautleg sælætiskaka með karamellusósu og vanillu ís.....kr. 1.190

Hot chocolate cake og þeyttur rjómi
Volg súkkladikaka með vanillu-sósu og þeyttum rjóma.....kr. 1.290

Milk shake
Gómsætur mjólkurhristingur að hætti hússins: vanillu, súkkladi eða jarðaberja.....kr. 950

Fyrir junior rokkara:

Mini-Rocker borgari
Hamborgari, stökkar franskar og koktailsósa.....kr. 895

Ein grilluð Hawaii
Samloka með skinku, osti og ananas, stökkar franskar og koktailsósa.....kr. 795

McCain · Corona Extra · Coca-Cola

„Frábær matur - frábær tónlist"

Kíktu með félögunum í frábæra stemmingu

„Fimm í fötu á frábæru verði"

Grillhúsið, Tryggvagötu 20, 101 Reykjvik - Borðapantanir í síma 5623456

SAMBÍÓIN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
THE BLIND SIDE	kl. 5:20 - 8 - 10:40	L
ALICE IN WONDERLAND 3D	kl. 3:20(3D) - 5:40(3D) - 8(3D) - 10:20(3D)	L
ALICE IN WONDERLAND	kl. 3:20 - 5:40	L
THE REBOUND	kl. 5:50 - 8 - 10:20	L
BROTHERS	kl. 8	12
BROTHERS	kl. 5:50 - 8 - 10:20	
VALENTINE 'S DAY	kl. 8 - 10:40	L
SHERLOCK HOLMES	kl. 10:20	12
PLANET 51 M/ísl. Tali	kl. 3:40	L
BJARNFREÐARSON	kl. 3:40 - 5:50	L
PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ísl. Tali	kl. 3:30	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
THE BLIND SIDE	kl. 5:50D - 8:10D - 10:50D	L
ALICE IN WONDERLAND 3D	kl. 3:30(3D) - 5:50(3D) - 8:10(3D) - 10:30(3D)	L
SHUTTER ISLAND	kl. 8 - 10:50	12
INVICTUS	kl. 5:30 Síðasta sýn. helgi	L
TOY STORY 2 M/ísl. Tali	kl. 3:50(3D)	L
BJARNFREÐARSON	kl. 3:30	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI		
THE BLIND SIDE	kl. 5:30 - 8 - 10:20	L
AVATAR 3-D frumsýnd í 3d	kl. 10:20	L
ALICE IN WONDERLAND	kl. 5:40 - 8	L

NÝTT Í BÍÓ!





SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000		
THE GREEN ZONE	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
THE GREEN ZONE LÚXUS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
THE LIGHTNING THIEF	kl. 5.40	10
LEGION	kl. 8 - 10.15	16
SHUTTER ISLAND	kl. 8 - 11	16
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 5 - 8 - 11	14
ALVIN OG ÍKORNARNIR 2	kl. 3.45 íslenskt tal	L

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919		
THE GREEN ZONE	kl. 8 - 10.30	12
THE GOOD HEART	kl. 5.50 - 8 - 10.10	10
PRECIOUS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 6 - 9	14
MAMMA GÓGÓ	kl. 6	L

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500		
THE GREEN ZONE	kl. 8 - 10.10*	12
FROM PARIS WITH LOVE	kl. 8 - 10	16
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 5.20	14
SHUTTER ISLAND	kl. 5.20	16

*KRAFTSÝNING

REGNBOGINN SÍMI 551 9000		
THE GOOD HEART	kl. 5.50 - 8 - 10.10	10
FROM PARIS WITH LOVE	kl. 5.50 - 8 - 10.10	16
LEGION	kl. 8 - 10.15	16
THE LIGHTNING THIEF	kl. 5.30 - 8 - 10.30	10
NIKULÁS LITLI	kl. 6	L

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus



SÝNINGARTÍMAR

GREEN ZONE	kl. 5.45, 8 og 10.15-P	12
FROM PARIS WITH LOVE	kl. 4, 6, 8 og 10	16
SHUTTER ISLAND	kl. 4, 7 og 10	16
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM...	kl. 4 - Ísl. tal	L

Ekki sofa hjá meðleikurunum

Leikarinn Jeff Bridges hefur varað kollega sína við því að efna til ástarsambanda við meðleikara sína.

Hinn sextugi Bridges, sem vann Óskarinn í fyrsta sinn fyrir Crazy Heart, segist aldrei freistast til að halda fram hjá eiginkonu sinni Susan sem hann hefur verið kvæntur í 33 ár. „Þú vilt ekki stunda kynlíf með einhverjum sem leikur á móti þér. Það fylgja því tóm vandræði. Fjölskyldan mín skiptir mig of miklu máli. Ég veit að kynlíf getur kostað þig allt," sagði Bridges. „Ég er svo ástfanginn af konunni minni. Samband okkar batnar og batnar með hverju árinu.

HJÓN Í 33 ÁR Jeff Bridges ásamt eiginkonu sinni Susan. Óskarsstyttan er að sjálfsögðu ekki langt undan.
NORDICPHOTOS/GETTY

Eiginkonan styður við bakið á mér og það gerir mig jafnvel ennþá ástfangnari af henni."

Hann viðurkennir að hjónabandið hafi verið nokkuð erfitt til að byrja með. „Ég var hræddur við að ganga í hjónaband. Það skiptir engu máli hversu mörgum konum þú ert með sem einhleypur maður, þér finnst þú alltaf þurfa á fleirum að halda."

Bridges er í skýjunum þessa dagana eftir að hafa fengið Óskarinn í fimmtu tilraun en hann hafði fjórum sinnum áður verið tilnefndur án þess að vinna. Næsta mynd hans er vísindaskáldsögumyndin Tron Legacy sem er framhald myndarinnar Tron sem kom út 1982. Þar lék Bridges einmitt eitt aðalhlutverkanna.

Framtíð Iceland Airwaves ræðst í lok næstu viku

Að öllum líkindum mun það ráðast í lok næstu viku hvort Icelandair og Reykjavíkurborg gera nýjan samstarfssamning við fyrirtækið Hr. Örlyg vegna Iceland Airwaves-tónlistarhátíðarinnar.

„Ég vona að það náist samningar við Icelandair en það er ekki í höfn," segir Þorsteinn Stephensen hjá Hr. Örlygi. Fyrirtækið hefur haldið hátíðina undanfarin ellefu ár í samstarfi við Icelandair og Reykjavíkurborg. Síðasti samningur, sem var til fjögurra ára, rann út um áramótin og síðan í haust hafa viðræður gengið hægt fyrir sig.

Samkvæmt Þorsteini snúast viðræðurnar að miklu leyti um eignarhald á hinu verðmæta vörumerki Iceland Airwaves. „Það er hluti af því sem verið er að ræða um þessa dagana, hvernig á að skilgreina eignarhaldið á hátíðinni. Við erum ekki sammála um það. Þar stendur eiginlega hnífurinn í kúnni," segir Þorsteinn, sem ætlar sér að halda tónlistarhátíð hvort sem Icelandair og Reykjavíkurborg verði með eður ei.

Hann er orðinn langeygur eftir svörum frá Icelandair, enda styttist óðum í næstu hátíð sem halda á í haust. „Þetta er búið að taka alltof langan tíma. Ég lagði mikla áherslu á það fyrir hátíðina í fyrra að það myndi ekki myndast óvissutímabil en því miður hefur það gerst. Ég get alveg skilið það að einhverju leyti. Menn eru að horfast í augu við niðurskurð og annað og ekkert alltaf auðvelt kannski að taka svona ákvarðanir."

Fari svo að Icelandair hætti samstarfinu við Hr. Örlyg ætlar Þorsteinn að fá annan styrktaraðila til liðs við sig og þá er spurningin hvort hátíðin mun kallast Iceland Airwaves eða eitthvað allt annað. Hann býst við því að það skýrist í lok næstu viku hvort samstarfið við Icelandair haldi áfram.

Svanhildur Konráðsdóttir, menningar- og ferðamálastjóri hjá Reykjavíkurborg, segir að ákvörðunin um framhaldið liggi hjá Icelandair. „Reykjavíkurborg hefur verið dyggur bakhjarl Iceland Airwaves á mörgum umliðnum árum.

ÞORSTEINN STEPHENSEN Ekki sammála Icelandair um eignarhaldið á vörumerkinu Iceland Airwaves.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Við velkjumst ekki í vafa um hvað þessi hátíð er mikilvæg bæði í menningarlegu tilliti og kynningarlegu tilliti. Það hefur verið tekið frá fjármagn til að styrkja hátíðina áfram á þessu ári og Reykjavíkurborg gerir ráð fyrir því að hátíðin verði haldin," segir Svanhildur. Ekki náðist í fulltrúa Icelandair við vinnslu fréttarinnar.

freyr@frettabladid.is

Þungarokk fyrir dómnefnd

Hljómsveitakeppnin Wacken Metal Battle verður haldin á Sódómu Reykjavík á laugardaginn. Sjö hljómsveitir berjast um að komast út til að spila á hátíðinni Wacken Open Air í Þýskalandi og taka þátt í lokakeppni Wacken Metal Battle þar. Til mikils er að vinna, því sigursveitin fær plötusamning, heilan haug af hljóðfærum og græjum og verður bókuð til að koma fram ári síðar á hátíðinni sem eitt af númerum hennar.

Tíu manna dómnefnd mun velja sigursveitina, en sex erlendir aðilar – blaðamenn, umboðsmenn og tónleikahaldarar – koma til landsins sérstaklega af þessu tilefni.

Sveitirnar sjö sem munu bítast um hnossið í ár eru með því besta sem landið hefur upp á að bjóða í þungarokkinu. Þetta eru black/death metalbandið Atrum frá Hafnarfirði. Carpe Noctem spilar svartmálm og syngur á íslensku, texta sem rífa í sig kristindóminn ásamt því að vitna í norræna goðafræði, heimsendaspádóma og íslenskan svartagaldur. Gone Postal spilar dauðarokk/grindcore og gerði plötuna In the Depths of Despair 2008. Gruesome Glory kemur frá Akureyri og spilar tekníst þungarokk. Severed Crotch er elst keppnissveitanna, hefur verið að síðan 2004, og spilar tekníst þungarokk. Universal Tragedy var stofnuð 2007 og spilar dauðarokk og Wistaria spilar melódískt dauðarokk/metalcore og landaði öðru sætinu í Global Battle of the Bands á dögunum.

HLJÓMSVEITIN BENEATH Sigraði Wacken keppnina í fyrra og kemur fram á laugardaginn.

Tvær gestasveitir koma fram í þessari þungarokksveislu, Beneath sem fór með sigur af hólmi í íslensku Wacken-keppninni í fyrra, og Momentum, sem er að koma fram í fyrsta sinn á þessu ári. Húsið opnar kl. 20 og fer fyrsta sveit á svið kl. 20.45. Miðaverð er 1.300 kr. Æskilegur klæðnaður er svartur.

- drg

DARE 2b

Regatta GREAT OUTDOORS

CRAGHOPPERS

NÝJAR VÖRUR

VOR/ SUMAR 2010

Dömu & herra

Bolir
Skyrtur
Buxur
Zip/off buxur
Stretch buxur
Flíspeysur
Softshell
Isotex jakkar
Isotex buxur
Undirföt
(okkar verð)
Skór (okkar verð)
ofl. ofl.

Barnaföt – okkar verð

Bolir
Flíspeysur
Softshell
Zip/off buxur
Regnjakkar
Regnbuxur
Undirföt
Skór
ofl. ofl.

LAGERSALA/VERÐHRUN

SÍÐUSTU DAGAR – ÓTRÚLEG VERÐ

VETUR 09/10

Dömu & herra

Flíspeysur 1.990,-
Úlpur 3.990,-
Skíðaúlpur 6.990,-
3 í 1 úlpur 6.990,-

Barnaföt

Flíspeysur 1.990,-
Softshell 1.990,-
Úlpur 1.990,-
Skíðaúlpur 4.990,-
Snjóbuxur 4.990,-
Skíðahanskar 990,-

Athugið breyttur afgreiðslutími

VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 –16

ÚTIVIST & SPORT 15 ÁRA

verslun
heildverslun

Faxafen 12 S. 533-1550.

> Stórleikir í körfunni í kvöld

Þrír leikir fara fram í Iceland Express-deild karla í kvöld og tveir þeirra eru af stærri gerðinni. Íslandsmeistarar KR sækja Stjörnuna heim í Garðabæ. KR er á toppnum með 32 stig en Stjarnan í sjötta sæti með 26 stig, en baráttan hjá sex efstu liðunum er mjög jöfn. Grindavík sækir Snæfell heim í Fjárhúsið og þar er ekki síður mikið undir. Grindavík er með 28 stig en Snæfell með 26. Þessi lið mættust einmitt í úrslitum bikarsins á dögunum og þá hafði Snæfell betur.



sport
sport@frettabladid.is

ICELAND EXPRESS-DEILD KVENNA: UNDANÚRSLITIN FARA AF STAÐ Á MORGUN ÞEGAR HAMAR MÆTIR KEFLAVÍK

Fjögur mjög jöfn lið berjast um meistaratitilinn

Undanúrslitin í Iceland Express-deild kvenna fara af stað á morgun þegar Hamar og Keflavík mætast í Hveragerði. Fyrsti leikur KR og Hauka verður svo á sunnudagskvöld. KKÍ kynnti í gær úrvalslið deildarinnar fyrir umferðir 12-20.

„Þetta er fyrst og fremst viðurkenning fyrir liðið sem hefur unnið mjög flotta og mikilvæga sigra í undanförnum leikjum," segir Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hamars, en hann var valinn besti þjálfari umferðanna. „Fjörið er að byrja. Þegar úrslitakeppnin fer af stað fá allir annað tækifæri og fjögur mjög jöfn lið eru að fara að berjast um þennan Íslandsmeistaratitil."

Ágúst segir það skipta mjög miklu máli að fá að byrja heima. „Okkur líður mjög vel heima. Við erum að fara að mæta Keflavík sem hefur mikla sögu og mikla hefð. Það skiptir því miklu máli að fá að byrja heima."

Heather Ezell (Haukum) var valin besti leikmaðurinn en auk hennar eru í úrvalsliðinu Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir (KR), Signý Hermannsdóttir (KR), Helga Hallgrímsdóttir (Grindavík) og Birna Valgarðsdóttir (Keflavík).

Birna er full tilhlökkunar. „Þetta eru þvílíkir leikir fram undan og ég er verulega spennt fyrir þessu. Við glopruðum heimaleikjaréttinum í síðasta leiknum í deildinni en þurfum hvort sem er að vinna úti svo það er alveg eins gott að taka tvo þar," segir Birna.

Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, hefur áhyggjur af því að hvíldin sem hans lið fékk fyrir einvígið gegn Haukum sé of löng. „Við höfum hvílt í tæpar tvær vikur á meðan þær eru að koma úr flottri viðureign. Svona löng bið er aldrei af hinu góða. Þú missir allt tempó úr þínum leik. Við höfum reynt að bregðast við þessu en hvort það verður nóg kemur í ljós," segir Benedikt Guðmundsson.

ÚRSLIT

N1-deild karla:

FH-Haukar	31-25 (15-13)

Mörk FH (skot): Bjarni Fritzson 9/4 (14/4), Ólafur Guðmundsson 5 (12), Ásbjörn Friðriksson 4 (6), Örn Ingi Bjarkason 4 (7), Benedikt Kristinsson 3 (5), Ólafur Gústafsson 3 (6), Jón Heiðar Gunnarsson 3 (3).
Varin skot: Pálmar Pétursson 15/1 (39/4) 38%.
Hraðaupphlaup: 5 (Bjarni 2, Ólafur 2, Ásbjörn).
Fiskuð víti: 4 (Jón, Ásbjörn, Sigurgeir, Ólafur Guðm.)
Utan vallar: 10 mín.
Mörk Hauka (skot): Elías Már Halldórsson 7 (8), Sigurbergur Sveinsson 7/4 (14/5), Freyr Brynjarsson 4 (5), Pétur Pálsson 2 (3), Jónatan Jónsson 2 (3), Björgvin Hólmgeirsson 2 (10).
Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 14 (40/3) 35%, Aron Rafn Eðvarðsson 5 (10) 50%.
Hraðaupphlaup: 1 (Freyr).
Fiskuð víti: 5 (Freyr 3, Elías, Björgvin).
Utan vallar: 8 mín.
Dómarar: Gísli Hlynur Jóhannsson og Hafsteinn Ingibergsson, virkuðu stressaðir og margir furðulegir dómar litu dagsins ljós.

Fram-Valur	26-25 (11-13)

Markahæstir hjá Fram: Haraldur Þorvarðarson 7, Magnús Stefánsson 5, Andri Berg Haraldsson 5.
Markahæstir hjá Val: Arnór Gunnarsson 7/2, Fannar Friðgeirsson 6/2, Sigurður Eggertsson 5.

HK-Gróttа	29-24 (18-12)

Mörk HK: Bjarki Már Elíasson 7, Valdimar Fannar Þórsson 6, Ragnar Hjaltested 5, Atli Ævar Ingólfsson 4, Ólafur Víðir Ólafsson 3, Sverrir Hermannsson 3, Bjarki Már Gunnarsson 1.
Mörk Gróttu: Hjalti Þór Pálmason 7, Jón Karl Björnsson 4, Anton Rúnarsson 3, Matthías Árni Ingimarsson 2, Heiðar Aðalsteinsson 2, Arnar Theódórsson 2, Davíð Hlöðversson 2, Halldór Ingólfsson 1.

STAÐAN:

Haukar	**15**	**11**	**2**	**2**	**384-354 24**
FH	15	9	1	5	423-393 19
HK	**15**	**9**	**1**	**5**	**410-386 19**
Akureyri	14	8	2	4	368-350 18
Valur	**15**	**7**	**2**	**6**	**374-359 16**
Grótta	15	4	0	11	372-408 8
Fram	**15**	**3**	**1**	**11**	**387-423 7**
Stjarnan	14	3	1	10	326-371 7

IE-deild karla:

Keflavík-Njarðvík	82-69 (37-23)

Stig Keflavíkur: Draelon Burns 20, Gunnar Einarsson 16, Sigurður Þorsteinsson 12, Þröstur Leó Jóhannsson 12, Uruele Igbavboa 7, Hörður Axel Vilhjálmsson 4, Gunnar Stefánsson 4, Sverrir Sverrisson 3, Jón Nordal Hafsteinsson 2, Davíð Þór Jónsson 2.
Stig Njarðvíkur: Magnús Þór Gunnarsson 15, Nick Bradford 13, Friðrik Stefánsson 12, Guðmundur Jónsson 11, Páll Kristinsson 8, Jóhann Ólafsson 5, Egill Jónasson 4, Kristján Sigurðsson 1.

Breiðablik-Hamar	74-73
FSu-Tindastóll	73-99

Stigahæstir FSu: Christopher Caird 25, Aleksas Zimnickas 22, Orri Jónsson 13, Jake Wyatt 5,.
Stigahæstir hjá Tindastóli: Friðrik Hreinsson 25, Svavar Birgisson 21, Cedric Isom 16.

STAÐAN:

KR	**19**	**16**	**3**	**1787-1530**	**32**
Keflavík	20	15	5	1862-1582	30
Njarðvík	**20**	**14**	**6**	**1770-1554**	**28**
Grindavík	19	14	5	1770-1524	28
Snæfell	**19**	**13**	**6**	**1800-1584**	**26**
Stjarnan	19	13	6	1609-1526	26
Hamar	**20**	**7**	**13**	**1686-1771**	**14**
Tindastóll	20	7	13	1654-1789	14
ÍR	**19**	**6**	**13**	**1589-1733**	**12**
Fjölnir	19	6	13	1506-1658	12
Breiðablik	**20**	**5**	**15**	**1555-1816**	**10**
FSu	20	1	19	1502-2023	2

Evrópudeildin:

Lille-Liverpool	1-0

1-0 Hazard (84.)

Atletico Madrid-Sporting Lisbon	0-0
HSV-Anderlecht	3-1
Rubin Kazan-Wolfsburg	1-1
Benfica-Marseille	1-1
Juventus-Fulham	3-1

1-0 Legrottaglie (9.), 2-0 Zebina (25.), 2-1 Etuhu (36.), 3-1 Trezeguet (45.)

Panathinaikos-Standard Liege	1-3
Valencia-Werder Bremen	1-1

FH-ingar gátu loksins brosað í gær

Eftir þrjú töp í röð fyrir Haukum náði FH loksins að leggja Íslandsmeistarana af velli. Það gerðu FH-ingar með sóma og voru miklu betri í Hafnarfjarðarslagnum í gær. Haukar voru að sama skapi andlausir.

HANDBOLTI FH braut stóran sálfræðilegan múr í gær er liðið náði að vinna Hauka, 31-25. Þetta var fjórða viðureign liðanna í vetur og Haukar höfðu betur í fyrstu þrem leikjunum. Síðustu tveir leikir voru einnig í Krikanum og þar voru FH-ingar klaufar að fá ekki meira út úr leikjunum.

Það var vel mætt á leikinn í gær en ekki troðfullt út úr dyrum eins og í síðustu leikjum. Stemningin engu að síður fín og það virtist vera nokkur skrekkur í leikmönnum sem og dómurum í upphafi leiks. Þó svo Haukar hafi stigið langt út í Ólaf Guðmundsson í leiknum gekk sóknarleikur FH-ingana betur og þeir tóku strax frumkvæðið. Haukarnir þó aldrei langt undan og munurinn aldrei meira en þrjú mörk í hálfleiknum.

Varnarleikur beggja liða var frekar slakur en markvarslan þó ágæt út allan leikinn. Það hafði kannski sitt að segja að varnirnar spiluðu óvenju heiðarlega sem er ekki alltaf raunin er þessi lið mætast. Vörn FH með Sigurgeir Árna í broddi fylkingar hrökk á undan í gírinn og það hjálpaði heimamönnum við að leiða í hálfleik. 15-13 var staðan þá fyrir.

FH-ingar voru mikið ákveðnari strax í upphafi síðari hálfleiks. Ólafur Guðmundsson lét loksins aðeins til sín taka og varnarleikurinn var betri en í fyrri hálfleik. Á sama tíma var mikill vandræðagangur á sóknarleik Haukanna og varnarleikurinn var aldrei í þeim gæðaflokki sem hann venjulega er hjá Haukum.

Elías Már, Freyr og Birkir Ívar gerðu sitt besta til þess að halda Haukum í leiknum en það dugði ekki til. FH-ingar juku síðan forskotið og þegar níu mínútur voru eftir af leiknum náði FH sex marka forskoti, 26-20, og leikurinn búinn. Þó svo FH-ingar hefðu áður misst niður forskot gegn Haukum þá var það aldrei að fara að gerast í þessum leik. Til þess voru FH-ingarnir of einbeittir og Haukarnir of slakir.

„Ég get alveg viðurkennt að það er mikill léttir að hafa loksins náð að vinna Haukana. Það tók mikið á að tapa síðustu tveim leikjum gegn Haukunum. Þá vorum við að spila vel á löngum köflum og það var hrikalega fúlt að tapa þeim leikjum," sagði Einar Andri Einarsson, þjálfari FH, brosmildur eftir leik en hann var ekki búinn að gleyma klúðrum síðustu leikja og slakaði því ekki á fyrr en seint í leiknum.

„Ég var ekki öruggur með sigur fyrr en 4 sekúndur voru eftir. Strákarnir voru iskaldir og ég vissi að við myndum vinna þennan leik. Við lögðum mikið í undirbúninginn og strákarnir ætluðu aldrei að tapa þessum leik."

Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, virtist ekki vera hissa á því að hans lið hefði tapað leiknum en Haukarnir náðu sér aldrei á strik og voru ólíkir sjálfum sér.

„Ég hef haft þessa tilfinningu eftir bikarúrslitaleikinn að það kæmi eitthvað spennufall í mitt lið en samt sem áður náðum við að vinna bæði Val og Gróttu sem var flott. Í dag var FH að spila við Hauka en við gegn liði í deildinni. Þar lá munurinn og menn mega ekki mæta með slíkt hugarfar í leik FH og Hauka. Það vantaði blóð á tennurnar okkar sem og grimmdina og viljann," sagði Aron en hann óttast ekki framhaldið þrátt fyrir ein mistök.

henry@frettabladid.is

ALLT REYNT Örn Ingi Bjarkason, leikmaður FH, er hér í strangri gæslu í Hafnarfjarðarslagnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Liverpool tapaði fyrri leik sínum í 16-liða úrslitum Evrópudeildarinnar:

Engin frægðarför til Lille

FÓTBOLTI Franska liðið Lille fer með 1-0 forystu á Anfield í seinni leik sinn gegn Liverpool í sextán liða úrslitum Evrópudeildarinnar. Óvíst er hvort það sé nægjanlegt veganesti. Skemmtanagildi leiksins í Frakklandi í gær var mjög takmarkað.

Eina mark leiksins kom sex mínútum fyrir leikslok en það skoraði Eden Hazard úr aukaspyrnu sem gestirnir misreiknuðu illilega. Steven Gerrard og Fernando Torres fengu bestu færi Liverpool en Mickael Landreau í marki Lille var vel á verði.

„Við vorum ekki að spila nægilega vel, það er augljóst. Það er þó ekki öll nótt úti enn. Við eigum seinni leikinn eftir á heimavelli og þessu einvígi er langt í frá lokið. Við þurfum samt að sýna okkar bestu hliðar ef við ætlum okkur áfram. Okkur hefur gengið erfiðlega að undanförnu en við þurfum að takast á við það bara," sagði Javier Mascherano, leikmaður Liverpool.

Rafael Benítez, stjóri Liverpool, segist sjá framfarir á sínu liði. „Ég er ósáttur við úrslitin en ánægður með framlag leikmanna. Við getum unnið öll lið á góðum degi á Anfield. Ég væri með áhyggjur ef menn hefðu ekki lagt sig svona fram í kvöld," sagði Benítez.

„Á heimavelli höfum við magnaðan stuðning, það eru enn eftir 90 mínútur af þessu einvígi. Lille er gott lið, með flotta leikmenn sem geta skapað mikla hættu. Við töluðum um það fyrir leikinn að leggja okkur fram og valda stuðningsmönnum ekki vonbrigðum. Okkur tókst það að mínu mati.

Allir leikir eru mikilvægir fyrir okkur núna. Næst er komið að leik gegn Portsmouth og svo hugsum við út í seinni leikinn," sagði Benítez. - egm

VONBRIGÐI Fernando Torres í baráttunni í leiknum í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Körfuboltalið Keflavíkur:

Fór aftur illa með Njarðvík

KÖRFUBOLTI Keflvíkingar unnu annan stóran sigur á nágrönnum sínum á árinu 2010 þegar þeir unnu Njarðvík 82-69 í baráttuleik í Toyota-höllinni í gær. Keflavík tók annað sætið í deildinni af erkifjendunum en tókst þó ekki að ná betri árangri í innbyrðisviðureignum þar sem Njarðvík vann fyrri deildarleik liðanna með 14 stigum.

Keflvíkingar lögðu gruninn að sigrinum í öðrum leikhluta alveg eins og í bikarleiknum á dögunum.

Njarðvíkingar skoruðu ekki stig á fyrstu sex og hálfri mínútu leikhlutans og á sama tíma skoruðu Keflvíkingar 10 stig í röð og komust í 33-18. Njarðvíkingar náðu aldrei að vinna aftur upp það forskot.

Njarðvíkingurinn Nick Bradford var með 13 stig á móti sínum gömlu félögum en hann tapaði líka 11 boltum í leiknum og allt Njarðvíkurliðið tapaði alls 30 boltum í þessum leik.

- óój

SPORT
besta sætið

FORMÚLAN HEFST UM HELGINA!

SCHUMACHER SNÝR AFTUR!

BAHREIN UM HELGINA!

F1 föstudagur	kl. 19:30	í kvöld
Æfingar	kl. 07:55	á morgun
Tímataka	kl. 10:45	á morgun
Bahrein – Kappaksturinn	kl. 11:30	sunnudag
Við endamarkið	kl. 14:15	sunnudag

ÁRIÐ 2010 VERÐUR MIKIÐ UM BREYTINGAR Í FORMÚLU 1 SEM AUKA SPENNUNA ENN FREKAR!

- Sjöfaldi Formúlu 1 kóngurinn Michael Schumacher mætir aftur til leiks
- Fleiri keppnislið og fleiri ökumenn
- Ný stigagjöf sem hvetur menn til sigurs
- Nýjar keppnisreglur til að auka spennuna

DHL LÝSING

Formula 1

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

> **Cameron Diaz**

„Það er mun algengara að fólk sjái eftir einhverju sem það gerði ekki í lífinu heldur því sem það gerði.“

Diaz fer með hlutverk hinnar ómótstæðilegu Mary í myndinni There's Something About Mary sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 21.40.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ HÓLMFRÍÐUR HELGA SIGURÐARDÓTTIR LIFIR SIG INN Í LÍF VÆNDISKONUNNAR

Hin eilífa leit að hamingjunni

Ég er veik fyrir öllu sem ítalskt er og hef verið frá því ég kom fyrst til þessa dýrðlega lands, Ítalíu, fyrir tíu árum eða svo. Hrifning mín náði þó ekki til ítalskra karlmanna, eða slokknaði í það minnsta áður en hún kviknaði að nokkru ráði. Það var um það leyti er ég varð vitni að því að ítalskar mömmur vefja syni sína í bómull og kalla mögulegar tilvonandi tengdadætur til sín strax eftir annað stefnumót, svo þær geti lært að elda uppáhaldsrétti drengjanna þeirra. Uss, þvílík tímaskekkja, flissuðum við íslensku stelpurnar og vinkonurnar létu hjartaknúsarana fjúka hvern á fætur öðrum.

Ítalskir karlmenn geta þó kannski lítið að því gert að eiga ástsjúkar mæður og eiga örugglega flestir lítið skylt við þá ömurlegu karla sem brá fyrir í Nóttum Cabiriu sem var sýnd á RÚV um helgina. Ég lifði mig inn í leit groddalegu vændiskonunnar Cabiriu að betra lífi og hataðist út í þá lúsablesa

sem stóðu í vegi fyrir henni, sviku hana og lugu að henni, bara til að að komast yfir þessar fáu lírur sem hún hafði náð að skrapa saman á götunni.

Það var skemmtileg tilviljun að RÚV skyldi taka Nætur Cabiriu á sunnudaginn, því einmitt sama dag – engar ýkjur – hafði ég heitið sjálfri mér að leggjast yfir þær bíómyndir ítalska leikstjórans Federicos Fellini sem ég hef ekki þegar séð. Nætur Cabiriu var ein þeirra. Ég tók því sýningu RÚV sem sérstakri gjöf til mín og læt mig nú dreyma um að Sjónvarpið hafi komist yfir feitan Fellini-pakka. Von sé á fleiri gullmolum á næstunni sem taki af mér hausverkinn við að velja sjálf hvaða mynd ég á að horfa á næst.

Að lokum verður að benda þeim sem misstu af myndinni á að komast yfir hana, þó það væri ekki nema til þess að horfa á síðustu mínúturnar. Þær komust strax á topplistann í mínu höfði yfir ógleymanleg lokaatriði í bíómyndum.

FÖSTUDAGUR

▶ **19.20 Auddi og Sveppi** STÖÐ 2

▶ **19.30 F1 föstudagur** STÖÐ 2 SPORT

▶ **20.10 Útsvar** SJÓNVARPIÐ

▶ **20.15 Réttur** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **21.05 Djúpa laugin** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

15.55 Leiðarljós (e)
16.35 Leiðarljós (e)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Fyndin og furðuleg dýr (2:26)
17.35 Gæludýr úr geimnum (16:26)
18.00 Gurra grís
18.05 Tóta trúður (13:26)
18.30 Galdrakrakkar (3:13)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
▶**20.10 Útsvar** Spurningakeppni sveitarfélaganna. Lið Akureyrar og Reykjanesbæjar eigast við í átta liða úrslitum. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir.
21.20 Staðgengillinn (Double Agent) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1987. Njósnari í sendiför hverfur og bróðir hans er fenginn til að hlaupa í skarðið en hann má ekki segja fjölskyldu sinni frá því og á þess vegna erfitt með að útskýra hegðun sína. Aðalhlutverk: Michael McKean, Susan Walden, Christopher Burton og Judith Jones.
22.55 Hollywood-land (Hollywoodland) Bandarísk bíómynd frá 2006 um einkaspæjara sem rannsakar dularfullt lát hasarhetjuleikara í Hollywood. Aðalhlutverk: Adrien Brody, Diane Lane, Ben Affleck og Bob Hoskins. (e)
00.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 The U.S. vs. John Lennon
10.00 Annie
12.05 My Date with Drew
14.00 The U.S. vs. John Lennon
16.00 Annie
18.05 My Date with Drew
20.00 Marie Antoinette Nýstárleg útfærsla á sögu drottningarinnar ungu Marie Antoinette. Aðalhlutverk: Kirsten Dunst.
22.00 Diamonds are Forever
00.00 Letters from Iwo Jima
02.20 Submerged
04.00 Diamonds are Forever
06.00 Wayne's World

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Flintstone krakkarnir, Gulla og grænjaxlarnir, Ruff's Patch og Kalli litli Kanína og vinir.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Tim Gunn's Guide to Style (3:8)
11.05 Chuck (5:22)
11.50 Gossip Girl (11:22)
12.35 Nágrannar
13.00 Wildfire
13.45 La Fea Más Bella (142:300)
14.30 La Fea Más Bella (143:300)
15.20 Ríkið (2:10)
15.55 Barnatími Stöðvar 2 Camp Lazlo, Aðalkötturinn og Kalli litli Kanína og vinir.
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons (6:25)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
▶**19.20 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir með þátt þar sem allt er leyfilegt.
20.00 Wipeout USA
20.50 Logi í beinni Skemmtiþáttur í umsjón Loga Bergmann en hann hefur einstakt lag á að fá vel valda og landsþekkta viðmælendur sína til að sleppa fram af sér beislinu og sýna á sér réttu hliðina - þá skemmtilegu.
21.40 There's Something About Mary Gamanmynd um Ted sem á erfitt með að gleyma hinni þokkafullu Mary sem hann þekkti þegar hann var yngri. Hann ræður einkaspæjara til að hafa uppi á henni en málið flækist heldur betur þegar spæjarinn fellur einnig fyrir Mary.
23.40 Walking Tall 2: The Payback Nick Prescott sem snýr aftur til heimabæjarins þegar faðir hans lögreglustjórinn, lætur lífið í meintu bílslysi sem þykir grunsamlegt. Prescott kemst brátt að því að glæpahringur hefur tekið öll völd í bænum.
01.10 The Time Machine
02.45 Epic Movie
04.15 Wipeout USA
05.00 The Simpsons (6:25)
05.25 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Lille - Liverpool Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
16.30 Juventus - Fulham Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
18.10 Honda Classic Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
19.05 Inside the PGA Tour 2010 Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
▶**19.30 F1 föstudagur** Hitað upp fyrir Formúlu 1 keppni helgarinnar. Skyggnst á bak við tjöldin og rýnt í komandi keppni.
20.00 La Liga Report Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
20.30 Meistaradeild Evrópu: Frétta-þáttur Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
21.00 Ultimate Fighter - Sería 10 Bestu bardagamenn heims etja kappi.
21.50 World Series of Poker 2009 Allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims mæta til leiks.
22.40 Poker After Dark
23.25 Poker After Dark
00.10 UFC Live Events Útsending frá UFC 110.
02.00 Phoenix - L A Lakers Bein útsending frá leik Lakers í NBA körfuboltanum.

SPORT 2 *enski boltinn*

18.40 West Ham - Bolton Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
20.20 Coca Cola mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni.
20.50 Premier League World Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
21.20 Premier League Preview 2009/10 Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
21.50 PL Classic Matches: Tottenham - Southampton, 1999
22.20 PL Classic Matches: Middlesbrough - Man Utd, 1999
22.50 Premier League Preview 2009/10 Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Athyglisverðar viðureignir skoðaðar og viðtöl tekin við þjálfara og leikmenn.
23.20 Arsenal - Burnley Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.30 Game Tíví (7:17) (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
12.00 Game Tíví (7:17) (e)
12.30 Pepsi MAX tónlist
13.35 Samfés 2010 (e)
16.35 What I Like About You (e)
16.55 7th Heaven (18:22)
17.40 Dr. Phil
18.25 One Tree Hill (10:22) (e)
19.05 Still Standing (14:20)
19.30 Fréttir
19.45 Vitundarvika (5:5) Yfirskrift þáttarins í kvöld er: Fjölskyldan.
20.15 Fyndnar fjölskyldumyndir (6:14) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru bæði innlend og erlend myndbrot.
20.40 Rules of Engagement (5:13) Bandarísk gamansería um skrautlegan vinahóp.
▶**21.05 Djúpa laugin** (5:10) Stefnumótaþáttur í beinni útsendingu.
22.05 30 Rock (21:22) (e)
22.30 Leverage (7:15) (e)
23.15 BRIT Awards 2010 (e)
01.00 The L Word (7:12) (e)
01.50 Saturday Night Live (9:24) (e)
02.35 Fréttir (e)
02.50 Vitundarvika (5:5) (e)
03.20 Premier League Poker (10:15)
04.50 Girlfriends (22:24) (e)
05.10 Jay Leno (e)
05.55 Pepsi MAX tónlist

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Heimastjórn ÍNN, Jón Kristinn Snæhólm, Hallur Hallsson og Guðlaugur Þór Þórðarson ræða um það sem er efst á baugi í þjóðfélaginu í dag.
21.00 Eldhús meistaranna Magnús Ingi Magnússon matreiðslumeistari heimsækir eldhús AusturIndiafélagsins.
21.30 Grínland Alvöru íslenskur gamanþáttur í umsjón nemenda Verzlunarskóla Íslands.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00

Wipeout USA

Stöð 2 sýnir bandarísku útgáfuna af þessum stórskemmtilega þætti þar sem buslugangurinn er gjörsamlega botnlaus og glíman við rauðu boltana hefur aldrei verið fyndnari. Ómenguð skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Fyndnar fjölskyldumyndir

SkjárEinn kl. 20.40

Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru bæði innlend og erlend myndbrot, sem kitla hláturtaugarnar og koma öllum í gott skap. Þættinum hafa borist mörg hundruð íslensk myndbrot og eins og áður verða veitt vegleg verðlaun fyrir fyndnasta íslenska myndbrotið. Þórhallur Sigurðsson, hinn eini og sanni Laddi, er kynnir þáttanna.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst
06.50 Bæn
07.03 Víttog breitt
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Óskastundin
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Sagnaslóð
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Á réttri hillu
14.03 Einhver mun minnast vor
15.03 Útvarpssagan: Brúin á Drinu
15.25 Þau völdu Ísland
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Fimm fjórðu
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Söngfuglar
21.10 Hringsól
22.10 Lestur Passíusálma
22.17 Litla flugan
23.00 Kvöldgestir
00.05 Næturtónar

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

2 EXTRA

16.40 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

17.25 Lois and Clark. The New Adventure (3:21)

18.15 Daily Show: Global Edition Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft. Ómissandi þáttur fyrir alla sem vilja vera með á nótunum og líka þá sem einfaldlega kunna að meta góðan og beinskeyttan húmor.

18.40 The Doctors

19.25 Lois and Clark: The New Adventure (3:21)

▶ **20.15 Réttur** (6:6) Leikin íslensk spennuþáttaröð sem gerist í rammíslenskum heimi lagaflækja og glæpa. Söguhetjurnar eru þrír lögmenn sem starfa á lögmannsstofunni Lög og réttur og er Logi Traustason þar fremstur meðal jafningja.

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

21.50 NCIS (10:25) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöttu seríu.

22.35 Fringe Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsakar hún röð dularfullra atvika.

23.20 Breaking Bad (5:7)

00.10 Auddi og Sveppi

00.45 Logi í beinni

01.30 Daily Show: Global Edition

01.55 Fréttir Stöðvar 2

02.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.15 Extras **12.45** My Hero **13.15** My Hero **13.45** Jonathan Creek **14.35** Dalziel and Pascoe **15.25** Lead Balloon **15.55** Extras **16.25** Never Better **16.55** Primeval **17.45** The Weakest Link **18.30** Never Better **19.00** Coupling **19.30** Coupling **20.00** The Mighty Boosh **20.30** Marc Wootton Exposed **21.00** This Is Dom Joly **21.30** The Jonathan Ross Show **22.20** Robin Hood **23.05** Extras **23.35** My Hero

DR 1

12.00 Aftenshowet 2. del **12.30** Seinfeld **12.50** Rygepauser **13.00** Rabatten **13.30** Kongehuset indefra **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie **15.55** Chiro **16.05** Tagkammerater **16.15** Den fortryllede karrusel **16.30** Det kongelige spektakel **16.40** Timmy-tid **16.50** Mr.Clay og hans magiske hat **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** X Factor Afgørelsen **20.55** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **21.40** Kapring i høj fart **23.15** The New Guy

NRK 1

12.10 Urix **12.30** Filmavisen 1959 **12.40** Norge rundt **13.05** V-cup skiskyting **14.45** V-cup skyter **15.45** V-cup hopp **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Forkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.40** Norge rundt **19.05** Lyngbo og Hærlands Big Bang **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Detektimen. Sporlost forsvunnet **22.05** Kveldsnytt **22.20** Etter katastrofen **23.20** To rockestjerner - en scene

SVT 1

12.25 Freestyle. Världscupen Åre **13.30** Skidskytte. Världscupen Kontiolahti **14.40** En tant försvinner **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Plus **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.10** Skavlan **21.10** Bristande bevis **22.50** Sverige! **23.20** Mean Creek

11.-14. mars
Vorsprengja
25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLU
nema **15%** afsláttur
af snyrtivöru

SPILUM SAMAN

Afslátturinn fæst ofan á aðra afslætti og tilboð.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI

SJÓNVARPSÞÁTTURINN



„Það er House. Þetta eru skemmtilegir þættir og mjög fræðandi. Síðan er lúkkið á manninum ekkert síðra.“

Ingibjörg Ragnheiður Egilsdóttir, aðstoðarkona í Nýju útliti á Skjá einum.

Tíu stelpur í sleik í myndbandi Elektru

„Það er rosalega mikið af fallegum konum í myndbandinu,“ segir Nana Alfreðsdóttir, söngkona hljómsveitarinnar Elektra.

Elektra frumsýnir í Þjóðleikhúskjallaranum á laugardaginn myndband við lagið I Don't Do Boys, sem fór í spilun fyrir skömmu. Myndbandið er afar krassandi og skartar tíu stelpum í partíi. „Við förum í gamaldags flöskustút og við töffararnir í Elektru spillum frekar settlegum dömum,“ segir Nana og bætir við að leikurinn hafi endað *vel*. „Þær eru svo penar og prúðar. Okkur finnst alveg fáránlegt að ætla að lifa lífinu ótrúlega góðar alla ævi. Maður verður líka að vera stundum púki og skemmta sér. Það þýðir ekki alltaf að vera góða stelpan.“

Lagið fjallar að sögn Nönu um mjög fallega konu, sem hún syngur til. Myndbandið er því eins konar ýkt útgáfa af laginu. Spurð hvort allar stelpurnar í myndbandinu geti tekið undir titil lagsins segir hún að það sé misjafnt. „Ég held að rúmur helmingur stelpnanna sé „straight“.“

Og var ekkert mál að fá þær til að taka þátt?

„Alls ekki. Við vorum með biðlista,“ segir Nana. „Það voru nokkrar sem duttu út á síðustu stundu – urðu eitthvað hræddar. Þá gátum við valið úr stelpum sem sátu bara og biðu. Þær voru mjög spenntar. Þetta varð fullkominn hópur í lokin.“ **- afb**

ALLT Í SLEIK Biðlisti var af stelpum sem vildu leika í myndbandi hljómsveitarinnar Elektru.



LÁRÉTT
2. margskonar, **6.** í röð, **8.** blaður, **9.** eldsneyti, **11.** sjúkdómur, **12.** keilulaga fyllitæki, **14.** framvegis, **16.** tveir eins, **17.** árkvíslir, **18.** pota, **20.** ætíð, **21.** óhljóð.

LÓÐRÉTT
1. lítið, **3.** tvö þúsund, **4.** alls, **5.** suss, **7.** barningur, **10.** gras, **13.** knæpa, **15.** korn, **16.** kaðall, **19.** rykkorn.

LAUSN
LÓÐRÉTT: **1.** lágt, **3.** mm, **4.** samtals, **5.** uss, **7.** barátta, **10.** sef, **13.** krá, **15.** mais, **16.** tog, **19.** ar.
LÁRÉTT: **2.** ýmsu, **6.** áb, **8.** mas, **9.** gas, **11.** ms, **12.** trekt, **14.** áfram, **16.** tt, **17.** ála, **18.** ota, **20.** sí, **21.** garg.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Halldór Baldursson.
2. Corey Haim.
3. Skautafélag Akureyrar.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON: ÆTLUM AÐ REYNA Á ÞOLMÖRK ÁHORFENDA

FÓSTBRÆÐUR Á LEIKSVIÐ

Grínhópurinn Fóstbræður hertekur stóra svið Borgarleikhússins í mars á næsta ári þegar ný leiksýning úr smiðju hans verður frumsýnd. Upphaflegi hópurinn kemur að þessari uppfærslu en hann samanstendur af Jóni Gnarr, Benedikt Erlingssyni, Sigurjóni Kjartanssyni, Gunnari Jónssyni, Helgu Brögu og Hilmi Snæ Guðnasyni. Benedikt mun hins vegar láta sér nægja að sitja í leikstjórastólnum. Hópurinn hefur þegar hist á nokkrum fundum og er byrjaður að skrifa handrit að sýningunni.

„Já, já, það er verið að draga elliheimilið Fóstbræður á flot,“ segir Fóstbróðirinn Þorsteinn Guðmundsson í samtali við Fréttablaðið. Hann segir þetta hafa verið hugmynd sem hafi verið ansi lengi í fæðingu. „Ég segi ekki að þetta hafi verið einhver draumur sem við höfum gengið með í maganum alveg rosalega lengi heldur meira hugmynd sem kviknaði fyrir langalöngu,“ segir Þorsteinn en það var forsvarsmaður viðburðarfyrirtækisins Bravo, Ísleifur B. Þórhallsson, sem viðraði þetta við hópinn fyrir ári.

Þorsteinn segir sýninguna verða byggða upp á stuttum leiknum atriðum, svokölluðum „sketsum“ líkt og þáttaröðin var. „Við erum bara búnir að átta okkur á því að við erum ekki dauðir úr öllum æðum, það eru alls konar hugmyndir í gangi og það eina sem ég veit er að við ætlum að gera þetta af fullum krafti, það er annaðhvort heimsyfirráð eða dauði,“ segir Þorsteinn og rifjar upp í gamni að fólk hafi nú ekki verið ýkja hrifið af fyrstu þáttum Fóstbræðra. „Nei, síður en svo. Fólk skellti hurðum og hringdi niður á Stöð 2 til að segja upp áskriftinni. Þetta verður eitthvað svipað, við ætlum okkur að reyna á þolmörk áhorfenda. Við værum ekkert Fóstbræður ef við værum ekki smá óþolandi.“

freyrgigja@frettabladid.is

FÓSTBRÆÐRASAGA

Sjónvarpsþættirnir Fóstbræður vöktu mikla athygli þegar þeir voru frumsýndir í október 1997 á Stöð 2. Samkvæmt íslenskri wikipediu-síðu kviknaði hugmyndin að þessum þáttum á Stöð 3 en Stöð 2 keypti réttinn. Alls voru gerðar fimm þáttaraðir. Hilmir Snær lék þó aðeins í þeirri fyrstu en í stað hans kom **Þorsteinn Guðmundsson**. **Gunnar Jónsson, Gussi,** bættist við í þriðju þáttaröð. Óskar Jónasson leikstýrði fyrstu þáttaröðinni en meðal annarra leikstjóra sem komu við sögu má nefna Ragnar Bragason, Sigurjón Kjartansson og Styrmi Sigurðsson. Þættirnir hlutu fern Eddu-verðlaun á sínum tíma en allar þáttaraðirnar voru gefnar út á DVD fyrir tveimur árum.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hrafnkell Stefánsson hefur verið ráðinn til að skrifa handrit eftir bók Stefáns Mána, Ódáðahrauni, sem Saga Film keypti kvikmyndaréttinn að. Hrafnkell varð nýlega ofarlega í alþjóðlegri handritasamkeppni fyrir sjónvarp og hefur unnið náið með kvikmyndagerðarmanninum Ólafi Jóhannessyni. **Ómar Örn Hauksson** hafði verið orðaður við handritið en Hrafnkell hreppti hnossið. Það er Ragnar Agnarsson sem mun leikstýra myndinni.

Og meira af Ragnari því franska sjónvarpsstöðin Kanal Plus hefur keypt sýningarréttinn að stuttmynd hans, Epic Fail. Myndin var tilnefnd til Eddu-verðlaunanna en varð að lúta í lægra haldi fyrir Njálsgötu Ísoldar Uggadóttur. Myndin verður sýnd á sjónvarpsstöðinni á þessu ári en hún nær til flestra frönskumælandi landa í Evrópu. Epic Fail hefur einnig verið valin á Tribeca-kvikmyndahátíðina í New York sem stórleikarinn **Robert De Niro** stofnaði eftir árásirnar á Tvíburaturnana 2001.

Og **Árni Þórarinsson** fékk heldur óvenjulegt boð frá bókmenntatýni Fædrelandsvennen, Knut Holt. Sá skrifar rýni um Tíma nornarinnar eftir Árna. Í niðurlagi dómsins óskar hann eftir því að fá að skála við Árna í íslensku brennivíni, svo hrifinn er hann, enda gefur Holt bókinni fullt hús. Holt segir bókina gefa nokkuð skýra mynd af Íslandi fyrir stóra efnahagshrunið, hún sé full af kjarnyrtum húmor og kennir hana við skóla Raymonds Chandler. Bókin er væntanleg á Spáni og í Svíþjóð og verður forvitnilegt að sjá hvort þarlendir gagnrýnendur vilji sitja að svipuðu sumbli og hinn norski starfsbróðir þeirra. **- fgg**

Krakkajóga

Ný 4. vikna krakkajóganámskeið hefst 15. mars hjá Jóga Stúdíó Stórhöfða 17.

2–5 ára » mánudagar klukkan 16:20–17:00
6–10 ára » miðvikudagar klukkan 16:20–17:00
Skráning í síma 772 1025 og 695 8464

JÓGA Stúdíó
Stórhöfði 17
(gengið inn um Veggsport)

Verð aðeins 5.000 kr.
Nánari upplýsingar á jogastudio.org

Vísnaplöturnar fluttar á svið

„Ég var nú bara að klára að skrifa nóturnar, hef setið sveittur við. Það er gaman að fara í gegnum þetta. Það verða sex í bandinu, svo verður barnakór frá Möggu Pálma, brassband og strengjasveit,“ segir Gunnar Þórðarson um tónleika sem haldnir verða í Húsdýragarðinum 25. apríl kl. 14. Þar verða öll lögin 27 af Vísnabókar-plötunum leikin í fyrsta skipti á sviði. Plöturnar eru meðal helstu perla íslenskrar dægurlagasögu og eru fyrir löngu orðnar sígildar. Fyrri platan, Einu sinni var kom út 1976 og hefur löngum verið talin mest selda plata Íslandssögunnar. Gunnar tók hana upp í London í náinni samvinnu við Tómas Tómason og Björgvin Halldórsson. Seinni platan, Út um græna grundu, kom út ári síðar. Plöturnar hafa lifað með þjóðinni síðan, enda fléttaðist saman á þeim poppgáfa Gunna Þórðar og vísurnar, sem voru skyldulærdómur í grunnskólum. Það má með sanni segja að margar kynslóðir hafi alist upp við þessa tónlist.

Gunnar ætlar að fara nýjar leiðir þegar hann fer með tónlistina á svið. „Björgvin verður ekki með. Ég ætla að fá unga fólkið í þetta. Það verða fjórir söngvarar, þrír karlsöngvarar og ein stelpa, og ég er nú bara að pæla í því núna hvaða fólk þetta verður,“ segir hann.

Tónleikarnir verða lokapunktur Barnamenningarhátíðar í Reykjavík sem hefst mánudaginn 19. apríl. Þess má svo geta að Sena mun bráðlega gefa báðar plöturnar út í kassa. **- drg**

GUNNAR ÞÓRÐARSON Flytur Vísnaplöturnar á sviði í fyrsta skipti.

Nýkomin sending

af sófasettum, stökum sófum, og tungusófum.

model: 625

310x222x79 sm. - Leður: Svart, hvítt & brúnt.

model: 1052

270x200x90 sm. - Leður: Svart, hvítt & brúnt.

model: 601

3ja: 230x95x82 sm. - Stóll: 110x95x82 sm.
3+1+1 / 3+2. Leður: Svart, hvítt & brúnt.

Tvískipt springdýna með sjálfstæðri pokafjöðrun og memory foam

25% afsláttur af A-direct heilsurúmum

A-DIRECT HEILSURÚM

90x200: Verð 159.800,- TILBOÐ 119.850,-
120x200: Verð 198.800,- TILBOÐ 149.150,-
160x200: Verð 224.800,- TILBOÐ 168.600,-
180x200: Verð 249.800,- TILBOÐ 187.350,-

HEIMA HÚSIÐ

heima Ondverja mood lifum

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

Opið virka daga 10-18, lau. 11-16.

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

FRÉTTIR AF FÓLKI

Lostæti í Boston

Íslenskir listamenn og kokkur að nafni Þórarinn Eggertsson hertaka norður-amerísku borgirnar Boston og Toronto á íslenskum lista- og lífsstílshátíðum sem eru á dagskrá í mars. Boston er fyrst á dagskrá en hátíðin þar hófst í gær með mikilli matarveislu sem Þórarinn reiddi fram á veitingastaðnum Rustic Kitchen. Jafnframt gátu áhugasamir farið á íslensku kvikmyndirnar Reykjavík-Rotterdam eftir Óskar Jónasson og Sveitabrúðkaup í leikstjórn **Valdísar Óskarsdóttur**.

Mugison á flakki

Tónlistarmaðurinn Mugison verður á þeytingi í tilefni af þessum hátíðum en hann heldur að minnsta kosti þrenna tónleika í Boston. **Ólöf Arnalds** er einnig með í för og heldur tvenna tónleika en tvíeykið heldur eina tónleika saman á tónleikastaðnum Walpole BBC á sunnudaginn. Mugison heldur síðan til Toronto og leikur fyrir Kanadamenn 19. mars.

Benedikt vítir ritstjóra

Mikið fjör var við afhendingu menningarverðlauna DV í fyrradag. Benedikt Erlingsson tók við leiklistarverðlaunum ásamt félögum sínum úr sýningunni Jesú litla. Benedikt skóf ekkert utan af því í þakkarræðu sinni. Hann hnýtti duglega í DV, sagði að í þjóðfélaginu væru margir smákóngar og einn þeirra væri ritstjórinn Reynir Traustason, sem reynt hefði að mannorðsmyrða mann með lygum. Að lokum tileinkaði hann verðlaunin litla DV-manninum, Jóni Bjarka Magnússyni, og uppskar lófatak sumra en þögn annarra. Reynir hlýddi rólegur á ávirðingarnar við hlið forseta Íslands.

- fgg, sh

Mest lesið VÍSIR.IS

1. Neyðarkall vegna sveltandi barna
2. Íslenskt þjófagengi handtekið á Laugaveginum
3. Annar skjálfti í Chile - 7,2 stig
4. Tanorexíufélagið: Brúnkufíkn ótrúlega víðtækt vandamál
5. Lánastofanir eiga nær 1.500 fasteignir og lóðir

73,8%

23,7%

MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.

Punktar verða að peningum

Félögum í Vildarklúbbi Íslandsbanka gefst tækifæri til að taka Íslandsbankapunktana sína út í peningum til **25. mars**.

Punktana er einnig hægt að leysa út með öðrum hætti allan ársins hring og getur hver félagi valið þá leið sem hentar honum best. Einfalt er að fylgjast með punktastöðunni í Netbanka Íslandsbanka.

Með fjölbreyttum viðskiptum við Íslandsbanka safnar þú punktum án fyrirhafnar.

Skráðu þig í Vildarklúbb Íslandsbanka á **islandsbanki.is**.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 10-0209

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4400

Íslandsbanki